
Hafrannsóknir nr. 182

Nytjastofnar sjávar
2014/2015 og aflahorfur
fiskveiðiárið 2015/2016

State of Marine Stocks in Icelandic
Waters 2014/2015 and Prospects
for the Quota Year 2015/2016

Hafrannsóknastofnun (Marine Research Institute) 2015

Ritstjórn: Þorsteinn Sigurðsson, Árni Magnússon,
Birkir Bárðarson, Jón Sólmundsson og Sigurður Þ. Jónsson.

Þessi skýrsla er unnin í umsjá sérstakrar verkefnisstjórnar um veiðiráðgjöf. Formaður verkefnisstjórnar er Björn Ævarr Steinarsson. Aðrir í verkefnisstjórn eru Árni Magnússon, Ásta Guðmundsdóttir, Einar Hjörleifsson, Einar Jónsson, Guðmundur Þórðarson, Höskuldur Björnsson og Þorsteinn Sigurðsson. Eftirtaldir sérfræðingar hafa einnig unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að gerð skýrslunnar: Ásgeir Gunnarsson, Ástþór Gíslason, Birkir Bárðarson, Gísli A. Víkingsson, Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur J. Óskarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Héðinn Valdimarsson, Ingibjörg G. Jónsdóttir, James Kennedy, Jón Sólmundsson, Jónas P. Jónasson, Jónbjörn Pálsson, Kristján Kristinsson, Sigurður Þ. Jónsson og Þorvaldur Gunnlaugsson. Myndlistarmanninum Jóni Baldri Hlíðberg eru þökkuð afnot af teikningum í skýrslunni.

Tilvísun í þessa skýrslu:

Hafrannsóknastofnun. 2015. Nytjastofnar sjávar 2014/2015 og aflahorfur fiskveiðiárið 2015/2016. Hafrannsóknir 182. 217 s.

Recommended format of citation:

Marine Research Institute. 2015. State of Marine Stocks in Icelandic Waters 2014/2015 and Prospects for the Quota Year 2015/2016. Marine Research in Iceland 182. 217 pp.

<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-182.pdf>

Efnisyfirlit *Contents*

Formáli (<i>Foreword</i>)	5
Ágrip (<i>Summary in Icelandic</i>)	7
1 Umhverfiþættir (<i>Environmental conditions</i>)	15
2 Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>)	19
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>)	19
2.2 Ýsa (<i>Haddock</i>)	26
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>)	31
2.4 Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>)	36
2.5 Djúpkarfi (<i>Beaked redfish</i>)	40
2.6 Litli karfi (<i>Norway redfish</i>)	47
2.7 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	49
2.8 Lúða (<i>Halibut</i>)	52
2.9 Skarkoli (<i>Plaice</i>)	54
2.10 Sandkoli (<i>Dab</i>)	57
2.11 Skrápflúra (<i>Long rough dab</i>)	60
2.12 Langlúra (<i>Witch</i>)	63
2.13 Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	66
2.14 Stórkjafta (<i>Megrim</i>)	68
2.15 Steinbítur (<i>Atlantic wolffish</i>)	69
2.16 Hlýri (<i>Spotted wolffish</i>)	72
2.17 Blálanga (<i>Blue ling</i>)	74
2.18 Langa (<i>Ling</i>)	77
2.19 Keila (<i>Tusk</i>)	80
2.20 Lýsa (<i>Whiting</i>)	83
2.21 Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	85
2.22 Hrognkelsi (<i>Lumpfish</i>)	87
2.23 Síld (<i>Herring</i>)	90
2.24 Loðna (<i>Capelin</i>)	95
2.25 Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	99
2.26 Makrill (<i>Mackerel</i>)	101
2.27 Norræna gullepla (<i>Pearlside</i>)	104
2.28 Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>)	105
2.29 Humar (<i>Nephrops</i>)	107
2.30 Rækja (<i>Northern shrimp</i>)	110
2.31 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	117
2.32 Kúfskel (<i>Ocean quahog</i>)	119
2.33 Beitukóngur (<i>Common whelk</i>)	120
2.34 Sæbjúga (<i>Sea cucumber</i>)	121
2.35 Ígulker (<i>Sea urchin</i>)	123
2.36 Hvalir (<i>Whales</i>)	124
2.37 Selir (<i>Seals</i>)	128
3 Töflur (<i>Tables</i>)	131
4 English summary	205
5 Viðaukar (<i>Appendices</i>)	211

Formáli

Í þessari skýrslu um ástand nytjastofna fiskveiðiárið 2014/2015 á Íslandsmiðum og aflahorfur 2015/2016 er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand nytjastofna, þróun veiða, stofnstærð og tillögur um hámarksafla, sem miðast við áætlað veiðipól þeirra og varúðarsjónarmið þar sem það á við. Jafnframt eru í skýrslunni kaflar um stofna sem Íslendingar nýta í samvinnu við aðrar þjóðir. Í byrjun skýrslu er að finna stuttan kafla um mikilvæga umhverfisþætti og áhrif þeirra á lífríki sjávar.

Að vanda byggir skýrslan á framlagi fjölmargra starfsmanna Hafrannsóknastofnunar og samstarfsaðila hennar á sjó og landi sem hér með er þakkað mikið og vel unnið starf. Eins og jafnan hefur einnig verið fjallað um flesta mikilvægustu fiskistofnana við landið í vinnunefndum og Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og er lesendum sérstaklega bent á vefslóðina www.ices.dk þar sem finna má ítarlegt efni um þessa stofna.

Samhliða útgáfu skýrslunnar í ár er nú kynnt til sögunnar Gagnaveita Hafrannsóknastofnunar (data.hafro.is) sem er öllum opin. Þar má finna allar töflur í skýrslunni og fljótlega eftir útgáfudag bætast við þau gagnasett sem liggja að baki myndum. Hugmyndin er að auka aðgengi að tölulegu efni um nytjastofna á Íslandsmiðum, á formi sem býður upp á nánari skoðun og greiningu, t.d. í töflureikni, tölfræðiforriti eða vefþjónustu. Leiðbeiningar og dálkanöfn eru á ensku til að erlendir aðilar geti einnig nýtt sér gagnaveituna.

Formleg mótun nýtingarstefnu og setning aflareglu (aðferð við ákvörðun aflamarks) til nokkurra ára eru lykilþættir við stjórn fiskveiða sem gerðar eru nú kröfur um á alþjóðavettvangi. Í því felst að á grundvelli veiðuupplýsinga, stofnmælinga og þekkingar á líffræði tegundanna eru prófaðar aflareglur eftir viðurkenndum aðferðum með sjálfbærni veiða og hámarksafrakstur auðlindarinnar að leiðarljósi. Það er fagnaðarefni að stigin hafi verið markviss skref í þessa veru á síðustu árum. Um skeið hafa verið í gildi samþykktar aflareglur fyrir þorsk, ýsu og ufsa á Íslandsmiðum sem sérfræðinganefndir ICES höfðu formlega staðfest að stæðust alþjóðleg varúðarsjónarmið og væru í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og hámarksafrakstur til lengri tíma lítið.

Árið 2014 ákváðu stjórnvöld að veiðar úr gullkarfastofninum yrðu ákvarðaðar á grundvelli aflareglu og nú á vormánuðum var jafnframt ákveðið að veiðar úr loðnustofninum yrðu ákveðnar á grundvelli ofangreindra viðmiða. Aflareglan fyrir loðnu leiðbeinir um ákvörðun upphafsafmarks og setningu endanlegs aflamarks þannig að yfirgnæfandi líkur eru á að hrygningarstofninn haldist ofan skilgreindra varúðarmarkna þegar hrygning hefst.

Veiðum úr mörgum mikilvægustu nytjastofnum okkar er því nú stýrt á grundvelli aflareglna sem hafa verið prófaðar af ICES og standast alþjóðleg varúðarsjónarmið. Mikilvægt er að formleg nýtingastefna og aflareglur verði mótaðar fyrir fleiri tegundir, svo sem fyrir sumargotssíld, steinbít, löngu og keilu þar sem fyrir liggur vinna sem hægt er að byggja á.

Í formála skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand fiskistofna fyrir áratug síðan segir meðal annars að „þrátt fyrir að hrygningarstofn þorsks hafi verið nokkuð að styrkjast undanfarið er ástand þorskstofnsins enn áhyggjuefni. Án aðgerða er ekki að vænta þess að breyting verði þar á í náninni framtíð. Flestir uppvaxandi árgangar þorsks eru nú verulega undir langtíma meðaltali að stærð, sem setur skorður við mögulegri aukningu heildarafla næstu árin. Ástæða er til að rifja upp útrekaðar viðvaranir Hafrannsóknastofnunarinnar síðasta aldarfjórðunginn um þá hættu sem af því gæti skapast ef hrygningarstofn þorsks færi niður fyrir tiltekin mörk, þar sem slíkt gæti varanlega skaðað endurnýjunargetu stofnsins“. Þessi orð eru rifjuð upp hér til að minna á mikilvægi hóflegar nýtingarstefnu, en jafnframt til að benda á að verulegur árangur hefur náðst á undanförunum áratug í uppbyggingu stofnsins.

Fyrir 10 árum voru varnaðarorðin sterk og lagði Hafrannsóknastofnun ríka áherslu á að aflareglu sem þá var í gildi yrði breytt og veiðihlutfall lækkað í 20%, í samræmi við

niðurstöðu nefndar sjávarútvegsráðherra um langtímanýtingu fiskistofna frá apríl 2004. Var aflareglunni breytt frá fiskveiðiárinu 2007/2008 og dregið verulega úr veiðihlutfalli frá því sem áður hafði verið. Sú breyting má segja að hafi kostað skammtíma fórnir, en á undanförunum árum hefur ávinningur þeirra aðgerða bersýnilega verið að koma í ljós. Samkvæmt stofnmati er viðmiðunarstofninn nú metinn um 1300 þúsund tonn og hrygningarstofninn 547 þúsund tonn og hefur verið stöðugur vöxtur í stofninum frá árinu 2007. Hrygningarstofninn er nú þrefalt stærri en þegar hann var í lágmarki 1992–1994 og viðmiðunarstofninn stærri en hann hefur verið undanfarna þrjá áratugi. Aflamark samkvæmt aflareglu á komandi fiskveiðiári verður 239 þúsund tonn og hefur nær tvöfaldast frá fiskveiðiárinu 2007/2008. Þessi árangur sýnir hversu mikilvæg skref voru tekin með lækkuðu veiðihlutfalli árið 2007 og formlegri endurskoðun aflareglu árið 2009 á grundvelli langtíma markmiða um skynsamlega nýtingu þorsstofnsins.

Í byrjun árs 2015 fór fram fundur sérfræðinga á vegum ICES um stofnmat og aflareglu fyrir þorsstofninn, m.a. til að meta árangur af gildandi aflareglu. Niðurstaðan var sú að til að uppfylla skilyrði um varúðarsjónarmið og hámarksafrakstur væri rétt að halda 20% veiðihlutfallinu óbreyttu til næstu 5 ára. Að beiðni starfshóps stjórnvalda um langtímanýtingu fiskistofna, gerðu sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar ýmsar viðbótar prófanir á fyrri hluta þessa árs, m.a. til að kanna hvort skynsamlegt gæti verið að hafa breytilegt veiðihlutfall eftir stærð þorsstofnsins. Á grundvelli þessa liggur nú fyrir tillaga starfshópsins til sjávarútvegsráðherra um að stjórn þorsveiðanna næstu 5 árin miðist áfram við núgildandi aflareglu.

Margir af okkar nytjastofnum eru í ágætu jafnvægi og nýting þeirra hófleg, svo breytingar í stofnstærð og ráðgjöf markast af óvissu í stofnmati og stærð uppvaxandi árganga. Nú eru horfur á að árgangur 2014 í ýsu og þorski séu yfir meðallagi, en lengi hefur nýliðun ýsunnar verið slök. Það hefur vakið athygli hversu nýliðun margra hlýsjávarstofna hefur minnkað á undanförunum árum. Þannig eru versnandi horfur í keilu, löngu, blálöngu, skötusel, langlúru, humri og fleiri tegundum sem að mestu halda sig í hlýjum sjó við suður- og vesturströndina. Þá eru sterkar vísbendingar um að nýliðun í síldarstofninn sé afar léleg og leiðir til lakkandi tillögu um aflamark á komandi vertíð. Ástæður fyrir þessari neikvæðu þróun í nýliðun margra stofna eru ekki þekktar en nærtækast er að leita skýringa í breyttum umhverfisskilyrðum í hafinu við Ísland síðastliðin 10–15 ár.

Á þessu vori og liðnum vetri hefur hins vegar borið á vísbendingum um kólnandi skilyrði í hafinu. Þó of snemmt sé að spá um framhaldið í þessum efnum, kann bráðlega að verða hlé á hlýskilyrðum í sjónum við landið. Mikilvægt er því nú sem aldrei fyrr að fylgjast náið með framvindu ástands sjávar í kringum landið til að hægt verði að skýra breytingar í nýliðun, auk þess sem sveiflur í hitastigi og hafstraumum hafa afgerandi áhrif á göngur fiskistofna, ekki síst uppsjávarstofnanna.

Reykjavík, 11. júní 2015

Jóhann Sigurjónsson

Ágrip af skýrslu Hafrannsóknastofnunar um nytjastofna sjávar 2014/2015 og aflahorfur fiskveiðiárið 2015/2016

2.1 Þorskur

Þorskafla árið 2014 var 221 þús. tonn samanborið við 223 þús. tonn árið 2013. Aflamark fyrir fiskveiðiárið 2014/2015, byggt á aflareglu, er 218 þús. tonn.

Heildarvísitala í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) hefur hækkað mikið undanfarin ár og er síðustu fjögur ár í sögulegu hámarki. Meðalþyngd í SMB og í afla hefur aukist undanfarin ár og er nú nálægt meðaltalinu frá 1985.

Samkvæmt stofnmati er viðmiðunarstofninn árið 2015 metinn 1302 þús. tonn og hrygningarstofninn 547 þús. tonn. Hrygningarstofninn er nú þrefalt stærri en þegar hann var í lágmarki 1992–1994 og viðmiðunarstofninn stærri en hann hefur verið undanfarna þrjá áratugi. Á síðasta áratug hefur veiðihlutfallið minnkað úr 34–40% í um 20% og veiðidánartalan úr rúmum 0.7 árið 2000 í um 0.3 árið 2014.

Meðalstærð árganga 2006–2011, sem nú eru uppistaðan í stofninum, er um 150 milljónir þriggja ára nýliða. Það er 85% af meðaltali árganga 1955–2012 sem er 176 milljónir. Árgangur 2012 er metinn 160 milljónir og árgangur 2013 er metinn slakur eða 115 milljónir. Fyrsta mat á 2014 árganginum bendir til að hann sé nokkuð yfir meðaltali.

Þar sem nýliðun á undangengnum áratug hefur verið nokkuð undir meðallagi, er stækkun stofnsins á undanförunum árum afleiðing minni sóknar. Ef aflareglunni er fylgt eru líkur á að affi haldist svipaður á komandi árum. Meiri afla er ekki hægt að búast við nema nýliðun batni.

Samkvæmt gildandi aflareglu verður aflamark 239 þús. tonn á fiskveiðiarinu 2015/2016. Hafrannsóknastofnun ítrekar að við úthlutun aflahlutdeildar sé tekið fullt mið af væntanlegum afla utan aflamarks.

2.2 Ýsa

Ýsuafinn á árinu 2014 var 34 þús. tonn samanborið við 44 þús. tonn árið 2013. Aflamark fiskveiðisins 2014/2015, byggt á aflareglu, var 30 400 tonn.

Samkvæmt aflareglu er aflamark næsta fiskveiðisárs 40% af áætluðum lífmassa 45 cm og stærri ýsu (viðmiðunarstofn) í upphafi næsta almanaksárs. Ef hrygningarstofn fer undir gátmörk (45 þús. tonn) er veiðihlutfallið lækkað. Viðmiðunarstofninn er að meðaltali álíka stór

og hrygningarstofn, en ekki háður sveiflum í kynþroskahlutfalli sem myndu leiða til meiri breytileika í aflamarki.

Á árunum 2010–2015 minnkaði ýsustofninn, því flestir árgangar sem bættust í stofninn voru litlir. Lítið veiðialag leiddi þó til þess að minnkun stofnsins var ekki mjög hröð. Árgangur 2007 er stór og hefur verið uppistaða aflans undanfarin ár. Árgangar 2008–2013 eru allir metnir litlir en fyrstu vísbendingar um árgang 2014 eru að hann sé stór.

Vöxtur var mjög hægur á árunum 2004–2009 en vaxtarhraði hefur aukist eftir það. Vöxtur 2014 var yfir meðaltali árána 1985–2013. Þyngd eftir aldri er nálægt meðaltali hjá árgöngum 2007 og eldri, en yfir meðaltali hjá litlu árgöngunum frá 2008–2013.

Stofnstærð þriggja ára og eldri ýsu í upphafi árs 2015 er nú metin 112 þús. tonn og hrygningarstofn 78 þús. tonn. Er stofninn stærri en gert var ráð fyrir í stofnmati ársins 2014, mest vegna þess að meðalþyngdir árið 2014 voru hærri en gert var ráð fyrir. Árgangar 2008–2013 eru að meðaltali aðeins um 28 milljónir nýliða sem svarar til um 24 þús. tonna afla úr hverjum þeirra.

Samkvæmt stofnmati gefur aflareglan 36 400 tonna aflamark fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

2.3 Ufsi

Ufsaafinn árið 2014 var 46 þús. tonn samanborið við 58 þús. tonn árið 2013. Aflamark fyrir fiskveiðiárið 2014/2015, byggt á aflareglu, er 58 þús. tonn.

Meðalþyngdir í afla hafa farið lækandi hjá 4–6 ára ufsa en eru í meðallagi hjá öðrum aldursflokkum. Heildarvísitala úr SMB var há árin 2012–2013, en lægri árin 2014–2015. Viðmiðunarstofn ufsa fjögurra ára og eldri í ársbyrjun 2015 er metinn 255 þús. tonn og veiðihlutfall ársins 2014 er metið 18%. Árgangar 2008 og 2009 eru yfir meðallagi, en nýliðun hefur verið minni eftir það. Framreikningar benda til að viðmiðunarstofninn í ársbyrjun 2016 verði um 238 þús. tonn.

Samkvæmt gildandi aflareglu verður aflamark 55 þús. tonn á fiskveiðiarinu 2015/2016.

2.4 Gullkarfi

Gullkarfi við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talinn af sama stofni. Afli gullkarfa á svæðinu var tæp 51 þús. tonn árið 2014 sem er 2500 tonna minnkun frá árinu áður. Afli á Íslandsmiðum árið 2014 var tæp 48 þús. tonn en var 51 þús. tonn árið 2013.

Samkvæmt stofnmati hefur fiskveiðidauði undanfarin ár verið nálægt því sem gefur hámarksafkrastur til lengri tíma ($F_{MSY,9-19} = 0.097$). Hrygningarstofninn hefur stækkað hratt undanfarinn áratug og er nú svipaður og hann var um 1985. Árgangar frá árunum 1996–2004 eru metnir stórir, en vísbendingar eru um að nýliðun hafi verið léleg við Ísland og Austur-Grænland undanfarin ár.

Íslensk stjórnvöld hafa nú tekið upp formlega nýtingarstefnu við gullkarfaveiðar. Aflareglan miðast við svæðið Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar og eiga grænlandsk og færeysk stjórnvöld eftir að staðfesta aflaregluna. Samkvæmt stofnmati gefur aflaregla 51 þús. tonn á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar á fiskveiðiarinu 2015/2016. Sú sókn leiðir til afla sem er nálægt hámarksafkrastri úr stofninum.

2.5 Djúpkarfi og úthafskarfi

Alls voru veidd 9500 tonn af **djúpkarfa í landgrunnshlíðum Íslands** árið 2014 sem er um 700 tonnum meiri afli en árið 2013. Ráðgjöf fyrir stofninn byggist á þróun hans samkvæmt stofnmælingu botnfiska að hausti (SMH) sem sýnir að veiðistofninn hefur minnkað á tímabilinu 2000–2014. Hafrannsóknastofnun og ICES leggja til að djúpkarfaafli í landgrunnshlíðum Íslands á fiskveiðiarinu 2015/2016 fari ekki yfir 10 þús. tonn.

Efri stofn úthafskarfa hefur að mestu veiðst suður og suðaustur af Grænlandi. Afli var rúm 6300 tonn á árinu 2014 og að mestu veiddur af Rússum suður af Hvarfi. Árlegur afli fór mest í um 100 þús. tonn á árunum 1993–1995. Vegna mjög neikvæðrar þróunar stofnstærðar hefur ICES ráðlagt að engar beinar veiðar verði stundaðar úr efri stofni úthafskarfa.

Veiðisvæði **neðri stofns úthafskarfa** er að mestu vestan við Reykjanes hrygg, við lögsögumörk Íslands og Grænlands og innan þeirrar íslensku. Skráður afli allra veiðipjóða var áætlaður tæp 24 þús. tonn árið 2014, samanborið við 46 þús. tonn árið 2013 og 75–140 þús. tonn árin 1995–2004. Er þetta minnsti afli síðan árið 1993 þegar veiðarnar voru að hefjast. Afli Íslendinga árið 2014 var rúmlega 2000 tonn og er þetta minnsti afli frá upphafi.

ICES mun í október 2015 veita ráðgjöf um veiðar á stofnum úthafskarfa fyrir árið

2016. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð úthafskarfa í leiðangri Íslendinga og Þjóðverja sem fram fer í júní–júlí 2015.

2.6 Litli karfi

Beinar veiðar á litla karfa hófust árið 1997 og var afliinn það ár tæp 1200 tonn en minnkaði hratt til ársins 2000. Frá þeim tíma og allt til ársins 2009 var afliinn óverulegur. Veiðar hófust að nýju árið 2010 og var afliinn um 2600 tonn, en hefur minnkað síðan og var árlegur afli síðustu þrjú ár rúm 500 tonn. Í varúðarskygni leggur Hafrannsóknastofnun til að sókn verði takmörkuð og að afli fiskveiðiaríð 2015/2016 fari ekki yfir 1500 tonn.

2.7 Grálúða

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni. Heildarafli grálúðu á þessu svæði var rúm 21 þús. tonn árið 2014 og var hlutdeild Íslendinga tæp 10 þús. tonn. Afli á sóknareiningu á Íslandsmiðum hefur aukist lítillega frá sögulegu lágmarki árið 2005. Stofnvísitala grálúðu við Grænland og Ísland hefur hækkað undanfarin ár og er nú nálægt því sem hún var árin 1998–2001. ICES og Hafrannsóknastofnun leggja til að aflamark í grálúðu miðist við þá sókn sem gefur hámarksafkrastur til lengri tíma lítið. Sú sókn samsvarar því að heildarafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fari ekki yfir 22 þús. tonn fiskveiðiaríð 2015/2016.

2.8 Lúða

Í ársbyrjun 2012 tók gildi reglugerð sem bannar beinar lúðuveiðar og kveður á um að allri lífvænlegri lúðu skuli sleppt, sama í hvaða veiðarfæri hún er veidd. Síðan hefur landaður lúðuafli á Íslandsmiðum verið mjög lítill og var einungis 45 tonn árið 2014. Lúða hefur aðallega veiðst sem meðafli við aðrar veiðar, en á árunum fyrir 2012 var aukning á beinni sókn með línu. Vísitölur úr SMB hafa lækkað mikið á seinni árum og virðist ástand lúðustofnsins vera afar slæmt. Engar vísbendingar eru um aukna nýliðun í hrygningarstofninn á næstu árum. Hafrannsóknastofnun leggur til að umrædd reglugerð verði í gildi þar til merki sjást um verulegan bata í stofninum.

2.9 Skarkoli

Skarkolaafliinn árið 2014 var um 6000 tonn. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars hafa verið tiltölulega stöðugar undanfarin ár. Vísbendingar eru um að stofnstærð sé vaxandi og fiskveiðidánartala hafi lækkað umtalsvert á síðustu árum. Afli á sóknareiningu hefur

farið vaxandi frá 2003. Hafrannsóknastofnun leggur til að affi fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 6 500 tonn. Auk þess leggur stofnunin til áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum við suður-, suðvestur- og vesturströndina á hrygningartíma.

2.10 Sandkoli

Landaður sandkolaaffi var mestur árin 1996 og 1997 eða tæp 8 000 tonn en hefur minnkað síðan og var rúm 500 tonn árið 2014. Vísitala sandkola í stofnmælingu botnfiska í mars lækkaði umtalsvert í ár og vísitala ungfisks einnig. Hafrannsóknastofnun leggur til að sandkolaaffi fiskveiðiárið 2015/2016 á skilgreindu aflamarkssvæði, sem nær frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi, fari ekki yfir 500 tonn.

2.11 Skrápflúra

Árið 2014 var landaður skrápflúruaffi einungis um 70 tonn en var mestur 6 400 tonn árið 1996. Vísitala veiðistofns og affi á sóknareiningu hafa verið við sögulegt lágmark síðustu ár og beinar veiðar ekki arðbærar. Í ljósi þess að skrápflúra veiðist nú fyrst og fremst sem meðaffi og landaður affi er lítilt leggur Hafrannsóknastofnun ekki fram tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2015/2016. Vegna bágs ástands stofnsins leggur stofnunin til að helstu hrygningarsvæðum skrápflúru verði lokað á hrygningartíma.

2.12 Langlúra

Frá árinu 1988 hefur langlúruaffi verið á bilinu 900–3 000 tonn og var aflinn tæplega 1 200 tonn árið 2014. Vísitala veiðistofns í humarleiðangri náði hámarki árið 2005, lækkaði síðan til ársins 2008 en hefur verið stöðug síðan. Affi á sóknareiningu meira en tvöfaldaðist árin 1998–2006, minnkaði síðan til ársins 2010 en hefur aukist undanfarin tvö ár samfara minnkandi sókn. Þrátt fyrir að stærð veiðistofnsins hafi mælst stöðug síðustu ár, bendir slök nýliðun til að hann muni minnka á næstu árum. Hafrannsóknastofnun leggur til að affi langlúru á fiskveiðiarinu 2015/2016 fari ekki yfir 1 100 tonn.

2.13 Þykkvalúra

Árið 2014 var þykkvalúruaflinn 1 200 tonn. Affi á sóknareiningu hefur meira en tvöfaldað frá því sem hann var 1993–1998. Vísitala veiðistofns var há á árunum 2003–2010, en hefur farið lækandi á síðustu árum. Nýliðun virðist hafa verið góð undanfarin ár. Stofnmat bendir til þess að veiðidánartölur séu háar. Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksafl þykkvalúru fiskveiðiárið 2015/2016 verði 1 300 tonn.

2.14 Stórkjafta

Stórkjafta veiðist sem meðaffi, einkum í dragnót og humarvörpu. Landaður affi árið 2014 var 340 tonn. Lítið er vitað um stofnstærð og veiðipól stórkjöftu. Hafrannsóknastofnun gerir ekki tillögu um hámarksafla stórkjöftu fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

2.15 Steinbítur

Steinbítaffli á árinu 2014 var um 7 300 tonn, sem er minnsti ársaffi síðan fyrir 1950. Vísitala veiðistofns steinbíts er yfir meðaltali en nýliðunarvísitala er í sögulegu lágmarki. Samkvæmt stofnmati hefur veiðistofninn farið minnkandi frá árinu 2006 og fyrirséð lítil stækkun stofnsins á komandi árum sökum slakrar nýliðunar. Hafrannsóknastofnun leggur til að steinbítaflinn miðist við þá veiðidánartölu sem gefur hámarksaflastur og samsvavarar 8 200 tonna hámarksafla á fiskveiðiárinu 2015/2016. Einnig ítrekar stofnunin fyrri ráðgjöf um að steinbítur á hrygningar-slóð á Látragrundi verði friðaður á hrygningar- og klaktíma.

2.16 Hlýri

Hlýraaffi á árinu 2014 var um 1 900 tonn. Meðalaffinn var rúm 900 tonn á árunum 1982–1997 en hefur aukist í um 2 300 tonn eftir 1997. Vísitölur nýliðunar, stofnstærðar og veiðistofns eru í sögulegu lágmarki og vísitala veiðihlutfalls er þrefalt hærri en hún var á árunum 1985–1997. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar miðar að því að lækka veiðihlutfallið niður í helming af meðaltali árána 2000–2013 og leggur til að hámarksafl hlýra á fiskveiðiarinu 2015/2016 verði 900 tonn.

2.17 Blálanga

Blálönguaffi árið 2014 var um 1 700 tonn. Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga stækkaði blálöngustofninn mikið á árunum 2005–2010 en mælingar 2012–2014 benda til að stofninn fari nú minnkandi. Nýliðunarvísitala hefur verið mjög lág undanfarin ár og því mun stofninn minnka enn frekar á næstu árum. Hafrannsóknastofnun leggur til að affi á komandi fiskveiðiarinu fari ekki yfir 2 550 tonn. Sá affi mun vera nálægt því nýtingarhlutfalli sem var á árunum 2002–2009 þegar stofninn stækkaði. Jafnframt leggur stofnunin til að þekktum hrygningarsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hrygningartíma.

2.18 Langa

Lönguaffi ársins 2014 var rúm 14 þús. tonn og hefur aflinn aukist nokkuð stöðugt frá árinu 2001. Vísitala veiðistofns hefur á árunum

2007–2015 verið há í sögulegu samhengi en nýliðunarvísitala verið lág síðastliðin þrjú ár. Niðurstöður stofnmats sýna að stofninn hefur stækkað mikið á undanförunum árum og fiskveiðidánartala lækkað mikið á sama tíma, og var hún við kjörsókn árið 2014. Lítil nýliðun mun í náninni framtíð leiða til minni stofnstærðar og afla. Hafrannsóknastofnun og ICES leggja til að lönguafinn fiskveiðiárið 2015/2016 miðist við kjörsókn (F_{MSY}) og fari ekki yfir 16 200 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem að meðaltali hefur verið 1 500 tonn á undanförunum tveimur árum.

2.19 Keila

Keiluaflinn árið 2014 var um 6 000 tonn, að mestu veiddur á línu. Vísitala veiðistofns hækkaði umtalsvert á árunum 2001–2012, en hefur sveiflast undanfarin þrjú ár. Vísitala ungfisks lækkaði mikið frá 2007 til 2013 en virðist nú aftur fara hækkandi.

Hafrannsóknastofnun leggur til að heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2015/2016 fari ekki yfir 3 440 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa, sem hefur að jafnaði verið um fjórðungur aflans á undanförunum árum. Ráðgjöfin miðar að því að hámarka afrakstur til lengri tíma litið. Jafnframt er lagt til áframhaldandi veiðibann á uppvaxtarsvæðum við Suðaustur- og Suðurland til verndar smákeilu.

2.20 Lýsa

Árið 2014 var lýsuafli um 900 tonn og hefur farið minnkandi síðustu þrjú ár. Lýsa var lengst af meðafli, en nokkur togskip hafa um árabíl sótt beint í lýsu á hrygningarslóð hennar, síðla vetrar og á vorin. Vísitala veiðistofns hefur farið lækkandi síðan 2005. Nýliðunarvísitölur voru yfir meðallagi 2008 og 2015, en mjög lágar á árunum þar á milli. Hafrannsóknastofnun gerir ekki tillögu um hámarksafla lýsu fiskveiðiárið 2015/2016 en ljóst er að stofninn hefur farið minnkandi síðustu ár.

2.21 Skötuselur

Skötuselsaflinn árið 2014 var tæp 1 200 tonn og hefur farið minnkandi frá árinu 2009. Niðurstöður úr stofnmælingum og afli á sóknar-einingu benda til að veiðistofninn hafi verið stór, enda nýliðun mjög góð, frá 1998–2007. Nýliðun undanfarinna sjö ára mælist verulega minni. Veiðistofn skötusels er enn nokkuð stór, en vegna slakrar nýliðunar má ætla að hann minnki á næstu árum. Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksafla skötusels fiskveiðiárið 2015/2016 verði 1 000 tonn.

2.22 Hrognkelsi

Á árinu 2014 veiddust riflega 4 000 tonn af grásleppu við Ísland, sem er 1 500 tonnum minna en meðaltal árunna 1971–2014. Sókn hefur minnkað og leyfum hefur fækkað undanfarin tvö ár.

Grundvöllur ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar er að halda vísitölu veiðihlutfalls innan við meðaltal viðmiðunartímabilsins 1985–2011. Ráðgjöfinni er tvískipt: Í þessari skýrslu er lagt til upphafsafلامark byggt á þyngdarvísitölu grásleppu í stofnmælingu í mars 2015, en lokatillaga um hámarksafla verður gefin út að lokinni stofnmælingu á sama tíma að ári og verður byggt á þyngdarvísitölum grásleppu 2015 og 2016.

Hafrannsóknastofnun leggur til upphafsafلامark á fiskveiðiárinu 2015/2016 verði 2 040 tonn. Þá leggur stofnunin til að áhersla verði lögð á skráningu meðafla og eftirlit með brottkasti við grásleppuveiðar.

2.23 Síld

Á vertíðinni 2014/2015 var affi úr stofni **íslensku sumargotssíldarinnar** um 95 þús. tonn, en úthlutað aflamark var 83 þús. tonn. Mismunurinn skýrist af tilfærslum á aflaheimildum milli ára. Meginhluti stofnsins hafði ekki lengur vetursetu í Breiðafirði heldur hélt sig djúpt í Kolluál. Hrygningarstofninn árið 2015 er metinn 342 þús. tonn eða töluvert minni en gert var ráð fyrir í úttekt ársins 2014. Mjög lítil 2011 árgangur sem er að ganga inn í hrygningarstofninn er megin ástæða lækkunar milli ára. Sem fyrr leggur Hafrannsóknastofnun til að aflinn verði miðaður við kjörsókn ($F_{0.1}$) og að hámarksafla fiskveiðiárið 2015/2016 verði 71 þús. tonn.

Árið 2014 veiddu Íslendingar tæp 59 þús. tonn úr **norsk-íslenska síldarstofninum** og heildarveiði allra þjóða er áætluð um 437 þús. tonn, sem er 18 þús. tonn umfram ráðgjöf ICES. Þar sem hrygningarstofninn árið 2015 er metinn undir gátmörkum skal skv. aflareglu lækka veiðihlutfallið. Fyrir árið 2015 hefur ICES því lagt til að hámarksafla verði 283 þús. tonn sem samsvarar fiskveiðidánartölu nálægt 0.08. Aflamark íslenskra skipa árið 2015 er um 41 þús. tonn, en ekki er samstaða allra strandríkja um skiptingu aflaheimilda og því líklegt að heildarafla árið 2015 verði umfram ráðgjöf ICES, líkt og síðustu tvö ár. ICES veitir ráðgjöf um hámarksafla fyrir árið 2016 í október 2015.

2.24 Loðna

Endanlegt aflamark loðnu vertíðina 2014/2015 var 580 þús. tonn. Heildaraflinn á vertíðinni var 517 þús. tonn en þar af veiddu íslensk skip 354 þús. tonn. Loðnuvertíðin 2015/2016 mun byggjast á árgöngunum frá 2012 og 2013. Um 60 milljarðar ókynþroska fiska af þessum árgöngum mældust haustið 2014. Hafrannsóknastofnun leggur samkvæmt nýrri aflareglu til að upphafsflamark verði 54 þús. tonn. Ráðgjöfin verður endurskoðuð að loknum mælingum á stofninum haustið/veturinn 2015/2016. Hafrannsóknastofnun leggur jafnframt til að haustveiðar hefjist ekki fyrr en í október að loknum aðalvaxtartíma loðnunnar.

2.25 Kolmunni

Árið 2014 veiddu Íslendingar rúmlega 180 þús. tonn af kolmunna. Heildaraflinn í Norðaustur-Atlantshafi er talinn hafa verið um 1,2 milljónir tonna. Nýliðun var léleg úr árgöngunum frá 2005–2008 sem leiddi til minnkunar hrygningarstofns. Nýliðun hefur verið nálægt langtíma meðaltali síðan þá og hefur það ásamt minni sókn leitt til stækkunar hrygningarstofnsins. Hann er metinn um 5,7 milljónir tonna árið 2015, saman borið við 2,9 milljónir tonna árið 2009. ICES lagði til að hámarksaflinn árið 2015 yrði 840 þús. tonn. Ekki er samkomulag meðal strandríkja um nýtingarstefnu kolmunna og ákváðu þau að hámarksaflinn yrði 1 260 þús. tonn. ICES mun veita ráðgjöf um hámarksaflla 2016 í október 2015.

2.26 Makríll

Undanfarin ár hefur makrílgengd aukist á miðunum austur, suður og vestur af landinu. Aflí Íslendinga árið 2014 var 173 þús. tonn, en gert er ráð fyrir að heildaraflí allra þjóða á árinu 2014 hafi verið 1,4 milljónir tonna sem er verulega umfram ráðgjöf. Samkvæmt stofnmati sem gert var í september 2014, var stofninn um 2 milljónir tonna á árunum 1994–2003 en fór svo vaxandi og var 4,3 milljónir tonna árið 2014. ICES lagði til að heildaraflinn árið 2015 yrði 906 þús. tonn. ICES veitir ráðgjöf um hámarksaflla fyrir árið 2016 í október 2015.

2.27 Norræna gulldepla

Tilraunaveiðar með flotvörpu á norrænu gulldeplu hófust 2008 og mestur varð aflinn árið 2009, rúm 46 þús. tonn. Síðan þá hefur aflinn minnkað og var engum aflu landað árin 2013 og 2014. Hafrannsóknastofnun leggur til að varlega verði farið í nýtingu stofnsins og hámarksaflí fiskveiðiárið 2015/2016 verði 30 þús. tonn.

2.28 Gulllax

Aflinn 2014 var um 6 300 tonn, sem er umtalsverð minnkun frá árinu 2010 þegar aflinn var í sögulegu hámarki eða rúm 16 þús. tonn. Vísitala veiðistofns gulllax í stofnmælingu hækkaði mikið árið 2014, en þær breytingar eru líklega vegna breytinga á veiðanleika fremur en aukinnar stofnstærðar. Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksaflí gulllax fiskveiðiárið 2015/2016 verði 8 000 tonn.

2.29 Humar

Humaraflinn árið 2014 var 1 965 tonn, samanborið við 1 724 tonn árið 2013. Stofnvísitala hefur farið lækandi frá árinu 2008 og var vorið 2015 sú lægsta frá upphafi. Veiðistofn humars (6 ára og eldri) árið 2015 er nú metinn 10 700 tonn og hefur farið hratt minnkandi. Humarstofninn stækkaði mjög á árunum 1997–2007, sem rekja má til aukinnar nýliðunar og hóflegar sóknar í stofninn. Samfara mjög litlum árgöngum undanfarin ár hefur veiðistofninn minnkað hratt og er nú metinn við sögulegt lágmark. Hins vegar er stofn stórhumars (10 ára og eldri) enn metinn yfir langtímameðaltali. Hafrannsóknastofnun leggur sem fyrr til að humaraflinn miðist við kjörsókn ($F_{0.1}$) og fari ekki yfir 1 500 tonn fiskveiðiárið 2015/2016.

2.30 Rækja

Á yfirstandandi fiskveiðiári voru rækjuveiðar á **grunnslóð** leyfðar í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi, við Eldey og Snæfellsnes. Hafrannsóknastofnun leggur til að rækjuafli fyrir veiðisvæðið við Snæfellsnes verði 700 tonn á tímabilinu frá 1. maí 2015 til 15. mars 2016 og 200 tonn við Eldey á yfirstandandi almanaksári. Hafrannsóknastofnun mun veita ráðgjöf um veiðar á öðrum svæðum á grunnslóð að loknum könnunum haustið 2015.

Rækjuafli á **djúpslóð** var 4 000 tonn árið 2014 en var mestur um 65 þús. tonn árið 1997. Stofnvísitala rækju var líkt og undanfarin ár nærri sögulegu lágmarki. Slök nýliðun rækju undanfarin 11 ár bendir til að stofnstærð úthafs rækju muni ekki aukast í bráð. Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksaflí úthafs rækju fiskveiðiárið 2015/2016 verði 4 000 tonn.

2.31 Hörpudiskur

Hörpudisksveiðar í atvinnuskyni voru ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2014/2015. Veiðistofninn í Breiðafirði minnkaði eftir árið 2000 og er nú í sögulegu lágmarki. Hnignun stofnsins má rekja til stóraukinna dauðsfalla hörpudisks vegna frumdýrasýkingar. Auk þess mælast árgangar 2004–2009 allir mjög slakir en yngri

árgangar eru greinanlegir. Hafrannsóknastofnun leggur til að veiðar á hörpuðiski verði ekki heimilaðar á hefðbundnum veiðisvæðum fiskveiðiárið 2015/2016.

2.32 Kúfiskel

Veiðar á kúfiskel til mannelis hafa verið stundaðar með hléum síðan 1987 og hefur ársafli verið mjög breytilegur, en var mestur 14 400 tonn árið 2003. Árið 2009 lögðust allar hefðbundnar veiðar af og var landaður afli árið 2014 aðeins 18 tonn. Hafrannsóknastofnun leggur til að aflamark verði bundið við ákveðin veiðisvæði og að árlegur afli á tilteknu tímabili (4–7 ár) verði að jafnaði ekki meiri en 2,5% af áætlaðri stofnstærð eða samtals 32 500 tonn fiskveiðiárið 2015/2016 fyrir svæðið frá Garðskaga réttsælis að Ingólfshöfða.

2.33 Beitukóngur

Gildruveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996. Aflinn var 93 tonn árið 2014 samanborið við 89 tonn árið 2013. Samkvæmt stofnmælingu í Breiðafirði sumarið 2012 virðast veiðar undanfarinna 15 ára ekki hafa haft veruleg áhrif á stofnstærð. Hafrannsóknastofnun leggur til að afli í Breiðafirði fiskveiðiárið 2015/2016 verði að hámarki 750 tonn.

2.34 Sæbjúga

Tilraunaveiðar á sæbjúgum hófust 2003, en landaður afli var mjög lítill til ársins 2008, þegar hann var tæp 1 000 tonn. Árið 2014 var aflinn tæp 850 tonn. Frekar lítið er vitað um útbreiðslu og stofnstærð sæbjúgna við landið utan þekktra veiðisvæða. Hafrannsóknastofnun leggur til að afli fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 10% af áætlaðri stofnstærð á hverri þekktri veiðislóð.

2.35 Ígulker

Veiðar á ígulkerum hófust hér við land árið 1993 og náðu hámarki ári síðar er aflinn var tæp 1 500 tonn. Aðalveiðisvæðið hefur ávallt verið í Breiðafirði. Veiðar voru mjög litlar á árunum 1997–2006 en frá árinu 2007 hefur aflinn verið á bilinu 125–231 tonn, mestur árið 2014. Lítið er vitað um afrakstursetu stofnsins og svæði með ígulkerum af viðunandi gæðum eru mjög takmörkuð að stærð. Því ber að fara varlega í nýtingu þeirra.

2.36 Hvalir

Eftir tveggja áratuga hlé á hvalveiðum í atvinnuskyni hófust veiðar á hrefnu og langreyði að nýju árið 2006. Alls voru 24 hrefnur og 137 langreyðar veiddar árið 2014.

Stofnstærð **hrefnu** við Ísland (Miðnorður-Atlantshafsstofn) er metin nálægt því sem hún er talin hafa verið áður en atvinnuveiðar hófust, samkvæmt úttektum vísindanefnda Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) og Norður-Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Á grundvelli úttekta á vegum IWC og NAMMCO hefur Hafrannsóknastofnun á undanförunum árum ráðlagt veiðar á allt að 229 hrefnum á íslenska landgrunnssvæðinu. Unnið er að formlegri úttekt á ástandi hrefnustofna innan IWC og NAMMCO. Ráðgjöf fyrir árið 2016 verður veitt að lokinni úttekt NAMMCO haustið 2015.

Niðurstöður talninga á **langreyði** frá 2007 benda til að heildarstofninn á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen sé um 20 600 dýr, sem er svipað niðurstöðum talninga frá 1995 og 2001. Á grundvelli úttekta á vegum IWC og NAMMCO hefur Hafrannsóknastofnun á undanförunum árum ráðlagt veiðar á allt að 154 langreyðum á hefðbundnum hvalveiðimiðum vestan Íslands. Ráðgjöfin byggist á sjónarmiðum um sjálfbærni og varúðarnálgun. Stofnunin mun veita ráðgjöf fyrir árið 2016 í haust að aflokinni úttekt NAMMCO á ástandi langreyðar í N-Atlantshafi.

2.37 Selir

Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum er stefnt að því að halda stofni **landsels** nálægt 12 þús. dýrum. Byggt á talningum árið 2011 var stofnstærð landsels metin um 11 þús. dýr sem er svipað og árin 2003 og 2006, en stofninn hefur minnkað verulega frá árinu 1980 er hann var metinn um 34 þús. dýr. Seltalning sumarið 2014 sýndi verulega fækkun, en heildarstofnstærð var ekki metin þar sem talningin náði aðeins til hluta stofnsvæðisins.

Samkvæmt stjórnunarmarkmiðum er stefnt að því að halda stofni **útsels** nálægt 4 100 dýrum. Byggt á talningum haustið 2012 var stofnstærð útsels metin um 4 200 dýr sem er talsvert minna en í talningum árin 2008 og 2009. Útselsstofninn hefur minnkað verulega á undanförunum áratugum, en hann var metinn um 12 þús. dýr árið 1990.

Gögn um selveiðar síðustu ára eru ekki talin áreiðanleg og mjög mikilvægt er að bæta skráningu allra selveiða til að betur sé hægt að leggja mat á veiðidánartölu, ástand og þróun stofnanna.

Tafla 1

Tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárin 2015/2016 og 2014/2015, ásamt aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fiskveiðiárið 2014/2015 (þús. tonn).

TAC recommended by the Marine Research Institute for the quota years 2015/2016 and 2014/2015, and national TAC for the quota year 2014/2015 (thous. tonnes).

Stofn Stock	Tillaga 2015/2016 Recomm. TAC 2015/2016	Tillaga 2014/2015 Recomm. TAC 2014/2015	Aflamark 2014/2015 National TAC 2014/2015
Þorskur (<i>Cod</i>) ^{1,2)}	239	218	216
Ýsa (<i>Haddock</i>) ^{1,2)}	36,4	30,4	30,4
Ufsi (<i>Saithe</i>) ^{1,2)}	55	58	58
Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>) ^{1,2)}	51	48	45,6
Litli karfi (<i>Norway redfish</i>)	1,5	1,5	1,5
Djúpkarfi (<i>Deep sea redfish</i>)	10	10	10
Úthafskarfi (<i>Pelagic redfish</i>) ^{3,4,5)}	-	10	35 (2,9)
Grálúða (<i>Greenland halibut</i>) ^{3,5)}	22	25	25 (14,1)
Skarkoli (<i>Plaice</i>)	6,5	7	7
Sandkoli (<i>Dab</i>) ⁶⁾	0,5	1	1
Langlúra (<i>Witch</i>)	1,1	1,1	1,1
Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	1,3	1,6	1,6
Steinbítur (<i>Atlantic wolffish</i>)	8,2	7,5	7,5
Hlýri (<i>Spotted wolffish</i>)	0,9	0,9	-
Íslensk sumargotssíld (<i>Herring</i>) ¹⁾	71	83	82,2
Norsk-ísl. síld (<i>Atlanto-Scandian herring</i>) ^{1,4,7)}	-	283	-
Loðna (<i>Capelin</i>) ^{1,5,8)}	54	580	580 (405)
Kolmunnur (<i>Blue whiting</i>) ^{1,4,5)}	-	840	1260 (203)
Makríll (<i>Mackerel</i>) ^{1,4,7)}	-	906	-
Gulldepla (<i>Pearlside</i>)	30	30	-
Blálanga (<i>Blue ling</i>)	2,6	3,1	3,1
Langa (<i>Ling</i>)	16,2	14,3	13,8
Keila (<i>Tusk</i>)	3,4	4	3,7
Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>)	8	8	8
Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	1	1	1
Hrognkelsi (<i>Lumpfish</i>) ⁹⁾	2	6,2	-
Humar (<i>Nephrops</i>)	1,5	1,65	1,65
Rækja á grunnslóð (<i>Inshore shrimp</i>) ⁸⁾	0,9	1,9	2,1
Rækja á djúpslóð (<i>Offshore shrimp</i>)	4	5	5
Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	0	0	0
Kúfskel (<i>Ocean quahog</i>)	32,5	32,5	-
Beitukóngur (<i>Common whelk</i>)	0,75	0,75	-
Hrefna (<i>Common minke whale</i>) ^{4,10)}	-	229	229
Langreyður (<i>Fin whale</i>) ^{4,10)}	-	154	154

¹⁾ Ráðgjöf samkvæmt aflareglu. *Advice according to harvest control rule.*

²⁾ Ráðgjöf og aflamark samkvæmt samþykktum stjórnunarmarkmiðum. *Advice and TAC according to agreed management plan.*

³⁾ Aflamark á öllu útbreiðslusvæði stofns fyrir almanaksár. *TAC for the total area of distribution for calendar year.*

⁴⁾ Ráðgjöf fyrir almanaksárið 2016 verður veitt haustið 2015. *Recommended TAC for calendar year 2016 will be given in autumn 2015.*

⁵⁾ Samanlagt heildaraflamark allra veiðipjóða og aflamark ákveðið fyrir Ísland (í sviga). *Total TAC and national TAC within parentheses.*

⁶⁾ Tillaga um afla á skilgreindu aflamarkssvæði. *TAC recommendation for defined management area.*

⁷⁾ Ósamkomulag á milli strandríkja, heildaraflamark 2015 óþekkt. *Disagreement among coastal states, total TAC for 2015 unknown.*

⁸⁾ Upphafsafla fyrir fiskveiðiárið 2015/2016, ráðgjöf verður endurskoðuð haustið 2015. *Initial TAC for quota year 2015/2016, TAC will be revised in autumn 2015.*

⁹⁾ Samkvæmt ráðgjafarreglu fyrir vertíð 2016, verður endurskoðað vorið 2016. *According to advisory rule, initial TAC advice for 2016 season, will be revised in spring 2016.*

¹⁰⁾ Fjöldi dýra innan íslenska landgrunnins. *Number of animals within the Icelandic shelf area.*

Tafla 2
Aðrar tillögur Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.
Additional advice for the quota year 2015/2016.

Porskur – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa og annars afla sem nú er utan aflamarks.

Lúða – Áframhaldandi bann við beinni sókn og reglugerð til verndunar líðu verði áfram í gildi.

Loðna – Haustveiðar hefjist ekki fyrr en í október, að loknum aðalvaxtartíma loðnunar.

Skarkoli – Áframhaldandi friðun á hrygningarsvæðum á hrygningartíma.

Skrápfíúra – Friðun helstu hrygningarsvæða á hrygningartíma.

Steinbítur – Áframhaldandi friðun á hrygningarsvæðum á Látragrunni á hrygningar- og klaktíma.

Blálanga – Þekktum hrygningarsvæðum verði áfram lokað á hrygningartíma.

Langa – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa.

Keila – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa. Áframhaldandi veiðibann á afmörkuðum uppvaxtarsvæðum til verndar smákeilu.

Hrognkelsi – Aukin áhersla á skráningu meðafla og eftirlit með brottkasti við grásleppuveiðar.

Kúfiskel – Aflamarki verði úthlutað eftir svæðum með tilliti til stofnstærðar á hverju svæði.

Sæbjúga – Afli fari ekki yfir 10% af áætlaðri stofnstærð hverrar veiðislóðar.

Selir – Efla selatalningar og bæta skráningu selveiða til að hægt sé að leggja mat á ástand stofnanna.

Cod – *Expected catches by foreign fleets and other catches not subject to TAC should be subtracted from the TAC prior to allocation of quota to Icelandic vessels.*

Halibut – *Continued ban on directed halibut fishery and implemented conservation act for protection of the stock.*

Capelin – *Summer/autumn fishery should not open until October.*

Plaice – *Continued closure of spawning areas during spawning season.*

Long rough dab – *Closure of main spawning areas during spawning season.*

Atlantic wolffish – *Continued closure of spawning areas off the west coast of Iceland during spawning season.*

Blue ling – *Continued closure of known spawning areas during spawning time.*

Ling – *Subtract expected catches by foreign fleets from TAC before allocation of quota to Icelandic vessels.*

Tusk – *Subtract expected catches by foreign fleets from TAC before allocation of quota to Icelandic vessels. Continued ban on fishery in nursery areas in order to protect juveniles.*

Lumpfish – *Improve monitoring of bycatch and discards of other species from the female lumpfish fishery.*

Ocean quahog – *TAC should be divided by areas according to stock size in each area.*

Sea cucumber – *Annual catch not exceeding 10% of estimated biomass within each fishing area.*

Seals – *Survey seals regularly and improve collection of catch data to evaluate current population status.*


1 Umhverfi *Environmental conditions*

Mat á árferði í sjónum við Ísland hefur að hluta verið byggt á gögnum sem safnað er í vorleiðangri sem farinn er í maí/júní á hverju ári (myndir 1.1 og 1.2). Í þeim leiðangri er farið um miðin umhverfis landið til þess að athuga almennt ástand sjávar, gróðurs og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs. Endurteknar athuganir hafa einnig verið gerðar á sömu stöðum á öðrum árstímum en í skemmri tíma.

Niðurstöður sýna að ástand sjávar er mjög breytilegt á hinum ýmsu svæðum við landið frá ári til árs. Rannsóknir undanfarinna áratuga benda til þess að hlýsjór á Norðarmiðum stuðli oftast að aukinni heildarframleiðni, en flókið samspil margra mismunandi umhverfisþátta hefur áhrif á fæðukeðjuna og afrakstur nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferði í sjónum við Ísland undanfarin ár. Ítarlegri upplýsingar er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, *Þættir úr vistfræði sjávar*, Hafrannsóknir nr. 181 (2015).

1.1 Hiti og selta efri sjávarlaga

Á hverju vori í meira en hálfra öld hafa hiti og selta verið mæld út af Siglunesi (mynd 1.1). Þessar athuganir virðast góður mælikvarði á almennt ástand sjávar á Norðarmiðum og innflæði hlýs og selturíks Atlantssjávar inn á hafsvæðið. Eftir hlýindi í norðanverðu Norður-Atlantshafi tók að kólna á sjöunda áratugnum. Svonefnd hafísár 1965–1971 tóku við með köldum og seltulitlum pólsjó í Íslandshafi. Síðan hafa skipst á hlý og köld ár og voru árin 1979 og 1995 köldustu árin eftir hafísárin. Niðurstöður mælinga síðustu áratuga sýna að heldur hlýnaði á Norðarmiðum eftir 1995. Síðan 1998 hafa hiti og selta verið um eða yfir meðallagi, og vel yfir meðallagi vorin 2010–2014.



Mynd 1.1. Hiti og selta að vori á 50 m dýpi á stöð 3, um 20 sjómílur norður af Siglunesi. Láréttu línurnar tákna meðaltöl fyrir tímabilið.

Figure 1.1. Temperature and salinity in spring at 50 m depth at station 3 on the Siglunes section. The horizontal lines indicate the means for the same period.


Veturinn og vorið 2015 hafa efri sjávarlög sunnan og vestan við landið kólnað um 1–2°C. Á meira dýpi hafa hiti og selta oftast verið yfir meðallagi í meira en áratug og endurspeglar það hærri hita og seltu í hlýsjónum sunnan og vestan við landið undanfarin ár, en merkja má umrædda kólnun í botnhita við Suðausturland, Suðvesturland og Vestfirði (mynd 1.2).

1.2 Botnhiti

Hiti sjávar við botn á Íslandsmiðum endurspeglar nokkuð hitadreifingu í efri lögum sjávar. Botnhitinn er að jafnaði lægri fyrir norðan og austan landið vegna áhrifa kaldsjávar úr norðri, en hærri fyrir sunnan og vestan land vegna áhrifa hlýsjávar úr suðri. Á mynd 1.2

má sjá breytingar á meðalhita úr vatnssúlunni 50–100 m yfir botni á nokkrum stöðum umhverfis landið. Fyrir Norðurlandi er meðaltalið reiknað fyrir 150–300 m dýpi.

Botnhiti á landgrunninu er yfirleitt lægstur í febrúar–mars og hæstur í ágúst–september eða jafnvel síðar á árinu. Árssveifla er mest þar sem grynnt er við landið en minnkar með vaxandi dýpi. Utan við landgrunnsbrúnina norðan og austan lands er botnhiti jafnan undir 0°C (djúpsjór Norðurhafa). Úti fyrir miðju Norðurlandi (í Eyjafjarðarál, dýpi allt að 700 m) nær kaldur djúpsjórinn nálægt landi og skiptir Norðurmiðum í vestari og eystri hluta. Í landgrunnshlíðunum sunnan og vestan lands fer botnhiti einnig lækandi með vaxandi dýpi en fer þó ekki mikið niður fyrir 4°C.



Mynd 1.2. Frávik frá meðalhita yfir botni (°C) á mismunandi svæðum umhverfis Ísland í maí/júní.

Figure 1.2. Temperature anomalies (°C) near bottom in Icelandic waters in May/June.


Hitastig við botn hefur að jafnaði verið yfir meðallagi síðasta áratuginn (mynd 1.2) allt í kringum landið. Undantekning var árið 2005 er skilin við Suðausturland færðust til vesturs um skamma hríð. Mælingar að vori árið 2015 sýna að hiti er áfram um eða yfir meðallagi þessa árstíma fyrir norðan og austan land. Botnhiti við Suðausturland, Suðvesturland og Vestfirði hefur hins vegar lækkað og er nú undir langtímameðaltali.

1.3 Dýrasvif

Átan gegnir mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar, því auk þess að vera fæða uppsjávarfiska eins og síldar og loðnu er hún aðalfæða allra fiskistofna á meðan þeir eru á lirfu- og seiddastigi. Talið er að það geti skipt sköpum fyrir afkomu fisklirfa að nóg sé af átu þegar þær eru að

byrja að afla sér fæðu. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar hafa sýnt tengsl á milli átumagns að vorlagi fyrir suðvestan landið annars vegar og fjölda þorskseiða í ágúst og nýliðunar þorsks hins vegar. Þessi tengsl eru vísbending um vistfræðilegt samhengi á milli vaxtar og viðgangs lífvera í lægstu þrepum fæðukeðjunnar og þeirra sem ofar eru.

Rannsóknir á átu í þeim tilgangi að fylgjast með langtímabreytingum í átumagni hafa verið stundaðar hér við land frá því um 1960. Á mynd 1.3 eru sýndar niðurstöður mælinga á átumagni fyrir Norðurlandi (á Siglunessniði), en þar er lengsta tímaröðin. Árin 2013 og 2014 var átumagn á sniðinu undir langtímameðaltali og bráðabirgðaniðurstöður benda til að átumagn í maí 2015 sé það einnig.




Mynd 1.3. Átumagn (g þurrvígt m^{-2} , 0–50 m) að vorlagi á Siglunessniði. Súlurnar sýna meðaltöl allra stöðva á sniðinu.

Figure 1.3. Zooplankton biomass (g dry weight m^{-2} , 0–50 m) in spring at Sigluness section. The columns show means for all stations at the section.

2 Ástand nytjastofna

2.1 Þorskur *Gadus morhua*




Þorskur. Veidisvæði við Ísland árið 2014 (tonn/sjm²). Veidisvæði mismunandi veiðarfæra eru sýnd í viðauka 5.2.

Cod. Fishing grounds in 2014 (tonnes/nmi²). Information on fishing grounds by gear type is given in Appendix 5.2.

2.1.1 Affi, sókn og árgangskipan í veiðum

Heildaraffi úr íslenska þorskstofninum árið 2014 var 221 þús. tonn, samanborið við 223 þús. tonn árið 2013 (mynd 2.1.1 og tafla 3.1.1). Aflamark fiskveiðiárið 2013/2014 var samkvæmt aflareglu stjórnvalda 215 þús. tonn en heildaraffi varð 227 þús. tonn. Aflamark og affi eftir fiskveiðiárum eru sýnd í töflu 2.1.1.



Mynd 2.1.1. **Þorskur.** Landaður affi eftir veiðarfærum.

Figure 2.1.1. **Cod.** Landings by gear type.

Árið 2014 voru 44% aflans veidd í botnvörpu, 36% á línu, 8% í net, 7% á handfæri og 5% í dragnót (mynd 2.1.1). Mesta breytingin frá aldamótum er vaxandi hlutdeild línu og minnkandi hlutdeild neta (viðauki 5.2).

Aldurssamsetning aflans árið 2014 var svipuð og spáð hafði verið (mynd 2.1.2). Borið saman við undanfarinn áratug er hlutfallslega meira af eldri fiski í aflanum (tafla 3.1.2).

Afli á sóknareiningu var hár í helstu veiðarfæri árið 2014 (mynd 2.1.3). Túlkun þessara gagna sem vísbendingu um þróun stofnstærðar er erfið. Er það meðal annars vegna bættrar veiðitækni og einnig þess að erfitt er að greina milli beinnar sóknar og sóknar þar sem reynt er að forðast of hátt hlutfall þorsks í veiðinni.

2.1.2 Meðalþyngd og kynþroski

Meðalþyngd eftir aldri í afla (tafla 3.1.3) hefur aukist undanfarin ár og var árið 2014 nálægt langtímameðaltali (1955–2013). Byggt á þyngdum í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) er áætlað að þyngdir í afla árið 2015 verði um og yfir meðaltali.

Ár	Tillaga	Aflamark	Afi Íslendinga	Afi annarra þjóða	Afi alls
Year	Rec. TAC	National TAC	Landings (Iceland)	Landings (others)	Total catch
1984	200	242	281	2.0	283
1985	200	263	323	3.0	326
1986	300	300	365	3.0	369
1987	300	330	390	2.0	392
1988	300	350	376	2.0	378
1989	300	325	354	2.0	356
1990	250	300	333	2.0	335
1991 ¹⁾	240	245	243	2.0	244
1991/92	250	265	273	1.9	275
1992/93	190	205	240	0.8	241
1993/94	150	165	196	0.9	197
1994/95	130	155	164	0.7	165
1995/96	25% aflaregla	155	169	0.6	170
1996/97	25% aflaregla	186	201	0.4	202
1997/98	25% aflaregla	218	227	1.1	228
1998/99	25% aflaregla	250	253	1.4	254
1999/00	25% aflaregla	250	256	1.3	257
2000/01	25% aflaregla	220	222	1.3	223
2001/02	25% aflaregla	190 ²⁾	217	1.3	218
2002/03	25% aflaregla	179	197	7.1	204
2003/04	25% aflaregla	209	219	7.5	226
2004/05	25% aflaregla	205	207	5.6	214
2005/06	Lækka veiðihlutfall	198	202	2.9	205
2006/07	Lækka veiðihlutfall	193 ²⁾	187	3.7	191
2007/08	20% aflaregla (130)	130	138	3.0	141
2008/09	20% aflaregla (124)	160	168	1.1	169
2009/10	20% aflaregla (150)	155	166	1.5	168
2010/11	20% aflaregla (160)	160	167	2.0	169
2011/12	20% aflaregla (177)	177	183	2.0	185
2012/13	20% aflaregla (196)	195	210	1.7	212
2013/14	20% aflaregla (215)	215	225	1.7	227
2014/15	20% aflaregla (218)	218			
2015/16	20% aflaregla (239)				

¹⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*

²⁾ Aflareglu breytt. *Amended harvest control rule.*

Tafla 2.1.1. **Þorskur.** Tillögur Haf-
rannsóknastofnunar um hámarks-
afla, ákvörðun stjórnvalda um afla-
mark og afli (þús. tonn).

*Table 2.1.1. Cod. TAC recom-
mended by the Marine Research
Institute, national TAC and land-
ings (thous. tonnes).*

Kynþroski eftir aldri í fiski yngri en 10 ára er metinn út frá gögnum úr SMB (tafla 3.1.5). Kynþroskahlutfall við 4–6 ára aldur hefur lækkað síðustu 15 ár. Þannig var hlutfall kynþroska 6 ára fisks um 50% í kringum 2000 en er nú um 30%.


2.1.3 Stofnvísitölur

Heildarvísitölur þorsks í stofnmælingum botnfiska í mars (SMB) og að hausti (SMH) hafa hækkað mikið undanfarin ár (mynd 2.1.4) og hafa síðustu fjögur ár verið í sögulegu hámarki.

Allir aldursflokkar þorsks koma fram í stofnmælingunum og eru vísitölur 1–10 ára þorsks nýttar í stofnmati sem mælikvarði á þróun stofnstærðar. Vísitölur árganga 2001–2008 samkvæmt SMB benda til að þeir hafi verið um eða undir meðallagi við eins til fjögurra ára aldur (tafla 3.1.6) en mælast stórir hin síðari ár (6–10 ára). Þetta má fyrst og fremst rekja til lækkandi veiðialags á undanförunum árum. Fyrstu vísbendingar um stærð 2014 árgangsins benda til þess að hann sé yfir meðaltali.

2.1.4 Stofnmat og forsendur

Mat á stærð þorskstofnsins er byggt á aldursgreindum afla (tafla 3.1.2) og aldurskiptum vísitölum úr SMB og SMH (töflur 3.1.6 og 3.1.7). Gert er ráð fyrir að náttúrulegur dauði sé fasti, 0.2 í öllum aldursflokkum þriggja ára og eldri. Stofnmatið er byggt á niðurstöðum ADCAM líkans, en til samanburðar er beitt nokkrum öðrum reiknilíkönum sem byggja á svipuðum grunni en hafa ólíkar forsendur varðandi ýmsa skekkjuliði (sjá viðauka 5.1). Stofnmatið hefur verið gert á sama hátt síðan árið 2010. Í byrjun árs 2015 fór fram rýnifundur




Mynd 2.1.2. **Þorskur.** Aldursdreifing afla (% af fjölda) árið 2014, ásamt spá frá í maí 2014. Meðalaldursdreifing síðustu tíu ára er jafnframt sýnd.

Figure 2.1.2. **Cod.** Age distribution in the 2014 catch (% by number), compared to last year's prediction. Mean age distribution from the last ten years is also shown.

á vegum ICES þar sem farið var ítarlega yfir fyrirbyggjandi gögn og stofnmatsaðferðir. Niðurstaðan var að ekki væri ástæða til breytinga.

Viðmiðunarstofn (fjögurra ára og eldri) hefur verið notaður til að reikna út aflamark samkvæmt aflareglu og byggist á meðalþyngd eftir aldri í afla. Meðalþyngd eftir aldri í hrygningarstofni er byggð á gögnum úr SMB fyrir sjö ára og yngri fisk, en gögnum úr afla fyrir átta ára og eldri (tafla 3.1.4).




Mynd 2.1.3. **Þorskur.** Hlutfallslegar breytingar í afla á sóknareiningu eftir veiðarfærum (miðað við 100 árið 1991).

Figure 2.1.3. **Cod.** Relative changes in CPUE by fishing gear (1991 set at 100).

Árið 2010 voru skilgreind gátmörk ($B_{trigger}$) og varúðarmörk (B_{lim}) fyrir íslenska þorsstofninn. Þessi mörk miðast við hrygningarstofn og eru varúðarmörkin skilgreind við 125 þús. tonn, sem er lægsta sögulega gildi hrygningarstofns. Gátmörkin miðast við 220 þús. tonn og samkvæmt aflareglu er dregið úr veiðihlutfalli ef stofninn fer undir gátmörk.

Við útreikninga á aflamarki fyrir komandi fiskveiðiár er meðalþyngd eftir aldri í afla árið 2015 áætluð út frá meðalþyngdum í SMB 2015.




Mynd 2.1.4. **Þorskur.** Heildarvísitölur (þyngd) úr stofnmælingum í mars og október, ásamt staðalfrávikum.

Figure 2.1.4. **Cod.** Total biomass indices from the Icelandic groundfish surveys in March and October, along with the standard deviation.

2.1.5 Ástand og horfur

Meðalstærð árganga 2006–2011, sem nú eru uppistaðan í viðmiðunarstofninum, er um 150 milljónir þriggja ára nýliða (mynd 2.1.5 og tafla 3.1.8), eða 85% af langtíma meðaltali (1955–2012) sem er 176 milljónir. Árgangur 2010 er slakur eða rúmlega 120 milljónir en árgangar 2011 og 2012 eru metnir um 180 og 160 milljónir. Árgangur 2013 er áfram metinn slakur, um 115 milljónir, en fyrsta mat á árgangi 2014 bendir til að hann sé nokkuð yfir meðaltali.




Mynd 2.1.5. **Þorskur.** Stærð árganga við þriggja ára aldur (í milljónum).

Figure 2.1.5. **Cod.** Size of year classes at age 3 (in millions).

Viðmiðunarstofninn í ársbyrjun 2015 er metinn 1302 þús. tonn og hrygningarstofninn 547 þús. tonn (mynd 2.1.6 og tafla 3.1.8). Viðmiðunarstofninn hefur stækkað um meira en 50% á síðustu átta árum og er nú metinn stærri en hann hefur verið undanfarna þrjú áratugi. Hrygningarstofninn er meira en tvöfalt stærri en hann var lengst af síðustu áratuginu.

Veidihlutfall (afli sem hlutfall af stærð viðmiðunarstofns) og meðalveiðidánartala 5–10 ára fisks eru mælikvarðar á sókn í stofninn. Veidihlutfall lýsir heildarsókn í stofninn meðan veiðidánartalan er fremur mælikvarði á sókn í eldri fisk. Þegar netaveiði er lítil eins og á undanförunum árum má búast við að veiðidánartala sé fremur lág miðað við veiðihlutfall. Á síðasta áratug hefur veiðihlutfallið fallið úr um 35–40% í tæp 20% (mynd 2.1.6). Veiðidánartalan hefur lækkað úr 0.76 árið 2000 í 0.28 árið 2014 (tafla 3.1.8) og er nú í sögulegu lágmarki.



Mynd 2.1.6. **Þorskur.** Stærð viðmiðunarstofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns ásamt veiðihlutfalli.


Figure 2.1.6. **Cod.** Reference stock (ages 4+) and spawning stock biomass, along with the harvest rate.

Þar sem nýliðun á undanförunum áratug hefur verið undir meðaltali, er stækkun stofnsins fyrst og fremst afleiðing minni sóknar. Minni sókn hefur leitt til þess að árgangar endast lengur í veiðinni. Í samræmi við það er hlutfall eldri þorsks í stofninum hærra nú en á undangengnum áratugum og hrygningarstofninn hefur stækkað hlutfallslega meira en viðmiðunarstofninn (mynd 2.1.6).

Í stofnmati eru bæði nýttar vísitölur úr SMB og SMH til samstillingar í líkönum. Mat á stærð viðmiðunarstofns árið 2015 er rúmum 100 þús. tonnum lægra ef einungis er stuðst við SMB og tæpum 100 þús. tonnum hærra þegar stuðst er einungis við SMH. Sé einungis

tekið mið af aldursgreindum afla er dánartala nokkuð hærri og stofnaukning nokkuð minni en þegar stuðst er við bæði aflagögn og stofnvísitölur.

Stofnmæling með netum (SMN) hefur farið fram síðan 1996 og mæld vísitala ætti að vera mælikvarði á þróun í stærð hrygningarstofns þó hún sé ekki nýtt til samstillingar í stofnmati. Enda þótt vísitölur úr SMN hafi á tímabili þróast með öðrum hætti en stærð hrygningarstofns, hefur hvort tveggja vaxið töluvert undanfarinn áratug (mynd 2.1.7).




Mynd 2.1.7. Þorskur. Stærð hrygningarstofns og þróun aflabragða í stofnmælingu með netum.

Figure 2.1.7. Cod. Spawning stock biomass and average catches in the gillnet survey.

Í framreikningum á stofnstærð (mynd 2.1.8) kemur óvissa í þróun meðalþyngda og í mati á stærð uppvaðandi árganga til viðbótar við aðra óvissuþætti. Framreikningar eru sýndir til ársins 2019, en nú liggja fyrir mælingar á stærð helstu árganga sem veiði- og hrygningarstofninn munu samanstanda af til þess tíma.

Framreikningar benda til þess að ef aflareglu er fylgt muni stofninn haldast svipaður og hann er í dag (mynd 2.1.8). Óvissan er hins vegar töluverð og því einhverjar líkur á að stofninn og aflinn minnki frá því sem nú er. Litlar líkur eru þó á því að viðmiðunarstofninn verði minni en ein milljón tonn á næstu árum.



Mynd 2.1.8. Þorskur. Stærð hrygningar- og viðmiðunarstofns ásamt framreikningum miðað við að afli verði samkvæmt aflareglu.

Figure 2.1.8. Cod. Spawning and reference stock size and projection based on harvest control rule.

2.1.6 Ráðgjöf

Frá fiskveiðiarinu 2008/2009 hefur aflamark fyrir íslenskan þorsk verið sett samkvæmt aflareglu sem kveður á um að aflamark næsta fiskveiðiarís sé meðaltal af aflamarki síðasta fiskveiðiarís og 20% af viðmiðunarstofni í upphafi núverandi árs. Nefndir á vegum ICES fóru yfir aflaregluna í mars 2009 og janúar 2015 og mátu að hún stæðist kröfur um varúðarsjónarmið og hámarksafrakstur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi stofnmati gefur aflaregla 239 þús. tonn á fiskveiðiarinu 2015/2016. Hafrannsóknastofnun ítrekar að við úthlutun aflahlutdeildar sé tekið fullt mið af væntanlegum afla sem er utan aflamarks. Á fiskveiðiarinu 2013/2014 var afli umfram aflareglu um 12 þús. tonn (5%).

Tafla 2.1.2. **Þorskur.** Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.


Table 2.1.2. **Cod.** Projection of reference stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) based on adopted harvest control rule.

2015					2016			2017	
Áætl. afli Pred. landings	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn SSB	$F^{1)}$	Aflamark TAC	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn SSB	$F^{1)}$	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn SSB
228	1302	547	0.26	239	1371	660	0.26	1350	623

¹⁾ Meðalveiðidánartala 5–10 ára þorsks. Average fishing mortality of age groups 5–10.

2.1.7 Þorskstofninn í Barentshafi

Afli úr þorskstofninum í Barentshafi frá síðari heimsstyrjöld fram til 1980 var að meðaltali um 800 þús. tonn (mynd 2.1.9). Á níunda áratugnum var aflinn að meðaltali um 350 þús. tonn þrátt fyrir mikla sókn. Frá árinu 2008 hefur aflinn nær tvöfaldast og var árið 2014 tæplega ein milljón tonn. Íslendingar stunduðu þorskveiðar í Barentshafi og við Svalbarða á fyrri hluta tuttugustu aldar. Veiðar lágu hins vegar niðri um langt árabil eða til 1993. Á tímabilinu 1998–2014 hefur afli íslenskra skipa aukist úr um 1 500 tonnum í 18 þús. tonn.




Mynd 2.1.9. **Þorskur í Barentshafi.** Landaður afli og veiðidánartölur 5–10 ára.
Figure 2.1.9. **Northeast Arctic cod.** Landings and fishing mortality (F_{5-10}).

Nýliðun þorsks í Barentshafi hefur verið um og yfir meðaltali á síðasta áratug, veiðidánartala hefur lækkað (mynd 2.1.9) og stofnstærðin aukist umtalsvert. Hrygningarstofninn hefur minnkað nokkuð undanfarin ár og er nú talinn vera um 1,2 milljónir tonna. Alþjóða-hafrannsóknaráðið (ICES) leggur til að aflamark verði samkvæmt aflareglu árið 2016, eða 805 þús. tonn.

2.1.8 Þorsstofninn við Grænland

Þorskveiðar á landgrunninu við Grænland hófust að marki upp úr 1925 og var aflinn árið 1931 um 120 þús. tonn (mynd 2.1.10). Eftir tiltölulega litlar veiðar 1940–1945 jókst aflinn jafnt og þétt og náði hámarki árið 1962 er hann varð um 450 þús. tonn. Aflinn var á bilinu 350–430 þús. tonn til ársins 1968, en minnkaði mjög hratt og var kominn undir 100 þús. tonn árið 1973. Frá þeim tíma hefur afli verið mjög lítill ef undanskilin eru árin um og eftir 1980 og 1988–1990. Aflaaukninguna á þessum árum má að mestu rekja til stórra árganga frá 1973, 1984 og 1985. Frá 1990 til 2001 var aflinn óverulegur, oft undir 1 000 tonnum. Frá aldamótum hefur aflinn aukist jafnt og þétt og var 26 þús. tonn árið 2014 og þar af voru 18 þús. tonn veidd innfjarða við Vestur-Grænland.




Mynd 2.1.10. Þorskur við Grænland. Landaður afli eftir veiðisvæðum.

Figure 2.1.10. *Greenland cod. Landings by area.*

Í stofnmati er stofninn við Grænland skipt upp í þrjár einingar: innfjarðastofn, þorskur á landgrunninu við Vestur-Grænland og á landgrunninu við Austur-Grænland. ICES leggur til að aflamark árið 2016 verði takmarkað við 19 700 tonn á þessum þremur svæðum, þar af tæp 9 000 tonn á landgrunninu við A-Grænland, tæp 11 þús. tonn innfjarða og að engar veiðar verði stundaðar á landgrunninu við V-Grænland.

2.2 Ýsa *Melanogrammus aeglefinus*




Ýsa. Veðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Haddock. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.2.1 Afli og árgangaskipan

Ýsuafinn árið 2014 var 34 þús. tonn samanborið við 44 þús. tonn árið 2013. Aflamark fiskveiðiárið 2014/2015 var samkvæmt aflareglu stjórnvalda 30 400 tonn (tafla 2.2.1). Á fyrstu átta mánuðum yfirstandandi fiskveiðiárs var landaður afli 25 þús. tonn, en var um 32 þús. tonn fyrstu átta mánuði fiskveiðiársins 2013/2014.

Mynd 2.2.1 sýnir ýsuafli eftir veiðarfærum frá árinu 1982 og aflinn frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1. Undanfarna tvo áratugi hefur hlutfall ýsu sem veidd er á línu og í dragnót aukist jafnt og þétt en hlutfall í botnvörpu minnkað að sama skapi. Ýsuafinn 2014 skiptist þannig að 48% veiddust á línu, 39% í botnvörpu, 11% í dragnót og 2% í önnur veiðarfæri. Undanfarin ár hefur innan við 1% ýsuafllans fengist í net samanborið við 10–25% á árunum 1982–1993.



Mynd 2.2.1. **Ýsa.** Landaður afli eftir veiðarfærum.

Figure 2.2.1. **Haddock.** Landings by gear type.

Aldursdreifing aflans árið 2014 er sýnd á mynd 2.2.2 og skipting aflans í fjölda eftir aldri er í töflu 3.2.2. Árgangurinn frá 2007 var mest áberandi árið 2014 eða 30% af fjölda og 35% af þyngd. Níu ára og eldri ýsa var um 18% aflans í þyngd en var að meðaltali tæp 3,5% á árunum 1979–2012. Hlutdeild fimm ára og yngri ýsu var aðeins 22% af þyngd og hefur ekki verið lægri síðan 1983, nema árin 2009 og 2010 þegar stóri árgangurinn frá 2003 var ríkjandi í afla.

Niðurstöður athugana á brottkasti ýsu benda til að á árunum 1991–1998 hafi brottkastið verið 8–20% af fjölda landaðra fiska, 2–6% árin 2001–2010 en innan við 1% árin 2011–2014 enda minna til af smárri ýsu.

Ár	Tillaga	Aflamark	Afli	Afli annarra	Afli alls
Year	Rec. TAC	National TAC	Íslendinga Landings (Iceland)	þjóða Landings (others)	Total landings
1984	55	60	47	1	48
1985	45	60	50	1	51
1986	50	60	47	1	48
1987	50	60	40	1	41
1988	60	65	53	1	54
1989	60	65	62	1	63
1990	60	65	66	1	67
1991 ¹⁾	38	48	40	1	41
1991/92	50	50	47	1	48
1992/93	60	65	47	1	48
1993/94	65	65	56	1	57
1994/95	65	65	60	1	61
1995/96	55	60	53	1	54
1996/97	40	45	50	1	51
1997/98	40	45	37	1	38
1998/99	35	35	45	1	46
1999/00	35	35	41	1	40
2000/01	30	30	39	1	40
2001/02	30	41	44	1	45
2002/03	55	55	55	1	56
2003/04	75	75	78	1	79
2004/05	90	90	96	1	97
2005/06	105	105	97	1	98
2006/07	95	105	100	2	102
2007/08	95	100	110	1	111
2008/09	83	93	89	1	90
2009/10	57	63	68	1	69
2010/11	45	50	50	0	51
2011/12	37	45	49	0	50
2012/13	32	36	40	1	41
2013/14	38 ²⁾	38	39	1	40
2014/15	30.4 ²⁾	30.4			
2015/16	36.4 ²⁾				

¹⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*

²⁾ 40% aflaregla. *40% harvest control rule.*

Tafla 2.2.1. **Ýsa.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).


Table 2.2.1. **Haddock.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).

2.2.2 Meðalþyngd og kynþroski

Meðalþyngd ýsu eftir aldri (tafla 3.2.3) er reiknuð út frá gögnum úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB). Meðalþyngdin var mjög lág frá 2004–2009 en hækkaði töluvert frá 2010–2013. Meðalþyngd sjö ára og eldri ýsu árið 2015 er nálægt meðallagi en yfir meðallagi hjá yngri ýsu. Meðalþyngd í ýsustofninum er nokkuð breytileg og yfirleitt lægri hjá stórum árgöngum. Árgangur 2003 var mjög stór og í samræmi við það mjög léttur eftir aldri. Yngstu árgangar ýsu eru metnir litlir og meðalþyngd þeirra er hærri en verið hefur undanfarin ár. Lág meðalþyngd stórra árganga sést strax við tveggja ára aldur en eftir það hefur vöxtur oft verið svipaður og hjá minni árgöngum. Árin 2005–2009 var vöxtur allra árganga í stofninum hægur, en ýsustofninn var þá mjög stór. Á árunum 2010–2012 jókst vaxtarhraði verulega, en minnkaði aftur árið 2013. Töluverð aukning varð í vaxtarhraða árið 2014 sem leiddi til þess að meðalþyngdir eftir aldri í stofninum árið 2015 eru hærri en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt.

Meðalþyngd eftir aldri í afla (tafla 3.2.4) fylgir meðalþyngd í stofnmælingum nokkuð vel. Meðalþyngd yngstu aldursflokka er þó mun hærri en í stofnmælingum, enda beinast veiðar nær eingöngu að ýsu sem hefur náð tiltekinni stærð.

Kynþroski eftir aldri er metinn út frá gögnum úr SMB (tafla 3.2.5). Kynþroskahlutfall var lág á árunum 1985–1990, hátt árin 1991–2002 en hefur lækkað síðan þá. Virðist sú lækun vera að miklu leyti vegna vaxandi hlutfalls ýsu fyrir norðan land þar sem kynþroskahlutfall er mun lægra en sunnan við landið, þrátt fyrir að vöxtur sé svipaður.




Mynd 2.2.2. **Ýsa.** Aldursdreifing í afla 2014 (% af þyngd). Spá frá maí 2014 og mat ári síðar byggt á gögnum úr afla.

Figure 2.2.2. **Haddock.** Age distribution in the 2014 catch (% by biomass). Prognosis in May 2014 and estimate in 2015 based on samples from landings.

2.2.3 Stofnmælingar

Allir aldursflokkar ýsu koma vel fram í stofnmælingum þannig að marktækt mat á stærð árgangs liggur fyrir strax á fyrsta aldursári.

Aldursskiptar vísitölur úr stofnmælingum eru sýndar í töflum 3.2.6 og 3.2.7. Í SMB mældust árgangar 1998–2000, 2002, 2003, 2007 og 2014 stórir, árgangar 2001 og 2008–2013 litlir en árgangar 2004–2006 nærri meðallagi. Heildarvísitölur úr stofnmælingunum (mynd 2.2.3) hækkuðu mikið á árunum 2001–2005 þegar lífþyngd stóru árganganna frá 1998–2000 jókst hratt. Heildarvísitölur voru mjög háar árin 2004–2007 og hlutfallsleg mæliskekka lítill vegna jafnrar útbreiðslu ýsunnar. Vísitalan lækkaði hratt frá 2007–2010 en hefur lítið breyst síðan þá, þrátt fyrir lélega nýliðun. Vísitalan úr stofnmælingu að hausti (SMH) hefur lækkað minna en vísitalan úr SMB og bendir í dag til betra ástands stofnsins. Stofnmælingar benda til að árgangur 2014 sé fyrsti árgangurinn síðan 2007 sem ekki er lítill.



Mynd 2.2.3. **Ýsa.** Heildarvísitölur (þyngd) úr stofnmælingum í mars og október, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.2.3. **Haddock.** Total biomass indices from the Icelandic groundfish surveys in March and October, along with the standard deviation.


2.2.4 Forsendur stofnmats

Við mat á stærð ýsustofnsins er stuðst við nokkur mismunandi líkön sem öll byggjast á aldursgreindum afla og aldursgreindum vísitölum úr SMB og/eða SMH. Gert er ráð fyrir að dánarstuðull ýsu af öðrum orsökum en veiðum (þ.e. skráðs afla) sé 0.2 fyrir allt tímabilið. Í framreikningum er gert ráð fyrir að vöxtur árið 2015 verði jafn meðalvexti árunna 2013 og 2014, það er 6% meiri en meðalvöxtur árunna 1985–2012. Þá er gert ráð fyrir að affli fiskveiðiársins 2014/2015 verði í samræmi við útgefið aflamark.

2.2.5 Ástand stofnsins og horfur

Ýsustofninn minnkaði hratt á árunum 2008–2013 þegar stórir árgangar frá 1998–2003 hurfu úr stofninum og minni árgangar tóku við. Allir árgangar frá 2005, nema árgangar 2007 og

2014 eru litlir og árgangar 2008–2013 mjög litlir (mynd 2.2.4). Undanfarin ár hefur 2007 árgangurinn verið uppistaðan í veiðistofninum og stóð hann undir 43% af aflanum árið 2013, 35% árið 2014 og á árinu 2015 er áætlað að hann verði 23% aflans. Lágt veiðiálag á undanförunum árum hefur leitt til þess að stofninn hefur minnkað hægt þrátt fyrir lélega nýliðun. Gert er ráð fyrir að veiðistofninn minnki áfram næstu tvö árin þegar 2007 árgangurinn hverfur úr stofninum, en stækki eftir það þegar 2014 árgangurinn kemur í veiðistofninn.




Mynd 2.2.4. **Ýsa.** Stærð árganga við tveggja ára aldur (í milljónum).

Figure 2.2.4. **Haddock.** Size of year classes at age 2 (in millions).

Enda þótt öll líkön sýni að stofninn minnki næstu tvö ár, er þó munur á niðurstöðum líkana sem byggjast á SMB annars vegar og SMH hins vegar. Líkön byggð á SMB benda til minni stofns, enda hafa vísitölur úr SMB lækkað hraðar en úr SMH. Endanlegt mat á stærð stofnsins er byggt á líkani sem nýtir báðar stofnmælingarnar til samstillingar.

Stofnstærð þriggja ára og eldri ýsu í upphafi árs 2015 er nú metin 112 þús. tonn, og hrygningarstofn 78 þús. tonn (mynd 2.2.5 og tafla 3.2.8). Stofnmatið nú bendir til heldur betra ástands stofnsins en matið 2014. Meðalþyngd eftir aldri er hærri en gert var ráð fyrir, og fjöldi fiska meiri. Undanfarin 3–4 ár hefur verið tilhneiging til að vanmeta stærð ýsustofnsins. Veiðihlutfall ýsu árið 2014 (mynd 2.2.5 og tafla 3.2.8) er metið 35%, sem er lægra en stefnt var að með aflareglu sem kveður á um 40% af viðmiðunarstofni.



Mynd 2.2.5. **Ýsa.** Stærð hrygningarstofns, stofnstærð þriggja ára og eldri ýsu og veiðihlutfall (afl/viðmiðunarstofn).

Figure 2.2.5. **Haddock.** Spawning stock biomass, biomass of ages 3 and older, and harvest rate (catch/reference biomass).

Árgangar 2008–2013 eru allir metnir mjög litlir (mynd 2.2.4), að meðaltali um 28 milljónir tveggja ára nýliða. Sá fjöldi svarar til um 24 þús. tonna hámarksafla úr hverjum þeirra. Tilhneiging virðist til að vanmeta stærð lítilla árganga þannig að afraksturinn gæti því orðið eitthvað meiri.

Þegar ýsustofninn var í hámarki var mat á vexti mesti óvissuþátturinn í stofnmatinu. Nokkur óvissa er um vöxt á næstu árum, en meiri um stærð árganga sem kemur meðal annars fram í um 40% mun á stofnmati byggðu á SMB og sambærilegu mati byggðu á SMH.

2.2.6 Ráðgjöf

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvarðanir stjórnvalda og ýsuafla frá árinu 1984.

Íslensk stjórnvöld tóku upp aflareglu fyrir ýsu árið 2013. Samkvæmt aflareglunni er aflamark næsta fiskveiðiárs 40% af áætluðum lífmassa 45 cm og stærri ýsu (viðmiðunarstofn) í upphafi næsta almanaksárs, sem er áætlaður 91 þús. tonn (tafla 3.2.8). Varúðarmörk (B_{lim}) hrygningarstofns eru skilgreind við sögulegt lágmark eða 45 þús. tonn. Gátmörk í aflareglu ($B_{trigger}$) voru skilgreind þau sömu. Samkvæmt aflareglunni er veiðihlutfall lækkað þegar hrygningarstofninn er metinn minni en gátmörk.


Tafla 2.2.2. **Ýsa.** Áhrif á áætlaða stofnstærð (í þús. tonna) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.

Table 2.2.2. **Haddock.** Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) based on adopted harvest control rule.

2015					2016		2017	
Áætl. affi Pred. landings	Stofn 3+ B_{3+}	Hrygn. stofn SSB	F^1	Afla- mark TAC	Stofn 3+ B_{3+}	Hrygn. stofn SSB	Stofn 3+ B_{3+}	Hrygn. stofn SSB
32	112	78	0.33	36.4	101	84	116	79

¹⁾ Meðalveiðidánartala 4–7 ára ýsu. Mean fishing mortality of age groups 4–7.


Samkvæmt núverandi stofnmati gefur 40% aflaregla 36 400 tonn á fiskveiðiárinu 2015/2016. Áætluð áhrif þess aflamarks á þróun stofnstærðar eru sýnd í töflu 2.2.2 og mynd 2.2.6 sýnir framreikninga á stærð viðmiðunarstofnsins til ársins 2018 miðað við að veitt sé samkvæmt aflareglu. Áætlað er að viðmiðunarstofninn minnki næstu tvö árin þegar árgangurinn frá 2007 hverfur úr stofninum en stækki aftur þegar árgangur 2014 kemur inn. Samkvæmt spánni verður affi fiskveiðiársins 2016/2017 um 31 þús. tonn en eykst eftir það.



Mynd 2.2.6. **Ýsa.** Stærð viðmiðunarstofns ásamt framreikningum miðað við að affi verði samkvæmt aflareglu.

Figure 2.2.6. **Haddock.** Reference biomass (45 cm and larger) and projection based on harvest control rule.

2.3 Ufsi *Pollachius virens*




Ufsi. Veðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).

Saithe. Fishing grounds in 2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.3.1 Afli og árgangaskipan

Ufsaafllinn árið 2014 var 46 þús. tonn samanborið við 58 þús. tonn árið 2013 (mynd 2.3.1 og tafla 3.3.1). Þessi munur milli almanaksára stafar að mestu leyti af því hvernig veiðar dreifðust milli mánaða, en breyting á lönduðum afla milli fiskveiðiára er minni. Aflamark fiskveiðiárið 2013/2014 var 57 þús. tonn en heildarafla varð 55 þús. tonn (tafla 2.3.1).



Mynd 2.3.1. **Ufsi.** Landaður afli eftir veiðarfærum.

Figure 2.3.1. **Saithe.** Landings by gear type.

Hlutdeild botnvröpu í heildarafla árið 2014 var 83% og 5% veiddust í net, sem eru svipuð hlutföll og meðaltalið frá 2000. Áberandi breyting á skiptingu ufsaaflla eftir veiðarfærum átti sér stað í kringum aldamótin, þar sem hlutdeild neta var að meðaltali um fjórðungur aflans árin 1980–2000, en að jafnaði innan við 10% eftir það.

Aldurssamsetning aflans 2014 er sýnd á mynd 2.3.2 ásamt spá sem gerð var við úttekt vorið 2014, en skipting aflans í fjölda eftir aldri frá og með 1980 er sýnd í töflu 3.3.2. Hlutdeild 5 og 6 ára í afla var nokkuð yfir langtíameðaltali, en hlutfall annarra aldurshópa lægra.

2.3.2 Meðalþyngd og kynþroski

Meðalþyngd 4–6 ára ufsa í afla hefur farið lækkanði síðustu ár, en meðalþyngd annarra aldursflokka mælist nú nálægt meðallagi (tafla 3.3.3). Neikvætt samband er milli árgangastærðar og meðalþyngdar. Einnig eru dæmi þess að meðalþyngd árgangs standi nánast í stað eða minnki með aldri. Slíkar breytingar hafa verið túlkaðar sem vísbendingar um að talsverður fjöldi hægvaxta ufsa hafi gengið inn á íslenskt hafsvæði. Erfitt er þó að greina á milli þess hvort þéttleiki og umhverfisþættir dragi úr vexti eða meðalþyngd minnki vegna göngu ufsa af öðrum hafsvæðum.

Ár	Tillaga	Aflamark	Afli	Afli annarra	Afli alls
Year	Rec. TAC	National TAC	Íslendinga Landings (Iceland)	þjóða Landings (others)	Total landings
1984	65	70	60	2	63
1985	60	70	55	2	57
1986	60	70	64	1	65
1987	65	70	78	2	81
1988	75	80	74	3	77
1989	80	80	80	3	82
1990	90	90	95	3	98
1991 ¹⁾	65	65	69	2	71
1991/92	70	75	86	2	88
1992/93	80	92	76	2	78
1993/94	75	85	67	2	69
1994/95	70	75	50	1	61
1995/96	65	70	40	1	41
1996/97	50	50	37	1	38
1997/98	30	30	32	1	33
1998/99	30	30	31	1	32
1999/00	25	30	30	0	30
2000/01	25	30	32	0	32
2001/02	25	37	36	0	36
2002/03	35	45	47	0	47
2003/04	50	50	56	0	56
2004/05	70	70	70	1	71
2005/06	80	80	78	0	78
2006/07	80	80	66	0	66
2007/08	60	75	68	0	68
2008/09	50	65	62	0	62
2009/10	35	50	58	0	58
2010/11	40	50	52	1	52
2011/12	45	52	50	1	51
2012/13	49	50	51	1	52
2013/14	57 ²⁾	57	54	1	55
2014/15	58 ²⁾	58			
2015/16	55 ²⁾				

¹⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*


²⁾ 20% aflaregla. *20% harvest control rule.*

Tafla 2.3.1. **Ufsi.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affi (þús. tonn).

Table 2.3.1. **Saithe.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).


Meðalþyngd ufsa í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) sýnir svipaða þróun og þyngd í lönduðum afla (tölur 3.3.3 og 3.3.4). Í stofnmælingunni er þó mun meiri breytileiki í meðalþyngd hvers aldurshóps en í afla. Við úttekt er stærð hrygningar- og viðmiðunarstofns reiknuð út frá þyngdum aldurshópa í afla.

Meðalþyngdum 4–9 ára ufsa í afla 2015 er spáð með líkani sem notar þyngd sama árgangs ári fyrir í afla og þyngd sama árs í stofnmælingu sem skýribreytur. Meðalþyngdir þriggja og 10–14 ára ufsa eru hins vegar áætlaðar út frá meðaltali síðustu þriggja ára. Í framreikningum er gert ráð fyrir að meðalþyngdir í afla næstu ára verði svipaðar og 2015.



Mynd 2.3.2. **Ufsi.** Aldursdreifing í afla 2014 (% af fjölda) borin saman við spá frá maí 2014. Meðalaldursdreifing síðustu tíu ára er jafnframt sýnd.


Figure 2.3.2. **Saithe.** Age distribution in the 2014 catch (% by number) compared to last year's prediction. Mean age distribution from the last ten years is also shown.



Mynd 2.3.3. **Ufsi.** Heildarvísitölur (þyngd) úr stofnmælingum í mars og október, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.3.3. **Saithe.** Total biomass indices from the Icelandic groundfish surveys in March and October, along with the standard deviation.

Upplýsingar um kynþroskahlutfall fást úr stofnmælingum, en töluverður breytileiki er í mældu kynþroskahlutfalli (tafla 3.3.5) sem stafar af breytileika í því hvar ufsi fæst í stofnmælingum. Við úttekt á stærð hrygningarstofns er kynþroski metinn með líkani sem nýtir gögn úr SMB og í framreikningum eru notuð gildi líkansins fyrir árið í ár. Kynþroskahlutfall 4–9 ára hefur farið lökkandi síðasta áratuginn og er nú nálægt meðallagi (tafla 3.3.6).




Mynd 2.3.4. **Ufsi.** Stærð hrygningarstofns og viðmiðunarstofns og veiðihlutfall (aflí/viðmiðunarstofn).

Figure 2.3.4. **Saithe.** Spawning stock biomass and reference biomass (ages 4+) and harvest rate (landings/reference biomass).

2.3.3 Stofnmælingar

Ufsi mælist fremur illa í stofnmælingum með botnvörpu, enda er hann torfufiskur sem gjarnan heldur sig talsvert ofan við botn. Þetta kemur fram í vísitölum stofnmælinga sem sýna miklar breytingar frá einu ári til annars, sér í lagi á árunum fyrir 1996 (mynd 2.3.3). Breytileiki í stofnvísitölum er einn helsti óvissuþátturinn í stofnmati ufsa. Þrátt fyrir það sýnir samanburður fyrri ára að hægt er að nýta vísitölur úr SMB (tafla 3.3.7) við mat á stofnstærð. Heildarvísitala úr SMB var lág 2007–2011, hækkaði 2012–2013 en aftur



Mynd 2.3.5. **Ufsi.** Stærð árganga við þriggja ára aldur (í milljónum).

Figure 2.3.5. **Saithe.** Size of year classes at age 3 (in millions).

lægri 2014–2015 (mynd 2.3.3). Stofnmæling að hausti (SMH) bendir til vaxandi stofns á undanförunum árum en mikil óvissa er þó í matinu.

2.3.4 Ástand stofnsins og horfur

Við stofnstærðarmat er notað aldurs-afalíkan sem er fellt að aldursgreindum afla og aldurskiptum fjöldavísitölum úr SMB. Gert er ráð fyrir föstu veiðimynstri innan þriggja tímabila, árána 1980–1996, 1997–2003 og loks frá og með 2004. Upphaf annars tímabilsins miðast við minnkaða hlutdeild neta frá 1997. Upphaf þriðja tímabilsins miðast við vísbendingar í gögnum um að veiðar hafi færst í auknum mæli í smáfisk.

Hrygningarstofninn í ársbyrjun 2015 er metinn 139 þús. tonn og viðmiðunarstofninn (4 ára og eldri) 255 þús. tonn (mynd 2.3.4 og tafla 3.3.8). Viðmiðunarstofninn er metinn nálægt langtímameðaltali og hefur á síðustu tíu árum verið á bilinu 220–310 þús. tonn. Veiðihlutfall (aflí/viðmiðunarstofn) ársins 2014 er metið 18% en 22% árið á undan. Þessar sveiflur í veiðihlutfalli almanaksára endurspeglar að hátt hlutfall afla fiskveiðiársins 2013/2014 var veitt haustið 2013. Að jafnaði hefur veiðihlutfallið verið nálægt 20% á síðustu árum.


Tafla 2.3.2. **Ufsi.** Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.

Table 2.3.2. **Saithe.** Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) based on adopted harvest control rule.

2015				2016		2017	
Áætl. aflí Pred. landings	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn SSB	Aflamark TAC	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn SSB	Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn SSB
57	255	139	55	238	138	227	130

Nýliðun er metin sem fjöldi við þriggja ára aldur. Árgangarnir frá 2008 og 2009 eru metnir yfir meðallagi en nýliðun hefur verið minni á síðustu árum (mynd 2.3.5). Góð nýliðun 1998–2002 varð til þess að viðmiðunarstofninn var tiltölulega stór 2003–2007, aflinn á þeim árum var að meðaltali 65 þús. tonn og veiðihlutfallið 22%. Eftir því sem þessir árgangar hurfu úr stofninum var hins vegar ekki dregið jafn hratt úr veiðum, með þeim afleiðingum að veiðihlutfallið varð hærra 2008 og 2009 en árin á undan, eða 28%.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að aflí árið 2015 verði 57 þús. tonn, byggt á notkun aflareglu. Framreikningar benda til að viðmiðunarstofninn í ársbyrjun 2016 verði um 238 þús. tonn og hrygningarstofninn 138 þús. tonn (mynd 2.3.6).



Mynd 2.3.6. **Ufsi.** Stærð viðmiðunarstofns ásamt framreikningum miðað við að aflí verði samkvæmt aflareglu.



Figure 2.3.6. **Saithe.** Reference biomass and projection based on harvest control rule.

2.3.5 Ráðgjöf

Tafla 2.3.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og ufsafla síðan 1984.

Árið 2013 tóku íslensk stjórnvöld upp formlega nýtingarstefnu fyrir ufsaveiðar. Nýtingarstefnan byggist á aflareglu sem setur aflamark komandi fiskveiðiárs sem meðaltal síðasta aflamarks og 20% af viðmiðunarstofni núverandi árs. Ef hrygningarstofn fer undir gátmörk ($B_{\text{trigger}} = 65$ þús. tonn) er dregið úr veiðihlutfallinu. Samkvæmt fyrirbyggjandi stofnmati gefur aflareglan 55 þús. tonn á fiskveiðiárinu 2015/2016. Áætluð áhrif þessa aflamarks á þróun stofnstærðar eru sýnd í töflu 2.3.2.

2.4 Gullkarfi *Sebastes norvegicus*



Gullkarfi. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).


Golden redfish. Fishing grounds in 2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.4.1 Afli og árgangskipan í veiðum

Gullkarfi á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar er talinn af sama stofni. Síðustu tvo áratugina hafa 90–98% af heildarafla gullkarfa á þessu svæði verið veidd á Íslandsmiðum (tafla 3.4.1 og mynd 2.4.1). Heildaraflinn var mestur árið 1982 eða 130 þús. tonn, en eftir það minnkaði árlegur afli jafnt og þétt til ársins 1996. Á tímabilinu 1996–2013 var aflinn á bilinu 33–53 þús. tonn, mestur árið 2013. Heildaraflinn árið 2014 var tæp 51 þús. tonn, sem var um 2 500 tonna minnkun frá árinu áður.

Gullkarfaafli á Íslandsmiðum árið 2014 var tæp 48 þús. tonn sem er 3 500 tonnum minna en árið áður. Mestur hluti gullkarfa sem veiddur er á Íslandsmiðum veiðist í botnvörpu.

Árlegur afli við Austur-Grænland jókst úr rúmlega 200 tonnum árið 2009 í um 2 700 tonn árið 2014, sem er mesti afli síðan í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar (tafla 3.4.1). Við Færeyjar hefur gullkarfaafli minnkað mikið á undanförunum árum. Ársafla á árunum 2000–2005 var á bilinu 1 000–2 500 tonn en var einungis 200 tonn árið 2014.




Mynd 2.4.1. **Gullkarfi.** Landaður afli á svæðinu A-Grænland/Ísland/Færeyjar.

Figure 2.4.1. **Golden redfish.** Landings from East Greenland, Icelandic and Faroese waters.

Árgangarnir frá 2000–2004 (10–14 ára karfi) voru uppistaða aflans árið 2014 (mynd 2.4.2). Árgangar 1996–1999 eru að hverfa hratt úr veiðinni, mun hraðar en sterku árgangarnir frá 1985 og 1990, sem voru algengastir í afla á árunum 1995–2007.

2.4.2 Stofnmælingar

Heildarvísitala gullkarfa í SMB lækkaði hratt frá 1985 til 1995 (mynd 2.4.3). Frá árinu 1996 hefur vísitalan hækkað og mælingar síðustu sex ára hafa verið þær hæstu frá upphafi mælinganna 1985. Undanfarnin ár hefur lítið fengist af smákarfa undir 30 cm, sem bendir til slakrar nýliðunar.




Mynd 2.4.2. **Gullkarfi.** Aldursdreifing í afla (% af fjölda) árið 2014.

Figure 2.4.2. **Golden redfish.** Age distribution in the 2014 catch (% by number).

Vísitölur úr SMH ná yfir styttra tímabil en SMB. Líkt og í SMB hafa heildarvísitölur í SMH hækkað jafnt og þétt frá árinu 2000 og eru vísitölur síðustu þriggja ára þær hæstu frá árinu 1996. Líkt og í SMB hefur lítið mælst af gullkarfa minni en 30 cm.

Skekkjumörk á mati vísitalna í SMB og SMH hafa síðastliðinn áratug verið við samanborið við áratuginn á undan. Þessi víðu skekkjumörk stafa af því að oft fæst tiltölulega stór hluti gullkarfans á fáum stöðvum. Erfitt getur verið að túlka breytingar á vísitölum þegar mæliskekkjan er mikil, og breytingar á vísitölum þurfa ekki allar að vera til komnar vegna breytinga á stofnstærð.

Aldursskiptar vísitölur úr SMH gefa til kynna að árgangarnir frá 1996–2004 séu yfir meðalstærð. Ólíkt því sem var með sterku árgangana frá 1985 og 1990 mældust árgangar 1996–2004 ekki sterkir sem ungfiskur í stofnmælingum, sem bendir til þess að aukning í veiðistofni sé vegna gangna frá öðrum hafsvæðum. Aldursskiptar vísitölur benda til að 2008–2010 árgangarnir séu litlir.



Mynd 2.4.3. **Gullkarfi.** Heildarvísitölur (í þyngd) úr stofnmælingum í mars og október, ásamt staðalfrávikum.


Figure 2.4.3. **Golden redfish.** Total biomass indices in the Icelandic groundfish surveys in March and October, along with the standard deviation.

2.4.3 Forsendur stofnmats

Við mat á stofnstærð gullkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar er notað aldurs- og lengdarháð stofnlíkan (Gadget, sjá viðauka 5.1). Líkanið er fellt að aldurs- og lengdargögnum úr afla frá Austur-Grænlandi, Íslandi og Færeyjum og úr stofnmælingum frá Austur-Grænlandi og Íslandi. Líkanið tekur einnig tillit til breytinga sem hafa orðið á vexti frá árinu 2000, en gullkarfi vex nú hraðar og verður fyrir kynþroska en fyrir síðustu aldamót.

2.4.4 Ástand stofnsins og horfur

Mynd 2.4.4 sýnir þróun hrygningarstofns og veiðidánartölu gullkarfa 9–19 ára. Veiðidánartalan var að meðaltali 0.16 á tímabilinu 1980–2005, en hefur lækkað á síðari árum og var 0.10 árið 2014 sem er við þá veiðidánartölu sem gefur hámarksafkastur.



Mynd 2.4.4. **Gullkarfi**. Stærð hrygningarstofns og veiðidánartala, ásamt framreikningum miðað við kjörsókn ($F_{MSY,9-19} = 0.097$).

Figure 2.4.4. **Golden redfish**. Spawning stock biomass and fishing mortality, along with projected biomass based on $F_{MSY,9-19} = 0.097$.

Hrygningarstofninn minnkaði hratt á árunum 1982–1995. Frá 1995–2005 fór hann hægt stækkandi en hefur síðan stækkað hratt og er nú svipaður og í upphafi nífunda áratugar síðustu aldar.

Stofnmælingar við Ísland og Austur-Grænland sýna að nýliðun gullkarfa hefur verið léleg undanfarin ár. Mælingar í SMH benda til þess að árgangar 2008–2010 séu þeir slökustu síðan mælingar hófust árið 1996. Undanfarin ár hefur lítið fengist af smákarfa undir 30 cm í stofnmælingum við Ísland og Grænland, sem bendir til slakrar nýliðunar á undanförunum árum. Þó ber þess að geta að stofnmælingaleiðangrar, sérstaklega við Grænland, ná ekki yfir allt útbreiðslusvæði smákarfa. Því er töluverð óvissa í niðurstöðum um stærð uppvaxandi árganga.

Ef aflareglu verður fylgt mun hrygningarstofninn stækka á næstu árum nema nýliðun verði mjög léleg. Framreikningarnir sem eru sýndir á mynd 2.4.4 miðast við meðalnýliðun eftir 2006, en sú forsenda er hugsanlega of bjartsýn. Forsendur um nýliðun hafa hins vegar mjög lítil áhrif á aflamark næsta árs samkvæmt aflareglu.

Fisk- veiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark f. Ísl.mið National TAC	Afli á Ísl.miðum Landings Icel. waters	Afli á öðrum miðum ¹⁾ Landings other areas ¹⁾	Heildar- afli Total landings
1994/95	25	77 ²⁾	40	3	43
1995/96	25	65 ²⁾	37	2	39
1996/97	30	65 ²⁾	36	3	39
1997/98	35	65 ²⁾	35	3	38
1998/99	35	65 ²⁾	41	1	42
1999/00	35	60 ²⁾	37	2	39
2000/01	35	57 ²⁾	37	2	39
2001/02	30	65 ²⁾	46	2	48
2002/03	35	60 ²⁾	42	2	44
2003/04	35	57 ²⁾	30	1	31
2004/05	35	57 ²⁾	40	3	43
2005/06	35	57 ²⁾	38	1	39
2006/07	35	57 ²⁾	42	1	43
2007/08	35	57 ²⁾	35	1	36
2008/09	30	50 ²⁾	44	1	45
2009/10	30	50 ²⁾	36	2	38
2010/11	30	37.5	39	2	41
2011/12	40	40	44	2	46
2012/13	45	45	46	2	48
2013/14	52	52	52	3	55
2014/15	48 ³⁾	45.6			
2015/16	51 ³⁾				

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.

²⁾ Sameiginlega fyrir gullkarfa og djúpkarfa.
Both golden redfish and demersal deep sea redfish.

³⁾ Aflaregla fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.
Harvest control rule for East-Greenland/Iceland/Faroes.

Tafla 2.4.1. **Gullkarfi**. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Table 2.4.1. **Golden redfish**. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).

2.4.5 Ráðgjöf


Tafla 2.4.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla fyrir gullkarfa, ákvarðanir stjórnvalda um aflamark og heildarafla á Íslandsmiðum frá fiskveiðiarinu 1994/1995.

Að ósk ráðherra sjávarútvegsmála, fyrir hönd Grænlands, Íslands og Færeyja, vann Hafrannsóknastofnun að tillögum um nýtingarstefnu og aflareglu fyrir gullkarfa og lauk þeirri vinnu í febrúar 2014 með mati Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á tillögunum. Aflareglan er metin í samræmi við varúðarsjónarmið og leiðir til hámarksafraksturs til lengri tíma litið. Aflareglan var formlega tekin upp af íslenskum stjórnvöldum í mars 2014 en samkomulag við Grænland og Færeyjar hefur enn ekki verið staðfest.

Tæknileg úttekt á eiginleikum líkansins sem notað er við mat á stofnstærð gullkarfa fór fram á vegum ICES og voru skilgreind gátmörk (B_{trigger}) og varúðarmörk (B_{lim}) fyrir stofninn. Þessi mörk miðast við hrygningarstofn og eru varúðarmörkin skilgreind við 160 þús. tonn, sem er lægsta sögulega gildi hrygningarstofns, og gátmörk við 220 þús. tonn. Aflareglan miðar að því að hámarka langtíma afla með fiskveiðidánartölu $F_{\text{MSY},9-19} = 0.097$ en dregið úr fiskveiðidauða ef stofninn er metinn undir gátmörkum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi stofnmati gefur aflaregla 51 þús. tonn á fiskveiðiarinu 2015/2016 á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.

2.5 Djúpkarfi og úthafskarfi *Sebastes mentella*



Djúpkarfi Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Demersal deep sea redfish Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.5.1 Stofngerð

Djúpkarfi í landgrunnshlíðum Grænlands, Íslands og Færeyja og úthafskarfi í Grænlandshafi og nærliggjandi hafsvæðum eru taldir til sömu tegundar. Veiðar á djúpkarfa hafa verið stundaðar frá byrjun sjötta áratugar síðustu aldar en veiðar á úthafskarfa hófust árið 1982. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) skilgreinir djúpkarfa við Ísland og úthafskarfa í Grænlandshafi og aðliggjandi hafsvæðum sem þrjá líffræðilega aðgreinda stofna:

1. Djúpkarfi í landgrunnshlíðum Íslands
2. Úthafskarfi í Grænlandshafi, grynna en 500 m
3. Úthafskarfi í Grænlandshafi, dýpra en 500 m

Landgrunn og landgrunnshlíðar Grænlands eru talin vera uppeldissvæði karfa sem finnst á öllum ofangreindum svæðum.

Ekki er talið mögulegt að stjórna djúpkarfaveiðunum m.t.t. dýpis og því er ráðgjöf byggð á svæðastjórnun. ICES hefur lagt til fjórar stjórnunareiningar við veiðar á djúpkarfa:

1. Landgrunnshlíðar Íslands
2. Suðvestur-Grænlandshaf
3. Norðaustur-Grænlandshaf
4. Við Austur-Grænland

Ofangreind svæðastjórnun byggist á því að veiðar á karfa í Norðaustur-Grænlandshafi eru að stærstum hluta á meira en 500 m dýpi en veiðar í Suðvestur-Grænlandshafi að mestu leyti á minna en 500 m dýpi.

Veiðar á úthafskarfa eru stundaðar á alþjóðlegum hluta Grænlandshafs og í fiskveiðilögsögum Grænlands og Íslands. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) fer með stjórnun veiðanna en ICES veitir ráðgjöf.


Í þessum kafla er fjallað um hvern þessara þriggja stofna fyrir sig, þ.e. djúpkarfa í landgrunnshlíðum Íslands, úthafskarfa á minna en 500 m dýpi (efri stofn) og úthafskarfa á meira en 500 m dýpi (neðri stofn).

2.5.2 Djúpkarfi í landgrunnshlíðum Íslands

Djúpkarfi á Íslandsmiðum hefur lengst af verið veiddur í botnvörpu. Á tíunda áratug síðustu aldar voru þó umtalsverðar flotvörpuveiðar sem hafa lagst af. Helstu veidisvæðin eru í landgrunnshlíðunum á um 450–600 m dýpi, frá Víkurál vestur af Vestfjörðum, suður og austur um að vesturkanti Íslands–Færeyjahryggs.

2.5.2.1 Aflí

Áætlaður djúpkarfaafli árið 2014 var 9500 tonn, sem er um 700 tonnum meira en árið áður. Aflinn árin 2013 og 2014 er minnsti aflí frá 1980 (tafla 3.5.1 og mynd 2.5.1). Aflinn náði hámarki árið 1994 og var þá um 57 þús. tonn, en var á bilinu 29–38 þús. tonn árin 1996–2000 og 12–28 þús. tonn á árunum 2001–2012.




Mynd 2.5.1. **Djúpkarfi.** Landaður aflí á Íslandsmiðum.

Figure 2.5.1. **Demersal deep sea redfish.** Landings from Icelandic grounds.

2.5.2.2 Ástand stofnsins

Vísitala veiðistofns djúpkarfa í stofnmælingu botnfiska að hausti (SMH) 2000–2014 er sýnd á mynd 2.5.2. Heildarvísitala djúpkarfa hækkaði árið 2014 samanborið við árið 2013, en hefur þó farið hægt lækkandi frá árinu 2000. Smáum djúpkarfa (minni en 30 cm) hefur einnig fækkað mikið á tímabilinu sem gefur til kynna að lítil nýliðun hafi verið í veiðistofninn.



Mynd 2.5.2. **Djúpkarfi.** Heildarvísitala (þyngd) samkvæmt stofnmælingu botnfiska að hausti ásamt staðalfrávikum. Ekki var farið leiðangur árið 2011.

Figure 2.5.2. **Demersal deep sea redfish.** Total biomass index from the Icelandic groundfish survey in October, along with the standard deviation. The survey was not conducted in 2011.

Landgrunníð við Austur-Grænland er talið vera uppvaxtarsvæði djúpkarfa í landgrunnshlíðum Íslands, en er einnig uppvaxtarsvæði djúpkarfa við Austur-Grænland og úthafskarfa-stofnanna. Óvíst er hversu stór hluti karfa frá þessu svæði skilar sér í veiðistofn djúpkarfa við Ísland.

Í stofnmælingum Þjóðverja á landgrunninu við Austur-Grænland mældist á árunum 2003–2005 mikið af smáum djúpkarfa (20–30 cm). Á árunum 2006–2010 fækkaði honum, en 30 cm og stærri fjölgadi. Síðan þá hefur lítið mælst af smáum djúpkarfa og hefur ekki mælst minna af honum frá upphafi mælinga árið 1982. Jafnframt hefur djúpkarfa 30 cm og stærri fækkað umtalsvert. Í leiðöngurum Grænlandinga við Austur-Grænland, sem ná dýpra en leiðangrar Þjóðverja, jókst vísitala djúpkarfa frá árinu 2003 fram til ársins 2010 og hefur haldist há síðan. Er líklegt að hluti djúpkarfans sem er að finna á landgrunninu hafi fært sig dýpra. Þessi aukning við Austur-Grænland leiddi til þess að veiðar á karfa hófust þar

að nýju árið 2009 eftir um 15 ára hlé. Árlegur djúpkarfaafi við Austur-Grænland árin 2010–2013 var um 6 600 tonn, en var 4 600 tonn árið 2014.

2.5.2.3 Ráðgjöf

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla fyrir djúpkarfa (sem lengst af miðuðust við svæðið Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar en hafa frá fiskveiði-árinu 2010/2011 miðast við Íslandsmið), ákvarðanir stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland og heildarafla á Íslandsmiðum frá fiskveiðiárinu 1994/1995.

Ár	Tillaga	Aflamark	Affi	Affi annarra	Affi alls
Year	Rec. TAC	National TAC	Landings (Iceland)	Landings (others)	Total landings
1994/95	40 ¹⁾	77 ²⁾	52	1	53
1995/96	35 ¹⁾	65 ²⁾	41	1	42
1996/97	35 ¹⁾	65 ²⁾	38	1	39
1997/98	30 ¹⁾	65 ²⁾	33	1	33
1998/99	30 ¹⁾	65 ²⁾	32	1	33
1999/00	25 ¹⁾	60 ²⁾	25	2	27
2000/01	22 ¹⁾	57 ²⁾	22	2	24
2001/02	30 ¹⁾	65 ²⁾	20	1	21
2002/03	25 ¹⁾	60 ²⁾	23	2	25
2003/04	22 ¹⁾	57 ²⁾	20	1	21
2004/05	22 ¹⁾	57 ²⁾	21	1	22
2005/06	22 ¹⁾	57 ²⁾	17	1	18
2006/07	22 ¹⁾	57 ²⁾	18	1	19
2007/08	22 ¹⁾	57 ²⁾	17	-	17
2008/09	10 ¹⁾	50 ²⁾	22	-	22
2009/10	10	50 ²⁾	18	-	18
2010/11	10	12.5	12	-	12
2011/12	10	12	12	-	12
2012/13	10	10	10	-	10
2013/14	10	10	9.7	-	9.7
2014/15	10	10			
2015/16	10				

Tafla 2.5.1. **Djúpkarfi.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affi (þús. tonn).

Table 2.5.1. **Demersal deep sea redfish.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).

¹⁾ Tillögur um hámarksafla fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. TAC recommendation applied to East Greenland/Iceland/Faroes.

²⁾ Sameiginlega fyrir gullkarfa og djúpkarfa. Both golden redfish and demersal deep sea redfish.


Djúpkarfi er langlíf, hægvoxta tegund og nær ekki kynþroska fyrr en um 12 ára aldur. Slíkum tegundum er sérstaklega hætt við ofveiði og langan tíma þarf til að ná viðsnúningi í stofnþróun eftir ofveiði. Einnig er veiðihlutfall sem gefur hámarksafrakstur til lengri tíma lítið mun lægra en í skammlífari tegundum. Því er mikilvægt að fara varlega við nýtingu stofnsins.

Litlar upplýsingar eru til um afrakstursgetu stofnsins og töluverð óvissa er um stofnstærð. Ekki er unnt að framkvæma stofnmat með aldurs- og lengdarháðum stofnlíkönum þar sem litlar upplýsingar eru til um aldursamsetningu stofnsins og tímaraðir eru stuttar. Því byggist ráðgjöf á þróun stofnstærðar í SMH. Veiðistofn djúpkarfa samkvæmt SMH er talinn lítill miðað við það sem var í kringum aldamótin. Þó dregið hafi úr sókn síðastliðinn áratug hefur það ekki leitt til stækkunar stofnsins. Hafrannsóknastofnun leggur því til að sókn í djúpkarfa við Ísland verði áfram takmörkuð þannig að affi fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 10 þús. tonn.

2.5.3 Úthafskarfi, efri stofn

2.5.3.1 Affi


Veiðar á úthafskarfastofninum sem er á minna en 500 m dýpi eru að mestu stundaðar í hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og í fiskveiðilögsögu Grænlands frá júlí til október.



Úthafskarfi, efri stofn. Veidisvæði íslenskra skipa árin 2001–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²). Skilgreint veidisvæði neðri stofnsins er afmarkað á myndinni.

Shallow pelagic redfish. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2001–2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²). The polygon indicates the region for the deep pelagic management unit.

Mynd 2.5.3 sýnir heildar afla frá árinu 1982, tafla 3.5.2 aflann eftir svæðum og tafla 3.5.3 sýnir afla eftir þjóðum. Fyrstu fimm árin var aflinn á bilinu 60–105 þús. tonn en á árunum 1989–1991 minnkaði afli verulega vegna minni sóknar. Árlegur afli jókst síðan aftur í um 100 þús. tonn á árunum 1993–1995. Á árunum 1996–2005 var aflinn 25–55 þús. tonn og er þessi minnkun meðal annars vegna aukinnar sóknar í neðri úthafskarafstofninn (sjá kaffla 2.5.4). Frá árinu 2006 hefur dregið verulega úr veiði og var aflinn rúm 200 tonn árið 2011, sem er minnsti afli síðan veiðar hófust. Árlegur afli árin 2012–2014 hefur verið 1 500–3 500 tonn, að mestu veiddur af Rússum á hinni hefðbundnu veiðislóð suðaustur og suður af Hvarfi.



Mynd 2.5.3. Úthafskarfi, efri stofn. Landaður afli í Grænlandshafi.

Figure 2.5.3. **Shallow pelagic redfish.** Landings from the Irminger Sea.


Afli Íslendinga jókst úr tæpum 4 þús. tonnum árið 1989 í rúm 12 þús. tonn árið 1992 (tafla 3.5.3 og mynd 2.5.3). Árin 1997–2006 var afli Íslendinga 1–15 þús. tonn. Síðan þá hafa Íslendingar ekki stundað beinar veiðar og árlegur afli verið innan við 100 tonn.

2.5.3.2 Ástand stofnsins

Stofnstærð efri stofns úthafskarfa í Grænlandshafi var mæld sumarið 2013 í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Þjóðverja og Rússa. Niðurstöður bergmálmælinga gáfu til kynna að stofnstærð hefði minnkað úr 2,2 milljónum tonna árið 1994 í um 91 þús. tonn árið 2013, sem er minnsta magn sem mælst hefur frá upphafi mælinga árið 1991 (mynd 2.5.4). Mest mældist suður og suðvestur af Hvarfi líkt og í fyrri mælingum. Næsti leiðangur verður sumarið 2015.

2.5.3.3 Ráðgjöf

Tafla 2.5.2 sýnir tillögur ICES um samanlagðan hámarksafla fyrir báða úthafskarafstofnana frá árinu 1989, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland frá árinu 1996,



Mynd 2.5.4. Úthafskarfi, efri stofn. Niðurstöður bergmálmælinga úr alþjóðlegum karfaleiðangri í Grænlandshafi og flatarmál mælingasvæðis.


Figure 2.5.4. *Shallow pelagic redfish.* Acoustic estimates from the international redfish survey in the Irminger Sea and adjacent waters, and size of the area surveyed.

afla Íslendinga og heildarafla frá árinu 1989. Frá árinu 2000 hafa íslensk stjórnvöld haft aðskilið aflamark fyrir úthafskarfastofnana í samræmi við ráðleggingar ICES.

Vegna mjög neikvæðrar þróunar á stofnstærð efri stofns úthafskarfa hefur ICES ráðlagt, frá árinu 2010, að ekki skuli stunda beinar veiðar úr stofninum. Ráðgjafarnefnd ICES mun veita ráðgjöf um hámarksafla ársins 2016 í október 2015. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð karfa í Grænlandshafi og nærliggjandi hafsvæðum í rannsóknarleiðangri sem farinn verður í júní–júlí 2015.

NEAFC hefur frá árinu 2011 samþykkt að engin veiði yrði úr efri stofni úthafskarfa þar sem ástand stofnsins er talið mjög slæmt. Rússar hafa mótmælt samkomulaginu og sett sér einhliða aflamark sem nær til beggja stofna úthafskarfa.

2.5.4 Úthafskarfi, neðri stofn



Úthafskarfi, neðri stofn. Veiðisvæði íslenskra skipa árin 2004–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²). Skilgreint veiðisvæði neðri stofnsins er afmarkað á myndinni.

Deep pelagic redfish. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2004–2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²). The polygon indicates the region for the deep pelagic management unit.

2.5.4.1 Afla

Á árunum 1992–1994 þróuðust veiðar á úthafskarfa í þá veru að sífellt stærri hluti aflans var veiddur úr neðri stofninum, á meira en 500 m dýpi, vestan við Reykjanes hrygg við íslensku og grænlandsku lögsögurnar og innan þeirrar íslensku. Veiðarnar eru að mestu stundaðar á tímabilinu maí–júlí. Veiðist þá aðallega karfi stærri en 40 cm sem er stærri karfi en veiðist úr efri stofni. Frá árinu 1996 hefur úthafskarfaafli íslenska flotans aðallega verið úr þessum stofni.

Tafla 3.5.2 og mynd 2.5.5 sýna heildarafla frá árinu 1991 og tafla 3.5.4 sýnir afla helstu veiðipjóða. Aflinn var á bilinu 75–140 þús. tonn 1995–2004, mestur árið 1996. Frá árinu 2005 hefur aflinn dregist verulega saman og verið á bilinu 30–67 þús. tonn.

Tafla 2.5.2. **Úthafskarfi, efri og neðri stofnar.** Tillögur Aþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um hámarksaflla, heildaraflamark íslenskra skipa samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affi (þús. tonn).

Table 2.5.2. **Shallow and deep pelagic redfish.** TAC recommended by ICES, national TAC, and landings (thous. tonnes).


Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark fyrir Ísland National TAC	Úthafskarfi, efri stofn Shallow pelagic redfish			Úthafskarfi, neðri stofn Deep pelagic redfish		
			Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
1989	90–100	-	3.8	35.0	38.8	0.0	0.0	0.0
1990	90–100	-	4.5	27.4	31.9	0.0	0.0	0.0
1991	66	-	8.7	18.5	27.2	0.1	0.0	0.1
1992	-	-	12.1	50.5	62.6	3.4	0.0	3.4
1993	50	-	10.2	90.6	100.8	12.7	2.3	15.1
1994	100	-	5.9	91.0	96.9	47.4	4.4	51.8
1995	100	-	8.7	91.4	100.1	25.9	49.8	75.7
1996	-	45.0	5.8	36.0	41.8	57.1	81.4	138.6
1997	-	45.0	4.4	23.3	27.7	36.8	58.2	95.1
1998	-	45.0	2.0	22.2	24.2	46.5	46.3	92.8
1999	-	45.0	3.7	21.8	25.5	40.3	43.9	84.2
2000	85	45.0 (13.0 ²)	3.8	29.5	33.2	41.5	51.6	93.1
2001	85	45.0 (13.0 ²)	14.7	27.1	41.8	27.7	59.3	87.0
2002	85	45.0 (10.0 ²)	5.2	38.0	43.2	39.3	63.9	103.2
2003	119	55.0 (10.0 ²)	4.3	52.4	56.7	44.6	59.7	104.3
2004	120	55.0 (10.0 ²)	5.7	28.2	33.9	31.1	60.9	92.0
2005	41	34.5 (6.3 ²)	3.1	25.1	28.2	12.9	32.6	45.5
2006	41	28.6 (5.2 ²)	1.3	14.4	15.7	20.9	46.3	67.3
2007	0	21.1 (3.8 ²)	0.1	6.1	6.1	18.1	40.4	58.5
2008	20	21.1 (7.4 ²)	0.1	1.9	2.0	6.7	23.3	30.0
2009	20	21.1 (6.3 ²)	0.0	2.4	2.4	15.1	38.9	54.0
2010	20 ¹⁾	21.1 (6.3 ²)	0.0	2.2	2.4	14.8	44.5	59.3
2011	20 ¹⁾	11.8 (0 ²)	0.1	0.2	0.3	12.0	35.3	47.3
2012	20 ¹⁾	9.8 (0 ²)	0.0	3.2	3.2	5.9	26.9	32.8
2013	20 ¹⁾	8.1 (0 ²)	0.0	1.5	1.5	8.5	37.5	46.0
2014	20 ¹⁾	6.2 (0 ²)	0.3	6.1	6.1	2.1	21.7	23.8
2015	10 ¹⁾	2.9 (0 ²)						

1) Tillaga ICES fyrir neðri stofn úthafskarfa. ICES lagði til veiðibann fyrir efri stofn úthafskarfa.
ICES advice for the deep pelagic stock. ICES recommended a moratorium for the shallow pelagic stock.

2) Úthlutað aflamark fyrir suðursvæði (efri stofn).
TAC for southern fishing area (shallow pelagic stock).

Aflinn árið 2014 er áætlaður tæp 24 þús. tonn sem er rúmlega 22 þús. tonna minnkun frá árinu áður og minnsti affi síðan 1993 þegar veiðarnar voru að byrja.

Afli Íslendinga jókst úr 3 000 tonnum árið 1992 í 57 þús. tonn árið 1996 (tafla 3.5.4 og mynd 2.5.5). Árin 1997–2004 var aflinn á bilinu 28–47 þús. tonn en hann hefur dregist verulega saman á undanförunum árum. Aflinn árið 2014 var um 2 000 tonn sem er minnsti affi frá upphafi.




Mynd 2.5.5. **Úthafskarfi, neðri stofn.** Landaður affi í Grænlandshafi.

Figure 2.5.5. **Deep pelagic redfish.** Landings from the Irminger Sea.

2.5.4.2 Ástand stofnsins

Stofnstærð neðri stofns úthafskarfa í Grænlandshafi var mæld sumarið 2013 í sameiginlegum rannsóknaleiðangri Íslendinga, Rússa og Þjóðverja. Var þetta í áttunda sinn frá árinu 1999 sem slíkur alþjóðlegur leiðangur var farinn. Til þess að meta stofnstærðina hefur svokallaðri trollaðferð verið beitt, en ekki hefur verið hægt að beita bergmálstækni við matið. Mælingar árána 2005 og 2007 eru ekki sambærilegar við aðrar mælingar vegna breytinga á framkvæmd leiðangursins og gæti hluti þess magns sem metið var þau ár tilheyrt efri stofninum.

Árið 2013 mældust rúm 280 þús. tonn af karfa, það minnsta síðan mælingar hófust árið 1999. Mest mældist af karfa árið 2001 eða um ein milljón tonn (mynd 2.5.6).



Mynd 2.5.6. Úthafskarfi, neðri stofn. Heildarvísitölur úr alþjóðlegum karfaleiðangri í Grænlandshafi og flatarmál mælingasvæðis.

Figure 2.5.6. Deep pelagic redfish. Total biomass index from the international redfish survey in the Irminger Sea and adjacent waters, and size of the area surveyed.

2.5.4.3 Ráðgjöf

Tafla 2.5.2 sýnir tillögur ICES um hámarksafla fyrir báða úthafskarfastofnana frá árinu 1989, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark fyrir Ísland frá árinu 1996, afla Íslendinga og heildarafla frá árinu 1989.


NEAFC samþykkti árið 2011 að draga úr sókn og að árið 2014 yrði aflinn í samræmi við ráðgjöf ICES. Í samkomulaginu var enn fremur ákveðin skipting heildaraflamarks á milli ríkjanna, en áður höfðu þau sett sér einhliða aflamark. Þannig koma rúmlega 31% í hlut Íslands.

Ráðgjafarnefnd ICES lagði til að verulega verði dregið úr veiði úr neðri stofni úthafskarfa árið 2015 og að hámarksafla fari ekki yfir 10 þús. tonn. Nefndin telur að vegna mjög neikvæðrar þróunar í vísitölum stofnstærðar á undanförunum árum sé nauðsynlegt að draga úr sókn, þar sem hún hefur verið langt umfram afrakstursgetu stofnsins. NEAFC samþykkti að afli úr neðri stofni úthafskarfa yrði 10 þús. tonn fyrir árið 2015 og er aflamark íslenskra skipa tæp 3000 tonn árið 2015. Rússar mótmæltu samkomulaginu og ákváðu að aflamark rússneskra skipa á árinu 2015 verði rúm 27 þús. tonn, sem er sama aflamark og fyrir árið 2014. Nær aflamarkið bæði til efri og neðri stofns úthafskarfa þar sem þeir telja að um einn stofn sé að ræða. Því er heildaraflamark ársins 2015 um 35 þús. tonn.

Litlar upplýsingar eru til um aldurssamsetningu neðri stofns úthafskarfa og eru tíma-ráðir gagna stuttar. Því er ekki hægt að framkvæma stofnmat með aldurs- og lengdarháðum stofnlíkönunum. Byggist ráðgjöf því á þróun stofnsins samkvæmt alþjóðlegum karfaleiðangri sem hefur verið farinn annað hvert ár síðan 1999.

Ráðgjafarnefnd ICES mun veita ráðgjöf um hámarksafla ársins 2016 úr neðri úthafskarfastofninum í október 2015. Mun þar m.a. verða byggt á niðurstöðum mælinga á stofnstærð karfa í Grænlandshafi og aðliggjandi hafsvæðum í leiðangri Íslendinga og Þjóðverja í júní–júlí 2015.

2.6 Litli karfi *Sebastes viviparus*




Litli karfi. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Norway redfish. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.6.1 Veiðar og afli

Litli karfi er smæstur karfategunda við Ísland og nær sjaldan meira en 30 cm lengd. Hann finnst einkum suður af landinu. Lítið er vitað um líffræði tegundarinnar, en þó er vitað að hann vex hægt og getur náð háum aldri líkt og aðrar karfategundir.

Árið 1997 hófust beinar veiðar á litla karfa fyrir Suðurlandi og alls veiddust 1 200 tonn það ár. Aflinn minnkaði hratt næstu ár og var einungis rúm 200 tonn árið 2000 (mynd 2.6.1 og tafla 3.6.1). Landaður afli var mjög lítill á árunum 2001–2009 en árið 2010 hófust beinar veiðar að nýju og var landaður afli 2 600 tonn, sem er mesti afli til þessa. Síðan hefur aflinn minnkað og síðustu þrjú ár var ársafinn rúmlega 500 tonn. Litli karfi sem veiddist árið 2014 var mest á bilinu 18–30 cm.




Mynd 2.6.1. Litli karfi. Landaður afli.

Figure 2.6.1. Norway redfish. Landings.

2.6.2 Stofnmælingar

Litli karfi fæst víða í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og mest fæst yfirleitt við Suðurland. Heildarvísitala litla karfa var nokkuð stöðug á árunum 1985–2000 en hefur síðan hækkað jafnt og þétt (mynd 2.6.2). Vísitalan árið 2015 var sú hæsta síðan mælingar hófust og er nú rúmlega tvöfalt hærri en hún var um aldamótin. Skekkjumörk á mati vísitölunnar árið 2015 eru víð sem stafar af miklum afla í einu togi.




Mynd 2.6.2. **Litli karfi.** Heildarvísitala (þyngd) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfráviki.

*Figure 2.6.2. **Norway redfish.** Total biomass index from the Icelandic groundfish survey in March, along with the standard deviation.*

2.6.3 Ráðgjöf

Þar sem rannsóknir og veiðar á litla karfa hafa verið takmarkaðar til þessa er lítið vitað um stofnstærð hans og veiðipól. Líkt og hjá öðrum karfastofnum við Ísland er litli karfi hægvaxta og langlífur og því mikilvægt að sóknin sé takmörkuð. Í varúðarskyni leggur Hafrannsóknastofnun því til að sókn í stofn litla karfa verði takmörkuð þannig að hámarksafli fiskveiðiárið 2015/2016 verði 1 500 tonn.

2.7 Grálúða *Reinhardtius hippoglossoides*



Grálúða. Veiðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).


Greenland halibut. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.7.1 Stofngerð

Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera af sama stofni og hefur stofnmat og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla tekið mið af því.

2.7.2 Afli og sókn

Heildarafli grálúðu á svæðinu við Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar var rúm 21 þús. tonn árið 2014 (mynd 2.7.1 og tafla 3.7.1), þar af tæp 10 þús. tonn á Íslandsmiðum. Hlutdeild afla á Íslandsmiðum var um og yfir 90% á árunum 1982–1992, en minnkaði ört eftir það og hefur hin síðari ár verið rétt um helmingur heildarafkans. Aflamark íslenskra skipa á fiskveiðiárinu 2013/2014 var 12 480 tonn og landaður afli var tæp 12 þús. tonn (tafla 2.7.1).



Mynd 2.7.1. **Grálúða.** Landaður afli við Ísland, Austur-Grænland og Færeyjar og afli á sóknareiningu hjá íslenska togaraflotanum.

Figure 2.7.1. **Greenland halibut.** Landings from Iceland, East Greenland, and Faroese waters and CPUE of the Icelandic trawler fleet.

Afli íslenska togaraflotans á sóknareiningu hefur að miklu leyti verið notaður sem grunnur ráðgjafar hjá ICES á undanförunum árum. Á rýnifundi ICES um grálúðu árið 2013 var bent á verulega annmarka þessara gagna sem grunn við að meta breytingar á stofnstærð grálúðu. Það helgast af þeim miklu breytingum sem orðið hafa á veiðunum við Ísland síðan 1986, svo sem tæknibreytingum, breytingum á útbreiðslu veiða sem og stjórnun þeirra. Þrátt fyrir það byggir ICES ráðgjöf sína á þessum gögnum að stærstum hluta, en stefnt er að því að á næstunni muni ráðgjöfin byggja á stofnmælingum við Ísland og Grænland.


Afli íslenska togaraflotans á sóknareiningu var nokkuð jafn árin 1986–1989 en minnkaði síðan ár frá ári og var í lágmarki árin 1995–1997 (mynd 2.7.1). Afli á sóknareiningu á þessum þremur árum var einungis tæp 30% af meðaltali árunum 1986–1989. Afli á sóknareiningu

hefur verið að aukast á undanförunum árum en er þó einungis um 40% af því sem hann var á árunum 1986–1989.

Samkvæmt afladagbókum erlendra skipa sem veiða við Austur-Grænland hefur afli á sóknareiningu verið nokkuð stöðugur frá árinu 2005.

2.7.3 Ástand stofnsins

Á áður nefndum fundi ICES um grálúðu var kynnt vísitala sem byggð er á stofnmælingu að hausti á Íslandsmiðum (SMH) og stofnmælingu á grálúðu við Grænland. Vísitala veiðistofns úr þessum sameinuðu stofnmælingum hækkaði nokkuð á tímabilinu 1996–2001 en lækkaði síðan hratt og var í lágmarki árin 2004–2007 (mynd 2.7.2). Vísitalan hækkaði til 2013 en lækkaði 2014 um 12%. Hlutfall vísitölunnar frá Grænlandi hefur lækkað úr um 40% árið 2005 í um 14% árið 2014.



Mynd 2.7.2. **Grálúða.** Vísitala veiðistofns (þyngd, fiskar stærri en 40 cm) úr stofnmælingu í október og stofnmælingu grálúðu við Austur-Grænland.

Figure 2.7.2. **Greenland halibut.** Fishable biomass index (>40 cm) from the Icelandic autumn survey and Greenlandic survey.

ICES byggir stofnmat sitt á afraksturslíkani byggt á heildarafla, ofangreindri stofnvísitölu og afla á sóknareiningu íslenska togaraflorens. Niðurstöðurnar benda til þess að veiðidauði 2014 hafi verið nálægt hámarksafrakstri (F_{MSY}) en að stofninn sé enn nálægt sögulegu lágmarki, en þó fyrir ofan skilgreind varúðarmörk.

2.7.4 Ráðgjöf

Tafla 2.7.1 sýnir ráðgjöf, ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um aflamark og grálúðaafra frá árinu 1984. Á síðasta ári lagði ICES til að hámarksafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar væri ekki meiri en 25 þús. tonn, byggt á niðurstöðum afraksturslíkans. Íslensk stjórnvöld gáfu út 14 100 tonna aflamark innan íslenskrar lögsögu fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og Grænlandingar 9 400 tonn fyrir árið 2015. Veiðum við Færeyjar er stýrt með sóknardögum.

Í maí 2014 skrifuðu Íslendingar og Grænlandingar undir sameiginlega nýtingarstefnu fyrir grálúðu til næstu fimm ára. Í nýtingarstefnunni felst að þjóðirnar muni nýta stofninn í samræmi við alþjóðleg varúðarsjónarmið og með því veiðiálagi sem ICES metur að muni leiða til hámarksafraksturs til lengri tíma litið. Samkomulag er á milli þjóðanna um að í hlut Íslendinga komi 56,4% af ráðlögðu aflamarki og 37,6% í hlut Grænlandinga. Ekki náðist samkomulag við Færeyinga sem eru því óbundnir af samkomulaginu. Afli grálúðu við Færeyjar var rúm 2 600 tonn árið 2013 og tæp 3 000 tonn árið 2014.

ICES og Hafrannsóknastofnun leggja til að hámarksafli grálúðu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 verði 22 þús. tonn og miðast við þá sókn sem gefur hámarksafrakstur til lengri tíma litið, samkvæmt útreikningum afraksturslíkans.

Ár	Tillaga	Aflamark fyrir Ísland	Afli á Íslands- miðum	Afli á öðrum miðum ¹⁾	Afli alls
Year	Rec. TAC	National TAC in Icelandic waters	Landings from Icelandic waters	Landings from other areas ¹⁾	Total landings
1984	25	30	30.2	3.9	34.1
1985	25	30	29.2	2.9	32.2
1986	25	30	31.3	2.0	33.1
1987	25	30	44.9	1.9	46.8
1988	30	30	49.6	1.7	51.3
1989	30	30	59.4	2.1	61.1
1990	30	30	37.4	2.0	39.4
1991 ²⁾	27	33	31.2	2.5	33.7
1991/92	25	25	30.3	3.5	33.8
1992/93	30	30	34.5	6.7	41.3
1993/94	25	30	29.5	8.4	37.6
1994/95	30 ³⁾	30	26.4	8.9	35.3
1995/96	20 ³⁾	20	22.3	13.8	36.1
1996/97	15 ³⁾	15	17.7	13.3	31.0
1997/98	10 ³⁾	10	11.0	9.8	20.8
1998/99	10 ³⁾	10	11.2	9.3	20.5
1999/00	10 ³⁾	10	11.5	12.0	23.5
2000/01	20 ³⁾	20	20.0	11.3	31.3
2001/02	20 ³⁾	20	19.2	9.9	29.1
2002/03	23 ³⁾	23	20.3	10.2	30.5
2003/04	20 ³⁾	23	15.8	11.3	27.1
2004/05	15 ³⁾	15	13.0	11.0	24.0
2005/06	15 ³⁾	15	12.7	9.5	22.2
2006/07	15 ³⁾	15	9.6	11.3	20.9
2007/08	15 ³⁾	15	9.7	11.1	20.8
2008/09	5 ³⁾	15	15.6	11.6	27.2
2009/10	5 ³⁾	12	14.1	11.6	25.7
2010/11	5 ³⁾	13	12.2	13.1	25.3
2011/12	12 ³⁾	13	13.2	15.6	28.8
2012/13	20 ³⁾	14.7	14.1	12.0	26.9
2013/14	20 ³⁾	12.5	11.9	11.2	21.1
2014/15	25 ³⁾	14.1			
2015/16	22 ³⁾				

¹⁾ Almanaksár. *Calendar year.*


²⁾ Tímabilið janúar–ágúst 1991. *January–August 1991.*

³⁾ Tillögur um aflamark fyrir A-Grænland/Ísland/Færeyjar.
*TAC recommendation applied to East Greenland/Iceland/
Faroes.*

Tafla 2.7.1. **Grálúða.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og affi (þús. tonna).

Table 2.7.1. Greenland halibut. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).

2.8 Lúða *Hippoglossus hippoglossus*




Lúða. Veidisvæði við Ísland árin 2000–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Halibut. Fishing grounds in 2000–2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.8.1 Afli og sókn

Í ársbyrjun 2012 tók gildi reglugerð sem bannar allar beinar veiðar á lúðu í fiskveiðilandhelgi Íslands, og kveður jafnframt á um að sleppt skuli allri lífvænlegri lúðu sem kemur um borð í veiðiskip. Löndunartölur lækkuðu verulega eftir að þessi reglugerð var sett (mynd 2.8.1). Skráður landaður afli árið 2014 var 45 tonn, þar af 31 tonn úr botnvörpu, 6 tonn af línu og 4 tonn úr dragnót.



Mynd 2.8.1. **Lúða.** Landaður afli eftir veiðarfærum.


Figure 2.8.1. **Halibut.** Landings by gear type.

Heildarafli lúðu er sýndur á mynd 2.8.1 og í töflu 3.8.1. Á árunum 1996–2011 var lúðuafli á Íslandsmiðum innan við 1000 tonn. Upplýsingar um lúðuafli liggja fyrir allt frá árinu 1905 og sýna að frá þeim tíma hefur hann aldrei verið minni en umrætt árabíll, ef frá eru talin ár fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Landaður afli úr botnvörpu minnkaði stöðugt úr rúmum 1000 tonnum árin 1985 og 1986 í um 200 tonn árið 1998 og var síðan á bilinu 110–220 tonn, þar til árið 2011 þegar einungis var landað 80 tonnum. Afli á línu var um 1100 tonn árið 1991, en minnkaði hratt og var kominn niður í um 200 tonn árið 1997. Afinn hélst nálægt 200 tonnum til 2008 en tók þá að vaxa vegna beinna veiða með lúðulínu (haukalóð) og var um 400 tonn árið 2011. Á síðustu árum fyrir veiðibann fengust 70–90% af heildarafli Íslendinga í þessi tvö veiðarfæri.

2.8.2 Ástand stofnsins

Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) árin 1985–2015 sýnir svipaða þróun og afli í botnvörpu. Vísitalan lækkaði hratt á fyrri hluta þessa tímabils og hefur verið í lágmarki frá árinu 1992 (mynd 2.8.2). Þessar niðurstöður staðfesta að ástand lúðustofnsins fór ört versnandi á tímabilinu 1985–1992 og er stofninn enn í mikilli lægð.



Mynd 2.8.2. **Lúða**. Vísitala veiðistofns (þyngd) í stofnmælingu í mars, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.8.2. **Halibut**. Fishable biomass index in the Icelandic groundfish survey in March, along with the standard deviation.


Lúða sem veiðst hefur í SMB er að langstærstum hluta þriggja til fimm ára ókynþroska fiskur. Þessir aldurshópar hafa verið í mikilli lægð í tvo áratugi og bendir það ótvírætt til þess að viðkomubrestur hafi orðið í stofninum. Þetta ástand er orðið svo langvinnt að fyrirsjáanlegt er að stofninn muni áfram verða í lægð á næstu árum.

2.8.3 Ráðgjöf

Í ljósi bágs ástands lúðustofnsins setti ráðherra sjávarútvegsmála á fót starfshóp um aðgerðir til verndar stofninum og skilaði hópurinn álit sínu í ársbyrjun 2011. Var niðurstaða hópsins að áhrifaríkasta leiðin væri að banna beinar veiðar. Í framhaldinu fór Hafrannsóknastofnun yfir fyrirbyggjandi gögn varðandi frekari aðgerðir til verndunar lúðustofnsins. Jafnframt var haft samráð við reynda skipstjórnarmenn til að fá umræðu um mismunandi leiðir til uppbyggingar stofnsins. Niðurstaða þessarar skoðunar var að eina raunhæfa leiðin væri að sleppa lúðunni við þær veiðar þar sem það væri tæknilega mögulegt enda er lúðan talin lifa af þá meðferð. Í kjölfar tillögu Hafrannsóknastofnunar gaf sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið út reglugerð þá sem fyrr er getið og tók hún gildi í ársbyrjun 2012. Uppbygging lúðustofnsins er langtímaverkefni og ólíklegt að umtalsverður árangur af aðgerðum verði fyrr en að nokkrum árum liðnum þar sem lúðan er hægvaxta og verður seint kynþroska.

Hafrannsóknastofnun leggur til að áfram verði unnið að aðgerðum til verndunar lúðustofnsins við Ísland og að ofangreind reglugerð verði í gildi þar til merki um verulegan bata í stofninum koma fram.

2.9 Skarkoli *Pleuronectes platessa*




Skarkoli. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Plaice. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.9.1 Afi


Landaður skarkolaafi árið 2014 var um 6 000 tonn (mynd 2.9.1 og tafla 3.9.1). Frá 1950 var skarkolaafi á Íslandsmiðum mestur 14 500 tonn árið 1985, á bilinu 10–14 þús. tonn á árunum 1986–1997 og á bilinu 4 900–7 100 tonn síðan þá.



Mynd 2.9.1. **Skarkoli.** Landaður afli eftir veiðarfærum.

Figure 2.9.1. **Plaice.** Landings by gear type.

Uppistaða skarkolaafia síðustu ára hefur fengist í dragnót. Árið 1992 veiddist um helmingur aflans í botnvörpu en það hlutfall fór niður fyrir 20% árið 1995. Frá árinu 1996 hefur hlutfall afla í botnvörpu aukist og verið á bilinu 24–38%. Afi í önnur veiðarfæri, einkum net, var um 5% heildar aflans á síðasta ári.




Mynd 2.9.2. **Skarkoli.** Aldursdreifing í afla 2014 (% af fjölda).

Figure 2.9.2. **Plaice.** Age distribution in the 2014 catch (% by numbers).

2.9.2 Árgangaskipan, stofnvísitölur og afli á sóknareiningu

Skipting aflans árið 2014 eftir aldri sýnir að hlutfall 5–8 ára skarkola var óvenju jafnt, um 15–21% af fjölda landaðra fiska í hverjum aldursflokki (mynd 2.9.2).


Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) benda til þess að veiðistofn skarkola hafi minnkað verulega árin 1985–2001 (mynd 2.9.3). Vísitölur hækkuðu nokkuð næstu þrjú árin og hafa síðan verið tiltölulega stöðugar, þrjú síðustu ár um 43% af meðalvísitölu áranna 1985–1989.



Mynd 2.9.3. **Skarkoli.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 30 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 30 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.9.3. **Plaice.** Fishable biomass index (≥ 30 cm) and juvenile abundance index (< 30 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

Afli á sóknareiningu í dragnót, á aðalveiðisvæðinu frá Stokksnesi vestur og norður um að Horni, er reiknaður sem meðalafli úr köstum þar sem skarkoli var meira en 10% aflans. Samkvæmt afladagbókum minnkaði skarkolaafli á ofangreindu svæði á árunum 1991–2000, úr um 400 kg í kasti í um 210 kg, en hefur síðan aukist og var um 570 kg á síðasta ári (mynd 2.9.4).




Mynd 2.9.4. **Skarkoli.** Afli á sóknareiningu með dragnót (kg í kasti) og botnvörpu (kg/klst).

Figure 2.9.4. **Plaice.** CPUE from demersal seine (kg/set) and bottom trawl (kg/hour).

Afli á sóknareiningu í botnvörpu (kg/klst), þar sem skarkolaafli var meira en 25% aflans, minnkaði um þriðjung frá 1991–2000, úr 200 í 140 kg/klst (mynd 2.9.4). Síðan þá hefur aflinn verið vaxandi.

2.9.3 Ástand stofnsins

Útreikningar á þróun stofnstærðar, byggðir á aldurs-aflagreiningu, benda til þess að stofninn hafi minnkað um meira en helming á tímabilinu 1993–2000, og náð sögulegu lágmarki árið 2000 í kjölfar mjög hás veiðihlutfalls og slakrar nýliðunar (mynd 2.9.5). Síðustu 10 ár hefur nýliðun (fjöldi þriggja ára fiska) verið lítil. Fiskveiðidánartala hefur hins vegar lækkað um nær helming á því tímabili og er nálægt sögulegu lágmarki. Samfara þessari sóknarminnkun hefur stærð veiðistofnsins farið vaxandi allt frá árinu 2000 og er nú metin rúm 36 þús. tonn.



Mynd 2.9.5. **Skarkoli.** Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og veiðidánartala.

Figure 2.9.5. **Plaice.** Fishable stock (ages 4+) and fishing mortality.

2.9.4 Ráðgjöf

Tafla 2.9.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og skarkolaafli frá fiskveiðiárinu 1991/1992.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Landings
1991/92	10 000	11 000	10 200
1992/93	10 000	13 000	12 400
1993/94	10 000	13 000	12 300
1994/95	10 000	13 000	11 100
1995/96	10 000	13 000	11 000
1996/97	10 000	12 000	10 300
1997/98	9 000	9 000	8 100
1998/99	7 000	7 000	7 500
1999/00	4 000	4 000	4 900
2000/01	4 000	4 000	4 900
2001/02	4 000	5 000	4 400
2002/03	4 000	5 000	5 400
2003/04	4 000	4 500	5 800
2004/05	4 000	5 000	6 200
2005/06	4 000	5 000	5 700
2006/07	5 000	6 000	6 100
2007/08	5 000	6 500	6 600
2008/09	5 000	6 500	6 400
2009/10	5 000	6 500	6 400
2010/11	6 500	6 500	4 800
2011/12	6 500	6 500	5 800
2012/13	6 500	6 500	5 900
2013/14	6 500	6 500	6 000
2014/15	7 000	7 000	
2015/16	6 500		


Tafla 2.9.1. **Skarkoli.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affli (tonn).

Table 2.9.1. **Plaice.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

Hafrannsóknastofnun leggur til að leyfilegur hámarksaffli skarkola fiskveiðiárið 2015/2016 verði takmarkaður við 6 500 tonn. Að gefnum forsendum um að nýliðun verði með svipuðum hætti og undangengin ár mun slík takmörkun leiða til þess að fiskveiðidauði verði nálægt því sem gefur hámarksafrakstur úr stofninum.

Einnig er lagt til að áfram verði stuðlað að verndun hrygnandi skarkola með lokun veiðisvæða á hrygningartíma, líkt og gert hefur verið síðan 2002.

2.10 Sandkoli *Limanda limanda*




Sandkoli. Veðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Dab. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.10.1 Afli og sókn


Landaður afli sandkola árið 2014 var rúm 500 tonn. Fram til ársins 1984 veiddist sandkoli aðallega sem meðafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast kastað. Frá árinu 1984 jókst landaður afli nokkuð stöðugt og náði hámarki árin 1996–1997, í tæpum 8 000 tonnum (mynd 2.10.1 og tafla 3.10.1). Á fiskveiðiárinu 2013/2014 var aflinn um 590 tonn, þar af um 400 tonn á skilgreindu aflamarkssvæði sem nær frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi.



Mynd 2.10.1. **Sandkoli.** Landaður afli.

Figure 2.10.1. **Dab.** Landings.

Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni austur að Stokksnesi. Yfir 95% aflans veiddist í dragnót. Meðalafli sandkola í kasti í dragnót á svæðinu frá Faxaflóa að Stokksnesi minnkaði um helming á árunum 1997–2000 (mynd 2.10.2) en jókst aftur árin 2001–2002. Afli í kasti minnkaði nokkuð hratt frá þeim tíma og hefur verið lítill frá árinu 2006.




Mynd 2.10.2. **Sandkoli.** Afli á sóknar-einingu (kg í kasti) hjá dragnótabátum úr öllum köstum þar sem sandkoolaafi er skráður og á dýpi minna en 100 m.

Figure 2.10.2. **Dab.** CPUE (kg per set) from demersal seine sets where dab is recorded in the catch and where depth is less than 100 m.

2.10.2 Ástand stofnsins

Vísitala sandkola í stofnmælingu botnfiska í mars var mjög lág á árunum 2006–2009 en talsvert hærri og stöðug 2010–2014. Vísitalan árið 2015 var hins vegar lág (mynd 2.10.3).



Mynd 2.10.3. **Sandkoli.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 30 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 30 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.10.3. **Dab.** Fishable biomass index (≥ 30 cm) and juvenile abundance index (< 30 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

Gögn um aldurskiptan sandkoolafla eru til fyrir tímabilið 1993–2014. Mat samkvæmt aldursafli-greiningu sýnir að árgangar endast stutt í veiði og að veiðidánartala hefur verið mjög há undanfarin ár. Veiðin árið 2014 byggðist að mestu á 4–6 ára fiski eða árgöngunum frá 2008–2010.

Mat á veiðistofni í upphafi árs 2015 er háð mikilli óvissu þar sem mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um stærð árganganna frá 2010 og 2011 sem eru að bætast í veiðistofninn. Greining á aflasýnum árið 2014 bendir til þess að þeir árgangar sem þá héldu uppi aflanum séu ekki stórir.

2.10.3 Ráðgjöf

Tafla 2.10.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og sandkoolafla frá fiskveiðiarinu 1995/1996.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Landings
1995/96	7 000	-	6 800
1996/97	7 000	-	8 200
1997/98	7 000	7 000	6 000
1998/99	7 000	7 000	4 300
1999/00	7 000	7 000	2 700
2000/01	4 000	5 500	2 300
2001/02	4 000	4 000	3 800
2002/03	7 000	7 000	4 300
2003/04	7 000	7 000	3 600
2004/05	5 000	5 000	2 600
2005/06	2 500	4 000	1 200
2006/07	1 000	2 000	800
2007/08	500	1 500	600
2008/09	500 ¹⁾	1 000	700
2009/10	500 ¹⁾	1 000	570
2010/11	500 ¹⁾	900	600
2011/12	500 ¹⁾	900	700
2012/13	500 ¹⁾	800	590
2013/14	500 ¹⁾	500	400
2014/15	1 000	1 000	
2015/16	500		

Tafla 2.10.1. **Sandkoli.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu.


Table 2.10.1. **Dab.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes) from the quota area.

¹⁾ Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafli við aðrar veiðar. No directed fishery. TAC set no higher than would result from dab bycatch in other fisheries.

Vísitölur sandkola í síðustu stofnmælingu botnfiska voru mjög lágar, vísbendingar um betri nýliðun við úttekt á stofninum á síðasta ári sjást ekki í gögnum ársins 2015 og afli

á sóknareiningu er enn lítil. Því er ástand stofnsins nú talið verra en gert var ráð fyrir árið 2014. Með hliðsjón af því leggur Hafrannsóknastofnun til að sandkollaafli fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 500 tonn á skilgreindu aflamarkssvæði frá Snæfellsnesi, suður um og austur að Stokksnesi.

2.11 Skrápflúra *Hippoglossoides platessoides*




Skrápflúra. Veidisvæði við Ísland árin 2009–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Long rough dab. Fishing grounds in 2009–2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.11.1 Afli og sókn

Fram til ársins 1987 veiddist skrápflúra aðallega sem meðafli við veiðar á öðrum tegundum og var þá oftast hent. Fyrstu árin eftir að byrjað var að landa skrápflúru var aflinn innan við 2000 tonn. Á árunum 1995–1997 var landaður afli um 6000 tonn, en hefur síðan farið minnkandi og var einungis um 70 tonn árið 2014 (mynd 2.11.1 og tafla 3.11.1). Um 70–90% skrápflúruaflans var á árunum 1995–2010 veiddur á svæðinu frá Snæfellsnesi suður og austur um að Stokksnesi, en á síðustu árum hefur þetta hlutfall lækkað og voru einungis 10% aflans veidd á þessu svæði árið 2014.



Mynd 2.11.1. **Skrápflúra.** Landaður afli og afli á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnotabátum.

Figure 2.11.1. **Long rough dab.** Landings and CPUE (kg per set) from seiners.


Afli í kasti í dragnot á aðalveidisvæðinu, í öllum köstum þar sem skrápflúra var skráð, minnkaði á árunum 1991–1997 úr 990 kg í 380 kg (mynd 2.11.1). Eftir aukningu á árunum 2000–2002 hefur afli í kasti minnkað og var einungis um 50 kg árið 2014.

Skrápflúra veiddist allt í kringum landið en aðalveidisvæðin eru smá og bundin við þekkt hrygningarsvæði. Uppistaðan í veiðinni er eldri fiskur og vegna stærðarmunar kynjanna eru nær eingöngu veiddar hrygnur. Á þeim árum þegar umtalsverð bein sókn var í stofninn byggðust veiðarnar að stærstum hluta á hrognafullri skrápflúru undan Suður- og Suðvesturlandi, mest í febrúar til apríl. Meðallengd hrygna í aflasýnum var 35–36 cm en lítið var um fisk undir 30 cm. Á þessum slóðum er um helmingur hrygna orðinn kynþroska við 18 cm lengd og allar við 25 cm lengd. Veiðarnar beindust því einungis að stærstu og elstu fiskunum í hrygningarstofninum.

2.11.2 Ástand stofnsins

Sókn í skrápflúru og afli jukust mjög hratt í lok síðustu aldar og afli í kasti minnkaði um helming á sama tíma. Árin 2002–2003 var afli í kasti hlutfallslega háur, en á síðustu árum

hefur hann verið í sögulegu lágmarki. Mikill affi á árunum 1995–2002 virðist hafa fylgt uppsveiflu í stofnstærð, því vísitala veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) bendir til að stofninn hafi verið stór á þessum árum (mynd 2.11.2). Vísitala veiðistofnsins hefur minnkað umtalsvert frá árinu 2003 og verið í sögulegu lágmarki undanfarin ár.



Mynd 2.11.2. **Skrápflúra.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 30 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 20 cm) á suðursvæði (Eystrahorn að Látrabjargi) í stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikum.

Figure 2.11.2. **Long rough dab.** Fishable biomass index (≥ 30 cm) and juvenile abundance index (< 20 cm) on the southern grounds in the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

Vísitölur ungfisks í SMB fóru hækkandi frá árinu 1989 og náðu hámarki árið 1994, sem bendir til góðrar nýliðunar á þeim tíma. Nýliðunarvísitalan fór þá lækkandi til ársins 2006, en hefur hækkað undanfarin ár og er nú yfir meðaltali árána 1985–2014.

Affi á sóknareiningu og stofnvísitölur benda til þess að stofninn hafi minnkað hratt á árunum 2003–2008, á sama tíma og landaður affi var langt undir úthlutuðu aflamarki. Ólíklegt verður að teljast að sú minnkun sem orðið hefur sé eingöngu afleiðing veiða. Vísbendingar eru um vaxandi nýliðun sem ætti að skila sér í stofninn á næstu árum, en ljóst er að stærð veiðistofnsins er enn í lágmarki.

2.11.3 Ráðgjöf

Tafla 2.11.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og skrápflúruafla á aflamarkssvæðinu frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi síðan 1995/1996.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Affi Landings
1995/96	5 000	-	5 300
1996/97	5 000	-	4 400
1997/98	5 000	5 000	3 400
1998/99	5 000	5 000	3 300
1999/00	5 000	5 000	2 800
2000/01	5 000	5 500	2 800
2001/02	5 000	5 000	2 500
2002/03	5 000	5 000	2 100
2003/04	5 000	5 000	1 600
2004/05	5 000	5 000	800
2005/06	2 000	3 500	600
2006/07	500	1 500	260
2007/08	500	1 000	210
2008/09	250 ¹⁾	1 000	210
2009/10	200 ¹⁾	1 000	130
2010/11	200 ¹⁾	200	110
2011/12	200 ¹⁾	200	80
2012/13	200 ¹⁾	200	10
2013/14	200 ¹⁾	200	9
2014/15	-	-	-
2015/16	-	-	-

Tafla 2.11.1. **Skrápflúra.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affi (tonn) á aflamarkssvæðinu.


Table 2.11.1. **Long rough dab.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes) from the quota area.

¹⁾ Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafli við aðrar veiðar. No directed fishery. TAC set no higher than would result from dab bycatch in other fisheries.

Skráplúra er mjög útbreidd tegund á Íslandsmiðum. Hins vegar er hún víðast það dreifð að ekki hefur þótt svara kostnaði að sækja beint í hana, nema á þeim svæðum sem hún þéttir sig á um hrygningartíma. Stærstur hluti landaðs afla fiskveiðiárið 2013/2014 veiddist utan aflamarkssvæðis og einungis um 5% af úthlutuðu aflamarki var landað.

Í ljósi þess að skráplúra veiðist nú fyrst og fremst sem meðafli og afli mjög lítill, leggur Hafrannsóknastofnun ekki fram tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2015/2016. Vegna bágs ástands stofnsins leggur stofnunin til að helstu hrygningarsvæðum skráplúru verði lokað á hrygningartíma.

2.12 Langlúra *Glyptocephalus cynoglossus*




Langlúra. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Witch. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.12.1 Affi, sókn og árgangaskipan


Á árunum 1950–1965 var ársaffi langlúru á Íslandsmiðum 600–1 400 tonn og veiddu erlend skip meirihluta aflans (tafla 3.12.1). Næstu tvo áratugi var ársaffinn undir 400 tonnum en árið 1987 hófu um 10 dragnótabátar langlúruveiðar og varð heildaraflinn það ár tæp 4 600 tonn (mynd 2.12.1 og tafla 3.12.1). Frá 1988 til 1996 var ársaffi á bilinu 1 300–3 000 tonn. Fiskveiðiárið 1996/1997 var í fyrsta sinn úthlutað aflamarki fyrir langlúru og hefur landaður affi síðan verið nærri ráðgjöf (tafla 2.12.1). Árið 2014 var landað tæplega 1 200 tonnum af langlúru.

Meirihluti langlúruafla Íslendinga hefur verið veiddur af dragnótabátum, en hlutur humarbáta hefur aukist úr 10% aflans árið 2008 í nær helming síðustu fimm ár. Langlúra er algengur meðaffi við humarveiðar og samanburður á stærð langlúru í humarleiðöngurum



Mynd 2.12.1. **Langlúra.** Landaður affi eftir veiðarfærum.

Figure 2.12.1. **Witch.** Landings by gear type.



Mynd 2.12.2. **Langlúra.** Sókn og affi á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum.

Figure 2.12.2. **Witch.** Effort and CPUE (kg per set) from demersal seine.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Landings
1994/95	1 500	-	1 760
1995/96	1 400	-	1 660
1996/97	1 200	1 200	1 260
1997/98	1 100	1 100	960
1998/99	1 100	1 100	1 160
1999/00	1 100	1 100	1 110
2000/01	1 100	1 100	1 160
2001/02	1 350	1 350	1 220
2002/03	1 500	1 500	1 530
2003/04	1 500	1 500	2 000
2004/05	2 000	2 000	2 250
2005/06	2 200	2 400	2 190
2006/07	2 000	2 400	2 200
2007/08	2 000	2 400	1 540
2008/09	1 600	2 200	1 700
2009/10	1 600	2 200	1 300
2010/11	1 300	1 300	1 220
2011/12	1 100	1 300	1 450
2012/13	1 100	1 100	1 180
2013/14	1 100	1 100	1 170
2014/15	1 100	1 100	
2015/16	1 100		

Tafla 2.12.1. **Langlúra.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affli (tonn).

Table 2.12.1. **Witch.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

Hafrannsóknastofnunar og í afla humarbáta bendir til að brottkast smárrar langlúru geti verið umtalsvert.


Afli á sóknareiningu hjá dragnótabátum (affli í kasti, þar sem langlúra er meirihluti aflans) var tæplega 1 000 kg árið 1987, en fór minnkandi til ársins 1998 er hann var 330 kg (mynd 2.12.2). Frá 1998 til 2006 jókst affli á sóknareiningu í rúm 800 kg en minnkaði að nýju til ársins 2010. Frá þeim tíma hefur affli á sóknareiningu aukist og var hann tæp 740 kg árið 2014. Sókn í langlúru var mikil á árunum 1992–1995 en fór eftir það minnkandi allt til aldamóta. Síðan hefur sóknin ekki breyst að marki, en hefur þó minnkað undanfarin tvö ár.

Aldurssamsetning langlúru í afla bendir til að árgangar 1998–2001 hafi verið stórir. Afli í kasti var hár á árunum 2003–2008 þegar þessir árgangar héldu uppi veiðinni. Árgangar 2004–2007 voru uppistaða afla síðasta árs, líkt og árið 2013.

2.12.2 Stofnvísitölur

Vísitala veiðistofns langlúru í humarleiðangri þrefaldaðist á árunum 1995–2005 (mynd 2.12.3) og stofnmælingar botnfiska í mars (SMB) og október (SMH) sýndu svipaða þróun. Vísitalan fór lækandi 2006–2008 en hefur lítið breyst frá þeim tíma.

Fjöldavísitala ungfisks í humarleiðangri hækkaði umtalsvert árin 1996–2001 en hefur farið lækandi síðan (mynd 2.12.3). Síðustu fimm ár hefur vísitala ungfisks verið lág og síðustu þrjú árin í sögulegu lágmarki.



Mynd 2.12.3. **Langlúra.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 30 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 30 cm) úr humarleiðangri.

Figure 2.12.3. **Witch.** Fishable biomass index (≥ 30 cm) and juvenile abundance index (< 30 cm) from *Nephrops* surveys.


Langlúra kemur fyrst fram í veiði um 3–4 ára aldur og mest veiðist yfirleitt af 5–9 ára fiski. Niðurstöður humarleiðangurs í maí 2015 staðfesta að árgangar 2007 og 2008 eru sterkari en fyrstu mælingar sýndu. Árgangar frá 2009–2012 mælast hins vegar slakir, sem er í samræmi við lækkandi nýliðunarvísitölur í stofnmælingum botnfiska. Því er líttillar nýliðunar að vænta í veiðistofn langlúru næstu árin.

2.12.3 Ráðgjöf

Tafla 2.12.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og langlúruafla frá fiskveiðiárinu 1994/1995.

Mælingar í humarleiðangri benda til að veiðistofn langlúru hafi farið minnkandi árin 2005–2008 en verið nokkuð stöðugur síðan. Nýliðun hefur hins vegar verið mjög léleg undanfarin ár og litlir árgangar frá 2009–2012 leiða líklega til þess að veiðistofn langlúru muni minnka á næstu árum. Hafrannsóknastofnun leggur til að heildaraflí langlúru fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 1 100 tonn.

2.13 Þykkvalúra *Microstomus kitt*




Þykkvalúra. Veðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Lemon sole. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.13.1 Afli, sókn og stofnviðvitölur

Á tímabilinu 1951–1965 var ársafli þykkvalúru á Íslandsmiðum 1 300–2 900 tonn og veiddu erlend skip oftast meirihluta aflans (tafla 3.13.1). Frá árinu 1966 fór afli minnkandi og var óverulegur árin 1977–1984. Árið 1985 var aftur farið að nýta þykkvalúru og veiddust þá tæplega 400 tonn (mynd 2.13.1). Síðan jókst afli í nokkrum þrepum og náði 2 700 tonnum árið 2006 sem er mesti þykkvalúruafli sem fengist hefur á Íslandsmiðum síðan árið 1963. Landaður afli árið 2014 var um 1 200 tonn.



Mynd 2.13.1. **Þykkvalúra.** Landaður afli.
Figure 2.13.1. **Lemon sole.** Landings.


Þykkvalúra veiðist mest í botnvörpu og dragnót en lítið í önnur veiðarfæri. Á aðalveiðisvæðinu undan Suður- og Suðvesturlandi minnkaði afli á sóknareiningu í dragnót (þar sem þykkvalúra var a.m.k. 25% afla í kasti) úr 350–400 kg árin 1991–1992, í um 200 kg árin 1993–1998. Árin 1999–2000 var afli í kasti á þessu svæði um 280 kg en hefur aukist verulega síðan og var um 600 kg á síðastliðnu ári.

Samkvæmt vísitölum úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) minnkaði veiðistofn þykkvalúru um helming frá árinu 1987 til 2000. Vísitala veiðistofns var há á árunum 2003–2010, en hefur farið lækkandi á síðustu árum. Jafnframt hefur nýliðunarvísitala verið há síðan 2001 (mynd 2.13.2).

2.13.2 Ráðgjöf

Tafla 2.13.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og þykkvalúruafla frá fiskveiðiárinu 1999/2000.

Afrakstursgeta stofnsins er ekki þekkt. Síðustu ár hafa vísitölur veiðistofns í SMB lækkað og árið 2015 var vísitalan sú lægsta í 13 ár. Afli á sóknareiningu og nýliðun hafa hins



Mynd 2.13.2. **Þykkvalúra**. Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 30 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 20 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikum.

Figure 2.13.2. **Lemon sole**. Fishable biomass index (≥ 30 cm) and juvenile abundance index (< 20 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.


vegar verið góð í meira en áratug. Aldurs-aflagreining bendir til þess að veiðidánartölur séu háar. Með hliðsjón af ofangreindu leggur Hafrannsóknastofnun til að afli þykkvalúru fiskveiðiárið 2015/2016 verði ekki meiri en 1 300 tonn.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Landings
1999/00	1 400	1 400	1 400
2000/01	1 400	1 400	1 400
2001/02	1 400	1 400	1 000
2002/03	1 600	1 600	1 100
2003/04	1 600	1 600	2 100
2004/05	1 600	1 600	2 600
2005/06	1 600	1 800	2 500
2006/07	1 600	2 000	2 900
2007/08	1 600	2 200	2 600
2008/09	1 600	2 200	2 700
2009/10	1 800	2 200	2 000
2010/11	1 800	1 800	1 740
2011/12	1 800	1 800	1 800
2012/13	1 400	1 400	1 460
2013/14	1 600	1 600	1 430
2014/15	1 600	1 600	
2015/16	1 300		

Tafla 2.13.1. **Þykkvalúra**. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Table 2.13.1. **Lemon sole**. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).


2.14 Stórkjafta *Lepidorhombus whiffiagonis*



Stórkjafta. Veiðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Megrim. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

Á tímabilinu 1951–1973 var landaður ársafli stórkjöftu 400–700 tonn og veiddu útlendingar stærstan hluta hans (tafla 3.14.1). Frá árinu 1974 minnkaði aflinn og var einungis 40–100 tonn árin 1981–1986 (mynd 2.14.1 og tafla 3.14.1). Á árunum eftir 1986 hefur landaður afli verið mjög breytilegur, farið mest í 420 tonn árið 1996 en minnst 67 tonn árið 2003. Landaður afli árið 2014 var 340 tonn.




Mynd 2.14.1. **Stórkjafta.** Landaður afli og afli á sóknareiningu í dragnót (kg í kasti).

Figure 2.14.1. **Megrim.** Landings and CPUE (kg per set) from seiners.

Stórkjafta veiðist einkum sem meðafli í dragnót og humarvörpu, en einnig í botnvörpu. Afli á sóknareiningu í dragnót (miðað við öll köst dýpra en 100 m og allan landaðan stórkjöftuafla úr dragnót á svæðinu frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi) minnkaði frá árinu 1992 til 1999 og hélst lítil til ársins 2003. Síðan hefur afli á sóknareiningu aukist mikið (mynd 2.14.1). Stofnstærð stórkjöftu, veiðiálag og afrakstursgeta stofnsins eru óþekkt.

Hafrannsóknastofnun leggur ekki fram tillögur um hámarksafli stórkjöftu fiskveiðiárið 2015/2016.

2.15 Steinbítur *Anarhichas lupus*




Steinbítur. Veðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Atlantic wolffish. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.15.1 Afli og sókn

Steinbítsaflí á árinu 2014 var rúm 7 300 tonn, um 1 500 tonnum minni en árið 2013 og minnsti ársaflí síðan fyrir 1950 (mynd 2.15.1 og tafla 3.15.). Hlutdeild línu hefur verið um og yfir helmingur aflans, en botnvörpuaflinn 20–50%.




Mynd 2.15.1. **Steinbítur.** Landaður afli eftir veiðarfærum.

Figure 2.15.1. **Atlantic wolffish.** Landings by gear type.

Sókn í steinbít með línu jókst frá árinu 1998, náði hámarki árið 2001 en hefur síðan farið minnkandi. Afli á sóknareiningu á línu breyttist lítið á þessum árum. Sókn í steinbít með botnvörpu fór vaxandi frá árinu 1998, náði hámarki árið 2008 en hefur farið minnkandi frá þeim tíma. Steinbítsaflí á sóknareiningu í botnvörpu hélst svipaður á þessum árum, nema árin 2003–2005 þegar hann var hár.

2.15.2 Stofnmæling

Dreifing steinbíts í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) er frekar jöfn yfir rannsóknasvæðið, þó mest veiðist út af sunnanverðum Vestfjörðum. Steinbítur kemur fyrst fram í stofnmælingum eins árs gamall, eða um sjö árum áður en hann telst til veiðistofns. Mynd 2.15.2 sýnir vísitölur veiðistofns og nýliðunar samkvæmt SMB. Vísitala nýliðunar er reiknuð sem fjöldi 20–40 cm steinbíts sem er u.þ.b. 3–8 ára, en vísitala veiðistofns sem þyngd steinbíts 60 cm og stærri. Samkvæmt niðurstöðum SMB lækkaði vísitala veiðistofns um ríflega helming 1985–1995 en hefur í meginatriðum vaxið síðan þrátt fyrir töluverðar sveiflur milli ára. Í ár mældist vísitalan yfir meðaltali. Samkvæmt niðurstöðum úr SMB var nýliðun góð á árunum 1991–1998, en hefur minnkað síðan og er nýliðunarsvísitala í ár sú lægsta frá upphafi mælinganna. Hækkandi vísitölur veiðistofns 1995–2008 eru í takt við háar nýliðunartölur árunna á undan.




Mynd 2.15.2. **Steinbítur**. Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 60 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, 20–40 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikum.

Figure 2.15.2. **Atlantic wolffish**. Fishable biomass index (≥ 60 cm) and juvenile abundance index (20–40 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

2.15.3 Ástand stofnsins

Mat á stofnstærð steinbíts er byggt á aldurs-lengdarlíkani (Gadget, sjá viðauka 5.1) en ADAPT líkan og tímaraðgreining eru höfð til hliðsjónar. Niðurstöðum þessara aðferða ber vel saman. Mynd 2.15.3 sýnir þróun veiðistofns og veiðidánartölu hjá steinbít sem er að fullu kominn í veiði. Metin veiðidánartala hefur frá árinu 1978 verið yfir þeirri veiðidánartölu sem gefur hámarksafrakstur ($F_{\max} = 0.29$), nema árið 2014 en þá var hún 0.26. Veiðistofninn hefur minnkað um tæplega þriðjung frá árinu 2006 og er nú nálægt meðaltali. Vegna mjög lítillar nýliðunar undanfarin ár (mynd 2.15.2) eru ekki miklar líkur á að veiðistofninn stækki mikið á næstu árum.



Mynd 2.15.3. **Steinbítur**. Stærð veiðistofns og veiðidánartala 70 cm og stærri steinbíts samkvæmt Gadget líkani.

Figure 2.15.3. **Atlantic wolffish**. Fishable stock size and fishing mortality (≥ 70 cm) based on the Gadget model.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Landings
1996/97	13 000	13 000	11 523
1997/98	13 000	13 000	11 689
1998/99	13 000	13 000	13 051
1999/00	13 000	13 000	14 906
2000/01	13 000	13 000	18 094
2001/02	13 000	16 100	13 667
2002/03	15 000	15 000	16 953
2003/04	15 000	16 000	13 253
2004/05	13 000	16 000	14 208
2005/06	13 000	13 000	16 473
2006/07	12 000	13 000	15 796
2007/08	11 000	12 500	15 159
2008/09	12 000	13 000	15 430
2009/10	10 000	12 000	13 128
2010/11	8 500	12 000	12 122
2011/12	7 500	10 500	10 597
2012/13	7 500	8 500	8 957
2013/14	7 500	7 500	7 929
2014/15	7 500	7 500	
2015/16	8 200		


Tafla 2.15.1. **Steinbítur**. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Table 2.15.1. **Atlantic wolffish**. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

2.15.4 Ráðgjöf

Tafla 2.15.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar og úthlutað aflamark frá fiskveiðiárinu 1996/1997. Aflí steinbíts hefur minnkað undanfarið ár og veiðidánar tölur farið lækkandi. Veiðidánartölur ársins 2014 eru nálægt því sem talið er að gefi hámarks afrakstur úr stofninum til lengri tíma litið, en undanfarna áratugi hafa veiðidánartölur verið mun hærri. Ekki er líklegt að afrakstursgeta stofnsins aukist mikið á næstu árum þegar litlir árgangar koma í veiðistofninn. Hafrannsóknastofnun leggur til að veiðidánartala miðist við að ná hámarksafrakstri úr stofninum til lengri tíma litið ($F_{\max} = 0.29$) sem samsvarar 8 200 tonna afla á fiskveiðiárinu 2015/2016. Auk þess leggur stofnunin til áframhaldandi friðun á hrygningarslóð steinbíts á Látragrundi yfir hrygningar- og klaktíma.

2.16 Hlýri *Anarhichas minor*




Hlýri. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Spotted wolffish. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.16.1 Afli og veiðar

Hlýraafli á árinu 2014 var rúm 1 900 tonn, um 500 tonnum minni en árið 2013 (mynd 2.16.1 og tafla 3.16.1). Á árunum 1982–1997 var aflinn að meðaltali rúm 900 tonn og aðallega veiddur í botnvörpu. Eftir það jókst aflinn nokkuð stöðugt og náði tæplega 3 700 tonnum árið 2006, en fór minnkandi eftir það. Frá árinu 1995 hefur hlutdeild línu aukist verulega og á síðustu árum hefur rúmlega helmingur hlýrans verið veiddur á línu og tæplega helmingur í botnvörpu. Almennt veiðist hlýri sem meðafli í þessi tvö veiðarfæri.



Mynd 2.16.1. **Hlýri.** Landaður afli eftir veiðarfærum.

Figure 2.16.1. **Spotted wolffish.** Landings by gear type.


2.16.2 Stofnmæling

Í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) fæst mest af hlýra út af Vestfjörðum og Austfjörðum en einnig talsvert á norðurmiðum. Hlýri kemur fyrst fram í stofnmælingum eins árs gamall, eða um fjórum árum áður en hann kemur í veiðina.

Mynd 2.16.2 sýnir vísitölur stofnstærðar og nýliðunar samkvæmt SMB. Vísitala nýliðunar (reiknuð sem fjöldi 20–40 cm hlýra, u.þ.b. 2–4 ára) var há árin 1992–2000, en hefur verið mjög lág síðustu ár. Vísitala stofnstærðar var há 1994–1998 en hefur farið lækkandi síðan. Á mynd 2.16.3 er sýnd vísitala veiðistofns, reiknuð sem þyngd hlýra stærri en 60 cm. Þróun vísitölu veiðistofns er svipuð og heildarstofns. Allar þessar þrjár vísitölur voru í sögulegu lágmarki árið 2015.

2.16.3 Ástand stofnsins


Samkvæmt stofnmælingum eru stofnstærð og nýliðun hlýra í sögulegu lágmarki. Á árunum 1985–1997 var meðalafli hlýra rúm 900 tonn, en á þessum árum var stærð stofnsins nokkuð



Mynd 2.16.2. **Hlýri.** Heildarvísitölur (þyngd) og nýliðunarvísitölur (fjöldi, fiskar 20–40 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikki.

Figure 2.16.2. **Spotted wolffish.** Total biomass index and juvenile abundance index (20–40 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

stöðug og síðan vaxandi, samkvæmt SMB. Afinn á tímabilinu 1998–2014 var á bilinu 1 500–3 700 tonn, að meðaltali tæp 2 300 tonn á ári, og vísitala veiðihlutfalls (aflí/vísitala SMB) hefur verið mjög há samanborið við tímabilið 1985–1997 (mynd 2.16.3).





Mynd 2.16.3. **Hlýri.** Vísitala veiðistofns (þyngd, fiskar 60 cm og stærri) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikki, og vísitala veiðihlutfalls (aflí/stofnvísitölu).

Figure 2.16.3. **Spotted wolffish.** Fishable biomass index (≥ 60 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation, and F_{proxy} (landings/biomass index).

2.16.4 Ráðgjöf

Veiðipól hlýra er lítt þekkt og takmarkaðar rannsóknir stundaðar á tegundinni. Þó er ljóst að aflinn frá árinu 1998 hefur verið umfram afrakstursgetu stofnsins. Hafrannsóknastofnun leggur til að verulega verði dregið úr sókn í stofninn og að heildaraflí hlýra fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 900 tonn. Ráðgjöfin miðar að því að lækka veiðihlutfall í helming af meðaltali árunna 2000–2013.

2.17 Blálanga *Molva dipterygia*




Blálanga. Veðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Blue ling. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.17.1 Afli og sókn

Blálönguafli hefur verið á milli 1 000 til 3 000 tonn síðan 1985 ef frá eru talin árin 1993 og 2008–2012 (mynd 2.17.1, töflur 2.17.1 og 3.17.1). Afinnn árið 2010 var 6 900 tonn en það er mesti blálönguafli síðan árið 1981. Undanfarin fjögur ár hefur ársafllinn minnkað og árið 2014 veiddust um 1 700 tonn, þar af veiddu íslensk skip um 1 600 tonn eða 94%.



Mynd 2.17.1. **Blálanga.** Landaður afli eftir veiðarfærum.

Figure 2.17.1. **Blue ling.** Landings by gear type.


Veiðar á hrygnandi blálöngu voru stundaðar suður af Vestmannaeyjum á árunum 1980–1984 og aftur 1993 á Franshól á mörkum fiskveiðilögsögunnar austan Reykjanes-hryggjar. Þessar miklu beinu veiðar á hrygnandi blálöngu virðast hafa verið langt umfram afrakstursgetu stofnsins. Frá árinu 1993 til 2007 veiddist blálanga að mestu sem meðafli við botnvörpuveiðar. Á árunum 2008–2010 fór hlutdeild blálönguaflla sem veiddist á línu vaxandi og var árið 2011 um 70%. Síðan hefur hlutdeild línu farið minnkandi og var um 40% árið 2014. Þessi mikla aukning línuaflla 2008–2012 skýrist af beinni sókn í blálöngu yfir sumarmánuðina. Blálanga veiðist í auknum mæli sem meðafli við karfa- og grálúðuveiðar djúpt út af Vestfjörðum, sem er í samræmi við aukna norðvestlæga útbreiðslu tegundarinnar í stofnmælingum.

2.17.2 Stofnmælingar

Talið er að stofnmæling botnfiska að hausti (SMH) endurspegli betur ástand blálöngu-stofnsins en stofnmæling að vori (SMB), þar sem stöðvanetið í SMH nær mun betur til útbreiðslusvæðis tegundarinnar.

Samkvæmt niðurstöðum SMH stækkaði blálöngustofninn eftir 2006 og virðist hafa náð hámarki 2009. Stofnvísitala úr SMH sýnir um fjórðungs lækkun milli árunna 2009 og

2014. Nýliðunarvísitala SMH árið 2014 er ein sú lægsta sem mælt hefur og hefur vísitala nýliðunar verið mjög lág síðan 2010 (mynd 2.17.2).




Mynd 2.17.2. **Blálanga.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 40 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 40 cm) úr stofnmælingu botnfiska að hausti, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.17.2. **Blue ling.** Fishable biomass index (≥ 40 cm) and juvenile abundance index (< 40 cm) from the groundfish survey in autumn, along with the standard deviation.

2.17.3 Ástand stofnsins

Veiðistofn blálöngu stækkaði umtalsvert á árunum 2006–2010 en veiðar jukust hratt á sama tímabili. Vísitala veiðihlutfalls hækkaði hratt eftir 2009 (mynd 2.17.3), sem rekja má til stórauðinnar beinnar sóknar línubáta. Hins vegar hefur vísitala veiðihlutfalls lækkað frá 2012 og var árið 2014 undir meðaltali árunum 2002–2009 þegar stofninn fór stækkandi. Meðalveiðihlutfall árunum 2002–2009 er grunnur ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknaráðsins og Hafrannsóknastofnunar.

Verði nýliðun næstu ára lík því sem stofnmælingar gefa til kynna má búast við verulegum samdrætti í veiðistofni blálöngu eftir tvö til þrjú ár.



Mynd 2.17.3. **Blálanga.** Vísitala veiðistofns (þyngd, fiskar 40 cm og stærri) úr stofnmælingu að hausti, ásamt staðalfráviki, og vísitala veiðihlutfalls (afl/stofnvísitölu).

Figure 2.17.3. **Blue ling.** Fishable biomass index (≥ 40 cm) from the groundfish survey in autumn, along with the standard deviation, and F_{proxy} (landings/biomass index).

2.17.4 Ráðgjöf



Þar sem veiðipól blálöngu er lítt þekkt og litlar rannsóknir stundaðar á tegundinni ber að fara varlega við nýtingu hennar. Hafrannsóknastofnun telur að sú mikla aflaukning sem var á árunum 2008–2012 hafi verið langt umfram afrakstursgetu stofnsins og leggur til að aflí á fiskveiðiarinu 2015/2016 fari ekki yfir 2550 tonn. Sá aflí mun leiða til svipaðs veiðihlutfalls og var á árunum 2002–2009 þegar stofninn fór stækkandi. Þá er jafnframt lagt til að þekktum hrygningarsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl.

Fiskveiði- ár <i>Quota</i> <i>year</i>	Tillaga <i>Rec.</i> <i>TAC</i>	Aflamark		Afli	Afli annarra	Afli alls
		<i>National</i> <i>TAC</i>	Íslendinga <i>Landings</i> <i>(Iceland)</i>	þjóða <i>Landings</i> <i>(others)</i>	<i>Total</i> <i>landings</i>	
2001/02	-	-	1 113	179	1 292	
2002/03	-	-	963	116	1 079	
2003/04	-	-	1 157	62	1 219	
2004/05	-	-	1 380	116	1 496	
2005/06	-	-	1 496	95	1 591	
2006/07	-	-	2 078	121	2 199	
2007/08	-	-	2 849	92	2 941	
2008/09	-	-	4 075	109	4 184	
2009/10	-	-	6 495	183	6 678	
2010/11	-	-	6 464	528	6 992	
2011/12	4 000	-	4 238	799	5 037	
2012/13	3 100	-	2 996	203	3 199	
2013/14	2 400	2 400	1 653	101	1 754	
2014/15	3 100	3 100				
2015/16	2 550					

Tafla 2.17.1. **Blálanga**. Tillögur Haf-
rannsóknastofnunar um hámarksafla,
ákvörðun stjórnvalda um aflamark og
afla (tonn).

*Table 2.17.1. Blue ling. TAC recom-
mended by the Marine Research Insti-
tute, national TAC, and landings
(tonnes).*

2.18 Langa *Molva molva*




Langa. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Ling. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.18.1 Affi og sókn


Lönguafli á Íslandsmiðum varð mestur árið 1971 eða rúm 15 þús. tonn (tafla 3.18.1). Á tímabilinu 1982–2005 var landaður affi á bilinu 3 200 og 5 900 tonn en hefur aukist mikið frá þeim tíma og var rúm 14 þús. tonn árið 2014 (mynd 2.18.1). Þar af veiddu íslensk skip tæp 12 þús. tonn. Síðastliðna þrjá áratugi hafa Íslendingar veitt um 85–90% lönguaffans á Íslandsmiðum, en fyrir þann tíma var hlutur erlendra skipa mun meiri (tafla 3.18.1).



Mynd 2.18.1. **Langa.** Landaður affi eftir veiðarfærum.

Figure 2.18.1. **Ling.** Landings by gear type.

Skipting lönguaffans eftir veiðarfærum hefur breyst verulega síðustu árin og hefur hlutfell línu aukist úr 11% árin 1982–1989 í 75% árið 2014. Hlutfall neta og botnvörpu hefur að sama skapi dregist saman.




Mynd 2.18.2. **Langa.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 40 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 40 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.18.2. **Ling.** Fishable biomass index (≥ 40 cm) and juvenile abundance index (< 40 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

2.18.2 Ástand stofnsins


Stofnvísitala löngu í stofnmælingu botnfiska í mars lækkaði um meira en helming á árunum 1985–2001. Frá árinu 2005 hefur vísitalan hækkað mikið og var árið 2015 með þeim hæstu frá upphafi stofnmælingarinnar (mynd 2.18.2). Nýliðunarvísitala hefur hins vegar lækkað mikið frá háum gildum árunna 2004–2010.



Mynd 2.18.3. **Langa.** Stærð hrygningarstofns og veiðidánartölur (15–19 ára).

Figure 2.18.3. **Ling.** Spawning stock biomass and fishing mortality (F_{15-19}).

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) samþykkti á rýnifundi í febrúar 2014 að byggja ráðgjöf á löngu á Íslandsmiðum á Gadget stofnlíkani sem þróað hefur verið á undanförunum árum. Kjörsókn (F_{MSY}) var skilgreind sem 0.24 og jafnframt voru skilgreind gátmörk fyrir stærð hrygningarstofns ($B_{trigger} = 9\,500$ t). Samkvæmt stofnmati hefur hrygningarstofn löngu stækkað mikið á undanförunum árum (mynd 2.18.3). Nýliðun jókst frá 2000–2010 en hefur síðan 2012 verið mjög lítil (mynd 2.18.4). Fiskveiðidánartala var framan af há, eða til 2010, en hefur lækkað hratt með aukinni stofnstærð og er nú við kjörsókn (mynd 2.18.3). Framreikningar benda til að stofninn muni á næstu árum minnka umtalsvert vegna slakrar nýliðunar og afli því fara undir 10 þús. tonn.



Mynd 2.18.4. **Langa.** Stærð árganga við þriggja ára aldur (í milljónum)

Figure 2.18.4. **Ling.** Size of year classes at age 3 (in millions).

2.18.3 Ráðgjöf

Tafla 2.18.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar og úthlutað aflamark frá fiskveiðiarinu 2001/2002, og heildarafla löngu frá fiskveiðiarinu 1999/2000.


Niðurstöður stofnmats benda til að löngustofninn hafi stækkað hratt frá aldamótum og sé nú stærri en hann hefur verið frá upphafi úttektartímabilsins, sem hefst 1982. Hafrannsóknastofnun leggur til að lönguafinn fiskveiðiárið 2015/2016 miðist við kjörsókn (F_{MSY}) og fari því ekki yfir 16 200 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa sem að meðaltali hefur verið um 1 500 tonn á undanförunum tveimur árum.

Fiskveiði- ár <i>Quota</i> <i>year</i>	Tillaga <i>Rec.</i> <i>TAC</i>	Aflamark <i>National</i> <i>TAC</i>	Afli Íslendinga <i>Landings</i> <i>(Iceland)</i>	Afli annarra þjóða <i>Landings</i> <i>(others)</i>	Afli alls <i>Total</i> <i>landings</i>
1999/00	-	-	3 496	475	3 961
2000/01	-	-	3 182	359	3 451
2001/02	3 000	3 000	2 542	426	2 968
2002/03	3 000	3 000	3 137	578	3 715
2003/04	3 000	3 000	3 864	744	4 608
2004/05	4 000	4 000	4 488	750	5 238
2005/06	4 500	5 000	5 842	1 119	6 961
2006/07	5 000	5 000	6 625	992	7 617
2007/08	6 000	7 000	7 008	1 552	8 560
2008/09	6 000	7 000	9 160	1 329	10 489
2009/10	6 000	7 000	9 450	1 263	10 713
2010/11	7 500	7 500	9 327	768	10 095
2011/12	8 800	9 000	10 074	1 059	11 133
2012/13	12 000	11 500	11 196	1 249	12 445
2013/14	14 000	13 500	13 300	1 683	14 983
2014/15	14 300	13 800			
2015/16	16 200				

Tafla 2.18.1. **Langa.** Tillögur Haf-
rannsóknastofnunar um hámarksafla,
ákvörðun stjórnvalda um aflamark og
afla (tonn).

*Table 2.18.1. Ling. TAC recommended
by the Marine Research Institute,
national TAC, and landings (tonnes).*

2.19 Keila *Brosme brosme*




Keila. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Tusk. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.19.1 Affi og sókn

Keiluaflí á Íslandsmiðum frá 1963 er sýndur á mynd 2.19.1 og í töflu 3.19.1. Árið 1963 var aflinn rúmlega 10 þús. tonn, en síðan hefur hann yfirleitt verið á bilinu 5000–8000 tonn. Árið 2014 var aflinn um 6000 tonn, sem er tæplega 1800 tonnum minna en árið 2012. Frá árinu 1991 hafa Íslendingar veitt 75–80% aflans en færeysk skip 20–25%. Á árunum 2004–2010 tvöfaldaðist aflí Íslendinga og var um 7000 tonn árin 2008–2010 sem er mesti keiluaflí Íslendinga í sögu veiðanna. Keiluaflí Íslendinga var tæp 5000 tonn árið 2014. Á undanförunum árum hefur langmest af keilu veiðst á línu, eða ríflega 95% aflans.




Mynd 2.19.1. **Keila.** Landaður aflí á Íslandsmiðum.

Figure 2.19.1. **Tusk.** Landings from Icelandic waters.

2.19.2 Stofnmælingar

Keila fæst að meðaltali á tæplega helmingi stöðva í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB). Útbreiðsla hennar er jöfn og yfirleitt er gott samræmi í niðurstöðum frá ári til árs. Einnig er gott samræmi milli SMB og stofnmælingar að hausti (SMH) þótt minna fáist í haustmælingunni. Í SMB hefur keila einkum fengist út af Vestur- og Suðausturlandi.

Vísitala veiðistofns keilu í SMB lækkaði um helming frá 1989 til 1995 og hélst lág til 2001 (mynd 2.19.2). Á árunum 2002–2006 hækkaði vísitalan hratt og var fremur stöðug til 2010. Síðan þá hefur vísitalan sveiflast nokkuð, lækkaði árið 2014 en hækkaði aftur 2015. Vísitala ungfisks hækkaði frá 1996 til 2006 er hún náði sögulegu hámarki. Á árunum 2007 til 2013 féll vísitalan hratt og var í sögulegu lágmarki árin 2012 og 2013. Aukin nýliðun mælist tvö síðastliðin ár en þó eru vísitölurnar lágur.



Mynd 2.19.2. **Keila.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 40 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 40 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfráviki.


Figure 2.19.2. **Tusk.** Fishable biomass indices (≥ 40 cm) and juvenile abundance indices (< 40 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

2.19.3 Ástand stofnsins

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og Hafrannsóknastofnunar er byggð á niðurstöðum aldurs-lengdarlíkans (Gadget, sjá viðauka 5.1).

Á vinnufundi djúpfiskanefndar ICES 2014 var farið yfir forsendur og gögn sem notuð eru í aldurs-lengdarlíkaninu. Þá var kjörsókn endurmetin og lækkaði úr 0.24 (F_{max}) í 0.20 (F_{MSY}), en veiðidauði hefur nær alltaf verið yfir því marki á úttektartímabilinu frá 1982. Mynd 2.19.3 sýnir þróun veiðistofns og veiðidauða hjá keilu sem er að fullu komin í veiði. Veiðidánartalan árið 2014 er metin 0.26.

Veiðistofn keilu er nú metinn minni en í stofnmati síðasta árs. Lægra stofnmat í ár er einkum vegna áhrifa minnkandi nýliðunar í veiðistofn keilu.




Mynd 2.19.3. **Keila.** Stærð veiðistofns og veiðidánartala.

Figure 2.19.3. **Tusk.** Fishable stock size and fishing mortality.

Stærð veiðistofns var 15–19 þús. tonn á árunum 1980–1988, en minnkaði á tíunda áratugnum og var um 8 000 tonn um aldamótin. Á árunum 2002–2010 tvöfaldaðist veiðistofninn og hefur síðan verið um 15 þús. tonn.

Niðurstöður stofnmatsins sýna að nýliðun keilu (við þriggja ára aldur) var mjög góð úr árgöngunum 1999–2006 en lítil úr yngri árgöngum og benda niðurstöður til að árgangar 2008–2010 séu þeir minnstu á úttektartímabilinu (mynd 2.19.4). Er það mat í samræmi við vísbendingar úr stofnmælingum. Því má búast við að veiði og hrygningarstofn muni áfram minnka á næstu árum.

Keila er fremur hægvaxta fiskur og árlegur vöxtur á bilinu 3–5 cm. Keila byrjar að koma í veiðistofninn um 40 cm löng en verður ekki kynþroska fyrr en um 55 cm. Það eru því 3–5 ár frá því að keila kemur inn í veiðarnar þar til hún verður kynþroska. Mikil sókn getur því leitt til þess að lágt hlutfall fiska náí að hrygna.



Mynd 2.19.4. **Keila.** Stærð árganga við þriggja ára aldur (í milljónum).

Figure 2.19.4. **Tusk.** Size of year classes at age 3 (in millions).

2.19.4 Ráðgjöf

Tafla 2.19.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda um heildarafflamark og keiluafla frá fiskveiðiárinu 2001/2002. Afli hefur flest árin verið talsvert meiri en sett aflamark, vegna veiði erlendra skipa á Íslandsmiðum og tilfærslna milli tegunda í aflamarkskerfinu.


Hafrannsóknastofnun leggur til að hámarksafli keilu á fiskveiðiárinu 2015/2016 miðist við kjörsókn (F_{MSY}) og fari ekki yfir 3 440 tonn, að meðtöldum afla erlendra skipa á Íslandsmiðum. Jafnframt er lagt til að áfram verði bann við veiðum á uppvaxtarsvæðum keilu við Suðaustur- og Suðurland.

Fisk- veiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Afli alls Total landings
2001/02	-	-	3 534	1 342	4 876
2002/03	3 500	3 500	3 762	1 284	5 046
2003/04	3 500	3 500	3 428	1 530	4 958
2004/05	3 500	3 500	3 616	1 285	4 901
2005/06	3 500	3 500	4 387	1 541	5 928
2006/07	5 000	5 000	6 336	1 606	7 942
2007/08	5 000	5 500	6 351	1 243	7 594
2008/09	5 000	5 500	6 865	1 297	8 162
2009/10	5 000	5 500	6 325	2 057	8 382
2010/11	6 000	6 000	6 223	1 545	7 777
2011/12	6 900	7 000	5 981	1 420	7 401
2012/13	6 700	6 400	5 549	1 284	6 833
2013/14	6 300	5 900	4 847	1 034	5 881
2014/15	4 000	3 700			
2015/16	3 440				

Tafla 2.19.1. **Keila.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Table 2.19.1. **Tusk.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

2.20 Lýsa *Merlangius merlangus*




Lýsa. Veidisvæði við Ísland árin 2010–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Whiting. Fishing grounds in 2010–2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.20.1 Afli og sókn

Á tímabilinu 1984–2014 var landaður lýsuafli á Íslandsmiðum 100–3 000 tonn (mynd 2.20.1 og tafla 3.20.1). Afinn árið 2014 var rúm 900 tonn og hefur farið minnkandi undanfarin ár eftir að hafa náð hámarki í tæpum 3 000 tonnum árið 2011.



Mynd 2.20.1. Lýsa. Landaður afli.


Figure 2.20.1. Whiting. Landings.

Lýsa var lengi vel lítið nýtt þó hún kæmi sem meðafli við aðrar veiðar. Lýsuafllinn jókst mikið á árunum eftir 2005 og fór mest í tæp 3 000 tonn árið 2011 (mynd 2.20.1). Lýsa veiðist nú víða við sunnan- og vestanvert landið en einkum á miðunum í kringum Vestmannaeyjar. Hún veiðist aðallega í botnvörpu en einnig á línu og í dragnót.

Nokkrir togbátar hafa sótt beint í lýsu á vorin og samkvæmt aflaskýrslum jókst bein sókn í lýsu með botnvörpu á árunum 2009–2011, en dregið hefur úr beinni sókn undanfarin þrjú ár. Árin 2013–2014 var sóknin svipuð og hún var árin 1999–2008. Svipaða sögu má segja um afla á sóknareiningu í botnvörpu, en aflaukningu árunum 2009–2011 má að miklu leyti rekja til aukinnar sóknar á þeim árum.

2.20.2 Ástand stofnsins

Samkvæmt vísitölum úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) hafa breytingar á nýliðun og veiðistofni lýsu hin síðari ár verið í takt við breytingar á ýsustofninum. Stór árgangur kom fram árið 2003 og annar vel yfir meðallagi árið 2007 (mynd 2.20.2). Vísitala veiðistofnsins fór mjög hækkandi á árunum 2003–2005 en hefur farið lækkandi síðan með þeirri undantekningu að árið 2011 hækkadi hún tímabundið, að því er virðist þegar árgangurinn frá 2007 kom inn í veiði (mynd 2.20.2). Síðustu fjögur árin hefur vísitala veiðistofns verið lág og nýliðun mælist léleg þar til í SMB 2015 að fram kemur árgangur frá 2014 sem mælist yfir meðallagi.




Mynd 2.20.2. **Lýsa.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 40 cm og stærri) og nýliðunar (fjöldi, minni en 20 cm) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfráviki.

Figure 2.20.2. **Whiting.** Fishable biomass indices (≥ 40 cm) and juvenile abundance indices (< 20 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

Stofnstærð og afrakstursgeta lýsustofnsins er ekki þekkt. Hafrannsóknastofnun leggur að svo stöddu ekki fram tillögur um hámarksafli í lýsu en ljóst er af framansögðu að stofninn er í lægð um þessar mundir.

2.21 Skötuselur *Lophius piscatorius*




Skötuselur. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Anglerfish. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.21.1 Afli, sókn og útbreiðsla

Árið 2014 var skötuselsafinn tæp 1 200 tonn og hefur farið minnkandi frá árinu 2009, þegar hann náði sögulegu hámarki í 4 100 tonnum (tafla 3.21.1 og mynd 2.21.1). Afli á fiskveiðiárinu 2013/2014 var um 1 400 tonn og afli sjö fyrstu mánuði fiskveiðiársins 2014/2015 er 19% minni en var sömu mánuði fiskveiðiársins á undan. Árin 2000–2010 veiddist um helmingur aflans í net og hinn helmingurinn aðallega í dragnót og vörpur, en árin 2011–2014 var hlutdeild neta að jafnaði 63%.



Mynd 2.21.1. **Skötuselur.** Landaður afli.
Figure 2.21.1. **Anglerfish.** Landings.


Frá árinu 2001 jókst afli skötusels á sóknareiningu og árið 2014 var hann áfram góður, en hefur þó farið minnkandi í dragnót og vörpur undanfarin tvö til þrjú ár. Sókn hefur minnkað með öllum veiðarfærum.

Þegar nýliðun var góð hjá skötusel veiddist töluvert af ungfiski sem meðafli í önnur veiðarfæri en net, einkum í humarveiðum. Hlutfall ungs skötusels í afla hefur dregist mjög saman síðustu ár.

Veidislóð skötusels var fyrrum aðallega bundin við svæði úti fyrir mið- og austurhluta suðurstrandarinnar. Á síðustu árum hafa helstu veiðisvæðin verið fyrir Vesturlandi, en nær helmingur aflans veiddist nú í net á tiltölulega litlu svæði við Snæfellsnes. Gögn úr stofnmælingu botnfiska í mars sýna sömu þróun í útbreiðslu. Þessi breyting á útbreiðslu skötusels er líklega vegna hækkandi sjávarhita á undanförunum árum.

2.21.2 Ástand stofnsins


Skötuselur vex hratt fyrstu 4–5 ár ævinnar og sýna stofnvísitölur að veiðistofninn stækkaði hratt á árunum 2001–2005 (mynd 2.21.2) vegna góðrar nýliðunar (mynd 2.21.3). Síðan þá hefur vísitala veiðistofns haldist há miðað við fyrri ár. Eftir 2011 varð þó lækkun og hefur



Mynd 2.21.2. **Skötuselur.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar 60 cm og stærri) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikum.

Figure 2.21.2. **Anglerfish.** Fishable biomass indices (≥ 60 cm) from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.

vísitalan verið svipuð síðan. Nýliðun hefur hins vegar mælst lítil síðustu ár. Vísitölur eins og tveggja ára fisks (mynd 2.21.3) benda til að árgangar 2013 og 2014 séu litlir, líkt og allir árgangar frá og með árinu 2008.



Mynd 2.21.3. **Skötuselur.** Vísitölur ungfisks (fjöldi eins og tveggja ára) úr stofnmælingu botnfiska í mars.

Figure 2.21.3. **Anglerfish.** Abundance indices for age 1 and 2 from the groundfish survey in March.

2.21.3 Ráðgjöf

Tafla 2.21.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afla skötusels frá og með fiskveiðiárinu 2001/2002.

Niðurstöður úr stofnmælingum og affli á sóknareiningu benda til að veiðistofn skötusels sé enn nokkuð stór, en þó minni síðustu fjögur ár en árin 2009–2011. Allir árgangar frá 2008 til 2014 eru taldir litlir og því fyrirsjáanlegt að veiðistofninn muni enn minnka á næstu árum. Nýliðun undanfarinna sjö ára mælist litlu meiri en fyrir aldamót þegar árlegur affli skötusels var á bilinu 500–700 tonn.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Hafrannsóknastofnun til að hámarksaffli skötusels fiskveiðiárið 2015/2016 verði 1 000 tonn.

Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Affi Landings
2001/02	-	1 500	1 001
2002/03	Óbreytt sókn	1 500	1 363
2003/04	1 500	2 000	1 903
2004/05	1 500	2 000	2 420
2005/06	2 200	3 000	2 832
2006/07	2 200	3 000	2 672
2007/08	2 200	2 500	2 962
2008/09	2 500	3 000	3 436
2009/10	2 500	3 200	3 598
2010/11	2 500	3 000	3 376
2011/12	2 500	2 850	3 006
2012/13	1 500	1 800	1 930
2013/14	1 500	1 500	1 398
2014/15	1 000	1 000	
2015/16	1 000		

Tafla 2.21.1. **Skötuselur.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affli (tonn).


Table 2.21.1. **Anglerfish.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

2.22 Hrognkelsi *Cyclopterus lumpus*



2.22.1 Afli og sókn

Árið 2014 voru veidd rúmlega 4000 tonn af grásleppu við Ísland (mynd 2.22.1 og tafla 3.22.1). Á árunum frá 1973 til 1987 voru að meðaltali veidd um 7 500 tonn á ári og árabilið 1988–2012 var afli ár hvert um 4500 tonn. Árið 2014 var skráður afli rauðmaga 29 tonn, samanborið við 48 tonn að meðaltali árin 2002–2014.




Mynd 2.22.1. **Hrognkelsi.** Grásleppuafli og sókn.

Figure 2.22.1. **Lumpfish.** Landings of females and effort.

Tölur um landanir grásleppu í óslægðri vigt fyrir tímabilið 1971–2007 hafa verið endurskoðaðar frá síðustu skýrslu, byggt á fjölda tunna af söltuðum hrognum frá Landsambandi smábátæigenda og afladagbókum. Endurskoðaðar löndunartölur eru birtar í mynd 2.22.1 og í töflu 3.22.1.


Grásleppuveiðunum er stýrt með sóknartakmörkunum. Hver bátur getur aðeins róið takmarkaðan dagafjölda, sem er gefinn út árlega. Árin 2011 og 2012 voru veiðar leyfðar í 50 daga en 32 daga árin 2013–2015. Fjöldi báta sem tekur þátt í veiðunum er breytilegur frá ári til árs, m.a. vegna aðstæðna á grásleppuhrognamarkaði, og hefur það áhrif á heildarafla. Á árunum 2005–2014 var fjöldi báta sem tók þátt í veiðunum á bilinu 144 til 369 á ári. Árið 2014 tóku 223 bátar þátt í grásleppuveiðunum, en bátunum hefur fækkað samfellt frá árinu 2011.

Afli á sóknareiningu hefur verið endurskoðaður og er nú fundinn einvörðungu fyrir 10,5 tommu net, en sú möskvastærð er lang algengust við veiðarnar. Einingunni sem notuð er til að meta aflann er einnig breytt frá fyrri skýrslum, úr fjölda veiddra yfir í þyngd óslægðrar grásleppu, enda er meirihluta grásleppuafans nú landað óslægðum. Afli á sóknareiningu



Mynd 2.22.2. **Hrognkelsi.** Heildarvísitalur grásleppu í þyngd úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) og stofnmælingu með þorskanetum (SMN), ásamt afla grásleppubáta á sóknareiningu.

Figure 2.22.2. **Lumpfish.** Female biomass indices from the groundfish survey in March (SMB) and the gillnet survey (SMN), along with CPUE from the female fishery.



Mynd 2.22.3. **Hrognkelsi.** Heildarvísitölur rauðmaga (þyngd) úr stofnmælingu botnfiska í mars, ásamt staðalfrávikum.

Figure 2.22.3. **Lumpfish.** Biomass indices of males from the groundfish survey in March, along with the standard deviation.


endurspeglar yfirleitt lífmassavísitölu úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB). veiðiálag hefur einnig áhrif á afla á sóknareiningu og skýrist hár afli á sóknareiningu síðustu ár að hluta til af lítilli sókn (tafla 3.22.1 og mynd 2.22.2).

Gögn úr veiðidagbókum, sem ásamt tölum um landanir gefa upplýsingar um sókn í grásleppu, eru tiltæk frá árinu 1980. Sóknin (fundin með því að deila meðalafli á sóknareiningu í heildarafli) náði hámarki milli 1994 og 1997 en var í lágmarki árið 2007 (mynd 2.22.1 og tafla 3.22.1).

2.22.2 Stofnmæling og ástand stofnsins

Lífmassavísitala grásleppu í SMB var í hámarki á árabílinu 1985–1990, féll árið 1991 og hélst lág þar til hún tók að hækka árið 2002 og náði í framhaldi af því sögulegu hámarki árið 2006. Árin 2006 til 2013 lækkaði vísitalan yfirleitt frá ári til árs, en hækkaði bæði árin 2014 og 2015. Niðurstöður stofnmælingar með þorskanetum (SMN) 2002–2015 sýna svipaða þróun og SMB vísitölur. Lífmassavísitala rauðmaga í SMB 2015 er nánast óbreytt frá fyrra ári (mynd 2.22.3), en vísitala í SMN hækkaði lítillega frá 2013 til 2015.

Vísitala veiðihlutfalls (F_{proxy} , afli/lífmassavísitala, sjá viðauka 5.1) lækkaði frá árinu 2013 til 2014 og var undir meðaltali viðmiðunartímabilsins 1985–2011 (mynd 2.22.4).



Mynd 2.22.4. **Hrognkelsi.** Vísitala veiðihlutfalls grásleppu (afli/stofnvísitölu).

Figure 2.22.4. **Lumpfish.** Relative fishing mortality (landings/biomass index, or F_{proxy}) for females.

2.22.3 Forsendur ráðgjafar

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar miðar að því að vísitala veiðihlutfalls verði ekki hærrí en meðaltal árána 1985–2011. Stofnvísitala hrognkelsa hefur sveiflast mikið milli ára og því er mikilvægt að afli hvers árs taki mið af stofnstærð sama árs, frekar en ársins á undan. Hins vegar, vegna óvissu í mælingunum, er tekið tillit til vísitölu fyrra árs með vægi 30% á móti nýrri mælingu með vægi 70% við útreikning ráðlagðs hámarksafli.

Þannig er ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar tvískipt: Fyrir vertíðina 2016 er upphafs-aflamark reiknað sem lífmassavísitala grásleppu í SMB árið 2015 margfölduð með 0.225. Við það bætist vísitalan í SMB 2016 margfölduð með 0.525. Ráð um leyfilegan hámarksafla eru gefin út að lokinni stofnmælingu í mars, ekki síðar en 1. apríl.


Í samræmi við framangreinda ráðgjafarreglu lagði Hafrannsóknastofnun til 1 400 tonna upphafsafllamark fyrir yfirstandandi vertíð. Endanleg tillaga stofnunarinnar að heildarafla grásleppu á fiskveiðiárinu 2014/2015 var veitt þann 26. mars síðastliðinn og var hún 6 200 tonn.

2.22.4 Ráðgjöf

Ráðgjöfin miðar að því að halda grásleppustofninum yfir sögulegu lágmarki. Í samræmi við ráðgjafarreglu sem notuð hefur verið frá árinu 2012 leggur Hafrannsóknastofnun til að upphafsafllamark grásleppu fiskveiðiárið 2015/2016 verði ekki hærra en sem nemur 2 040 tonnum, byggt á grásleppuvísitölu úr SMB 2015. Hafrannsóknastofnun mun að lokinni stofnmælingu í mars 2016 veita endanlega ráðgjöf um heildaraflamark fiskveiðiársins 2015/2016.

Að því gefnu að veiðum verði stýrt með sama fyrirkomulagi og verið hefur, leggur Hafrannsóknastofnun til að útgefinn dagafjöldi taki mið af fjölda báta sem taka mun þátt í veiðunum. Jafnframt leggur stofnunin til að aukin áhersla verði lögð á skráningu meðafla og eftirlit með brottkasti við grásleppuveiðar.

2.23 Síld *Clupea harengus*




Sumargotssíld. veiðisvæði við Ísland vertíðina 2014/2015. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Summer-spawning herring. Fishing grounds in fishing season 2014/2015. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.23.1 Sumargotssíld

Síldaraflinn frá árinu 1978 er sýndur á mynd 2.23.1 og afinn frá 1951 í töflu 3.23.1. Tafla 2.23.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afla frá vertíðinni 1990/1991.



Mynd 2.23.1. **Sumargotssíld.** Landaður afli eftir veiðarfærum frá árinu 1978 (afla fiskveiðiárs frá 1991).

Figure 2.23.1. **Summer-spawning herring.** Landings by gear type since 1978 (quota year since 1991).

Afli sumargotssíldar á vertíðinni 2014/2015, ásamt meðafla við veiðar á makríl og norsk-íslenskri síld sumarið og haustið 2014, var um 95 þús. tonn. Tillaga Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla svo og ákvarðað heildaraflamark stjórnvalda fyrir vertíðina var hins vegar 83 þús. tonn. Munurinn skýrist af flutningi aflaheimilda milli ára.

Veiðar haustvertíðarinnar 2014 hófust í annarri viku október djúpt í Kolluál vestur af landinu og færðust nær landi eftir því sem leið á haustið. Meginhluti veiðistofnsins hafði vetursetu í Kolluál og veiddust þar rúm 82 þús. tonn fram í janúar. Afgangurinn, eða tæp 13 þús. tonn, var meðafla í veiðum á makríl og norsk-íslenskri síld. Um 99,6% aflans var tekinn í flotvörpu sem er óvenju hátt hlutfall, en undanfarin ár á meðan meginhluti stofnsins hafði vetursetu í Breiðafirði var lang mest veitt í nót.

2.23.1.1 Aldursskipting í afla og meðalþyngd

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.23.2. Árgangurinn frá 2008 var stærstur hluti aflans (23% af þyngd) og árgangar frá 2009 og 2010 fylgdu þar á eftir (15% hvor).

Meðalþyngd í afla var há í öllum aldursflokkum á síðustu vertíð, eða svipuð og síðustu tíu vertíðir að undanskilinni vertíðinni 2007/2008 (tafla 3.23.3). Þyngdir eftir lengd hafa jafnframt verið háar. Tafla 3.23.4 sýnir áætlað hlutfall kynþroska síldar eftir aldri og áætlaðan stuðul fyrir náttúrulegan dauða frá árinu 1987. Líkt og síðustu tvö ár voru notaðir háir stuðlar fyrir náttúrulegan dauða árin 2009–2010 vegna *Ichthyophonus* sýkingar í

Fiskveiðiár <i>Quota year</i>	Tillaga <i>Rec. TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Affi <i>Landings (Iceland)</i>
1990/91	80	110	105
1991/92	80	110	109
1992/93	90	110	107
1993/94	90	100	103
1994/95	120	120	132
1995/96	110	110	126
1996/97	100	100	96
1997/98	100	100	64
1998/99	90	70 ¹⁾	87
1999/00	100	100	93
2000/01	110	110	100
2001/02	125	125	95
2002/03	105	105	94
2003/04	110	110	126
2004/05	110	110	115
2005/06	110	110	103
2006/07	130	130	135
2007/08	130	150	159
2008/09	131	150	152
2009/10	40	47	46
2010/11	40	40	44
2011/12	40	45	49
2012/13	67	68.5	72
2013/14	87	87	72
2014/15	83	82.2	95
2015/16	71		

¹⁾ Sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði 70 þús. tonnum en samtals urðu veiðiheimildir um 90 þús. tonn þar sem 20 þús. tonn voru færð frá vertíðinni 1997/98. *Allocated TAC was 70 thous. tonnes but because of transfers from the previous quota year the national TAC became 90 thous. tonnes.*

Tafla 2.23.1. **Sumargotssíld.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affi (þús. tonn).

Table 2.23.1. **Summer-spawning herring.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).

stofninum. Árin þar á eftir mældist sýkingarhlutfallið áfram hátt, en sýkingin er þó ekki talin hafa valdið marktækri aukningu á náttúrulegum dauða þau árin. Við mat á stærð hrygningarstofns var sama kynþroskahlutfall notað fyrir allt tímabilið, þar sem árlegt mat byggt á fyrirliggjandi gögnum þykir ekki áreiðanlegt.

2.23.1.2 Bergmálmælingar

Frá árinu 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferð. Þessar mælingar hafa að öllu jöfnu verið í nóvember–desember og/eða í janúar, við lok vertíðar. Mælingar á vertíðinni 2014/2015 fóru fram kringum mánaðamótin nóvember–desember. Í Kolluál mældust 346 þús. tonn, 87 þús. tonn í Breiðamerkurdjúpi og samtals 17 þús. tonn við Vestmannaeyjar og í Kolgrafafirði í Breiðafirði. Annarsstaðar var magnið óverulegt. Alls mældust því um 450 þús. tonn af fullorðinni síld (>26 cm). Af síld þriggja ára og eldri mældist mest af 2010 árganginum sem var um 22% af heildarfjölda fiska. Þá voru árgangarnir frá 2008 og 2009 hvor um 17% af fjöldanum en 2011 árgangurinn, sem gengur að miklu leyti inn í hrygningarstofninn 2015, einungis 6%.


Bergmálmælingar á ungsíld fóru fram á svæðinu frá Faxaflóa norður og austur um í Norðfjarðarflóa í nóvember. Niðurstöður þeirra mælinga benda til þess að 2013 árgangurinn, sé rétt undir meðalárgangi. Hann var einkum að finna á óhefðbundni slóð í Jökuldýpi í Faxaflóa (86%) en einnig í Eyjafirði (14%). Annarsstaðar var magnið óverulegt.

Ichthyophonus sýking í eldri hluta síldarstofnsins er í hægri rénun. Þannig er sýkingarhlutfall enn metið hátt í árgöngunum frá 2003–2006, um 41%, sem hafa haft hæsta sýkingarhlutfallið öll árin. Líkt og áður voru árgangar frá 2008 og yngri lítið sýktir (0–6%). Sýkingin hefur nú verið í stofninum á sjöunda ár og vel hefur verið fylgst með þróun hennar. Meginniðurstaða þeirrar vinnu er að sýkingin hafi valdið minni dauða í stofninum en gert var ráð fyrir fyrstu árin.

2.23.1.3 Ástand stofnsins og horfur

Úttekt á stofni sumargotssildar var gerð með NFT-ADAPT stofnmatslíkani sem byggir á aldurskiptum afla og aldursgreindum vísitölum úr bergmálmælingum frá árunum 1987–2015. Niðurstöður líkansins voru líkt og undanfarin ár notaðar til grundvallar á ráðgjöf og framreikningum.


Stærð hrygningarstofnsins árið 2015 er metin 342 þús. tonn (mynd 2.23.2 og tafla 3.23.5). Veiddánartala síðustu vertíðar (2014/2015) er metin 0.26. Samkvæmt stofnmatinu er samsetning hrygningarstofnsins árið 2015 þannig að 2008 árgangurinn er 22% af líffýngdinni, 2009 og 2010 árgangarnir um 19% hver, 2011 og 2012 árgangarnir um 5% hver, en árgangar 2002–2007 frá 1–9%.



Mynd 2.23.2. **Sumargotssild.** Stærð hrygningarstofns á hrygningartíma og vegin meðalveiðidánartala (5–10 ára).

Figure 2.23.2. **Summer-spawning herring.** Spawning stock biomass at spawning time and weighted mean fishing mortality (F_{5-10}).

Helsta ástæða þess að hrygningarstofninn fer minnkandi er að 2011 árgangurinn, sem fyrst árið 2015 bætist að einhverju marki inn í hrygningarstofninn, er metinn mjög lítill eða sá minnsti síðustu þrjá áratugi (mynd 2.23.3). Það mat byggir bæði á hlutfalli hans í aflu og vísitölu úr leiðangri árið 2014.



Mynd 2.23.3. **Sumargotssild.** Stærð árganga við þriggja ára aldur (í milljónum).

Figure 2.23.3. **Summer-spawning herring.** Size of year classes at age 3 (in millions).

2.23.1.4 Ráðgjöf

Eins og kemur fram að ofan er minnkandi stofnstærð einkum rakin til lágs mats á stærð 2011 árgangsins og benda allar mælingar til þess að hann sé langt undir meðallagi. Hafrannsóknastofnun leggur sem fyrr til að aflinn verði miðaður við kjörsókn ($F_{0.1} = 0.22$) og hámarksaffi á fiskveiðiárinu 2015/2016 verði 71 þús. tonn.


2015				2016		
F^1	Afli Catch	Hrygn. stofn SSB	Aflamark TAC	F^1	Hrygn. stofn SSB	Stofn 3+ B_{3+}
0.25	95	342	60	0.18	337	428
			71	0.22	327	417
			80	0.25	319	409
			90	0.29	310	399

¹⁾ Vegin dánartala (F) fyrir 5–10 ára. F við kjörsókn = 0.22. Weighted fishing mortality (F) of age groups 5–10. $F_{0.1} = 0.22$.

Tafla 2.23.2. **Sumargotssild.** Áhrif mismunandi aflamarks á áætlaða stærð hrygningarstofns (þús. tonn) á næsta ári.

Table 2.23.2. **Summer-spawning herring.** Projection of next year's spawning stock biomass (thous. tonnes) for different management strategies.


2.23.2 Norsk-íslensk vorgotssíld



Norsk-íslensk vorgotssíld. Veidisvæði íslenskra skipa árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Norwegian spring-spawning herring. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

Heildaraffli og affli Íslendinga úr norsk-íslenska síldarstofninum tímabilið 1950–2014 er sýndur á mynd 2.23.4 og í töflu 3.23.6. Veiðar úr stofninum frá og með 2002 voru takmarkaðar við að veiðidánartalan færi ekki yfir 0.125 samkvæmt samkomulagi frá 2001 milli Norðmanna, Rússa, Íslendinga, Færeyinga og Evrópusambandsins. Samkvæmt samkomulagi frá 2007 er hlutur Íslands 14,51% af heildarveiðinni. Fyrir árið 2014 lagði Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) til að affinn færi ekki yfir 419 þús. tonn og var hlutur Íslendinga því tæp 61 þús. tonn. Áætlaður heildaraffli fyrir 2014 var hins vegar 437 þús. tonn, eða 18 þús. tonn umfram ráðgjöf ICES vegna veiða Færeyinga sem ákváðu að segja sig frá samkomulagi strandríkja um skiptingu veiðanna.



Mynd 2.23.4. Norsk-íslensk vorgotsíld. Heildaraffli og affli Íslendinga.


Figure 2.23.4. Norwegian spring-spawning herring. Total landings and Icelandic landings.

Afli Íslendinga árið 2014 var tæp 59 þús. tonn. Um 46 þús. tonn voru veidd innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu júní–nóvember. Á tímabilinu september–desember veiddust tæp 7 þús. tonn innan færeysku lögsögunnar og rúm 5 þús. tonn á alþjóðahafsvæði milli Íslands og Noregs.

2.23.2.1 Bergmálmælingar

Allt frá árinu 1996 hefur stærð norsk-íslenska síldarstofnsins verið mæld með bergmálmælingum í alþjóðlegum leiðangri í maí á svæðinu milli Íslands, Noregs og Færeyja. Vísitölur úr þessum leiðangri hafa reynst mikilvægastar í mati ICES á stærð stofnsins. Niðurstöður leiðangursins árið 2014 voru í samræmi við niðurstöður undanfarinna ára. Síld mældist á mest öllu svæðinu en þéttleiki hennar var að öllu jöfnu lítill og var mestur á mörkum alþjóðahafsvæðisins, íslensku- og færeysku lögsögunna. Síld náði vel inn í íslensku lögsögunna, en magn og þéttleiki þar eykst að öllu jöfnu eftir því sem yfirborðshitastig sjávar hækkar og líður á sumarið. Þetta sýna niðurstöður bergmálmælinga í makrilleiðangri í júlí/ágúst undanfarin ár, sem og aflabrógð flotans.

Niðurstöður alþjóðlega leiðangursins árið 2015 munu liggja fyrir í lok júní. Samkvæmt íslenska leiðangrinum var norsk-íslenska síld að finna á stóru svæði í Austurdjúpi. Mesti þéttleiki síldar var í austasta hluta landhelginnar austur af landinu. Útbreiðsla síldar innan íslensku lögsögunnar var svipuð og árið 2014, en að öllu jöfnu voru þéttleiki og magn hennar minni. Þannig var síld að finna í syðsta hluta kalda Austur-Íslandsstraumsins vestur að 14°V , en norðan við 66°N takmarkaði kaldur sjór útbreiðsluna til vesturs. Síldin var nokkuð jafndreifð á 200–400 m dýpi, en einnig fannst hún grynnra að nóttu til.




Mynd 2.23.5. Norsk-íslensk vorgots-síld. Stærð hrygningarstofns og vegin meðalveðiðánartala 5–14 ára.

Figure 2.23.5. Norwegian spring-spawning herring. Spawning stock size and weighted mean fishing mortality (F_{5-14}).

2.23.2.2 Ástand stofnsins og horfur

Samkvæmt stofnmæti frá haustinu 2014 var stærð hrygningarstofnsins metin um 4,1 milljónir tonna árið 2014 (mynd 2.23.5) og um 3,5 milljónir tonna árið 2015, miðað við 437 þús. tonna veiði á árinu 2014. Árgangar 2005–2013 mælast allir litlir (mynd 2.23.6) og gera má ráð fyrir að hrygningarstofninn fari áfram minnkandi næstu árin þrátt fyrir að hóflegri aflareglu verði fylgt. Af þessum veiku árgöngum er sá frá 2009 stærstur.

Niðurstöður sameiginlegs vistfræðileiðangurs Norðmanna og Rússa í Barentshafi í september 2014 gáfu til kynna að árgangurinn frá 2013 væri lítill.



Mynd 2.23.6. Norsk-íslensk vorgots-síld. Stærð árganga við eins árs aldur (í milljörðum).


Figure 2.23.6. Norwegian spring-spawning herring. Size of year classes at age 1 (in billions).

2.23.2.3 Ráðgjöf

Samkvæmt gildandi aflareglu skal draga úr veiðihlutfalli á norsk-íslenskri síld ef hrygningarstofninn fer niður fyrir 5 milljónir tonna. Þar sem hrygningarstofninn árið 2015 var metinn um 3,5 milljónir tonna lagði ICES til að fiskveiðidánarstuðullinn árið 2015 yrði lækkaður frá fyrra ári úr $F = 0.10$ í $F = 0.08$ og er aflamark samkvæmt þeim stuðli 283 þús. tonn. Íslenskum skipum var úthlutað um 41 þús. tonnum í samræmi við samning strandríkjanna frá 2007. Ekki var samstaða strandríkja um skiptingu aflaheimilda og því er líklegt að heildaraflinn árið 2015 verði umfram ráðgjöf ICES, líkt og síðustu tvö ár.

Þar sem vinnunefnd ICES um uppsjávarfiska hittist á haustin, mun nýtt mat á stærð stofnsins og tillaga um hámarksaflla fyrir árið 2016 liggja fyrir í október 2015.

2.24 Loðna *Mallotus villosus*




Loðna. Veidisvæði við Ísland vertíðina 2014/2015. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Capelin. Icelandic fishing grounds in 2014/2015 fishing season. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.24.1 Affi og veiðar

Á grundvelli mælinga á unglöðnu í september–október 2013 var í júní 2014 úthlutað 225 þús. tonna upphafsafلامarki fyrir fiskveiðiárið 2014/2015. Að lokinni bergmálsmælingu á loðnustofninum í september–október 2014 breyttu stjórnvöld aflamarki samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunar í 260 þús. tonn. Endanlegt aflamark, 580 þús. tonn, var svo gefið út að lokinni bergmálsmælingu á loðnu í lok janúar 2015.



Mynd 2.24.1. **Loðna.** Landaður affi, skipt á tímabil innan hvernar vertíðar.

Figure 2.24.1. **Capelin.** Landings by fishing season split between summer, autumn and winter.

Samtals veiddust 517 þús. tonn af loðnu á fiskveiðiarinu 2014/2015. Í júlí 2014 veiddu Norðmenn 30 þús. tonn og Danir 10 þús. tonn í lögsögu Grænlands. Um haustið veiddu Grænlendingar um 5 þús. tonn í Grænlandssundi nálægt miðlínu Íslands og Grænlands, en undanfarin ár hafa engar eða mjög takmarkaðar haustveiðar verið stundaðar (mynd 2.24.1 og tafla 3.24.1).

Vetrarveiðar fóru hægt af stað, en í 2.–4. viku janúar voru veiðiskip einkum í frekar dreifðri loðnu djúpt út af Norðausturlandi. Á sama tíma mældist talsvert magn af loðnu nokkru vestar. Á næstu þremur vikum fóru veiðarnar aðallega fram grynna á landgrunninu út af Norðurlandi ásamt fáeinum köstum út af Austfjörðum. Þetta var óvenjuleg framvinda veiðanna þar sem venjan er að á þessum tíma sé veiði hafin úr hrygningagöngu loðnunnar austur og suður af landinu. Það var hins vegar ekki fyrr en í febrúarlok sem farið var að veiða úr þéttum torfum við ströndina suðaustur af landinu.

Næstu tvær vikurnar fylgdi flotinn loðnunni sem gekk hratt vestur með suðurströndinni. Veiðarnar gengu stopult vegna brælutíðar og var til dæmis ekki ljóst hvort sú loðna sem

veiddist í lokin út af Breiðafirði í 11.–13. viku hafi gengið hefðbundna leið suður um eða hvort um væri að ræða vestangöngu. Samtals veiddust 417 þús. tonn í janúar–mars 2015.

Heildaraflamark eftir vertíðum, sem ná frá júní til apríl næsta árs, og affi loðnu, á svæðinu Ísland/Grænland/Jan Mayen, er sýnt í töflu 2.24.1 og mynd 2.24.1. Ekki náðist að veiða útgefið aflamark og varð heildaraflinn 517 þús. tonn. Þar af veiddu Íslendingar 354 þús. tonn.

Á vertíðinni 2014/2015 var árgangurinn frá 2012 um 77% aflans í fjölda (tafla 3.24.2) og árgangurinn frá 2011 um 21% aflans í fjölda.

Vertíðir	Tillaga	Aflamark	Affi Íslendinga	Affi annarra þjóða	Affi alls
Seasons	Rec. TAC	TAC	Landings (Iceland)	Landings (others)	Total landings
1984/85	920	920	774	123	897
1985/86	1 280	1 280	987	325	1 312
1986/87	1 290	1 290	1 053	380	1 333
1987/88	1 115	1 115	912	204	1 116
1988/89	1 065	1 065	921	116	1 037
1989/90	900	900	666	142	808
1990/91	250	312	284	27	311
1991/92	740	740	635	47	682
1992/93	900	900	655	95	793
1993/94	1 250	1 250	1 001	178	1 179
1994/95	850	850	750	114	864
1995/96	1 150	1 150	883	46	929
1996/97	1 600	1 600	1 249	322	1 571
1997/98	1 265	1 265	940	260	1 245
1998/99	1 200	1 200	899	201	1 100
1999/00	1 000	1 000	844	90	934
2000/01	1 110	1 110	894	177	1 071
2001/02	1 300	1 300	1 051	198	1 249
2002/03	1 000	1 000	765	223	988
2003/04	875	875	575	167	742
2004/05	985	985	640	144	784
2005/06	215	238	193	45	238
2006/07	370	385	307	70	377
2007/08	207	207	149	54	203
2008/09	0	15	15	0	15
2009/10	150	150	111	40	151
2010/11	390	390	322	68	390
2011/12	765	765	585	162	747
2012/13	570	570	464	87	551
2013/14	160	160	111	31	142
2014/15	580	580	354	163	517

Tafla 2.24.1. **Loðna.** Endanlegar tillögur um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affi (þús. tonn).

Table 2.24.1. **Capelin.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (thous. tonnes).


2.24.2 Stofnmælingar

Frá 1978 hefur árlega verið farið í bergmálsleiðangra til að kanna útbreiðslu og magn loðnu. Leiðangrar sem eru farnir á tímabilinu september–desember hafa undanfarin ár náð bæði yfir ókynþroska og kynþroska hluta stofnsins. Niðurstöður úr þeim leiðöngurum hafa verið notaðar til þess að reikna upphafsafllamark næsta fiskveiðiárs og ennfremur til endurskoðunar á aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs. Leiðangrar sem beinast að fullorðinni loðnu, þ.e. veiðistofninum, eru yfirleitt farnir að vetri á tímabilinu janúar til febrúar. Tilgangur þeirra er að mæla stærð veiðistofnsins og ákvarða endanlegt aflamark fyrir yfirstandandi vertíð.

2.24.2.1 Haustmæling 2014

Bergmálsmælingar á loðnustofninum haustið 2014 voru gerðar frá 16. september til 10. október. Farið var með landgrunnskanti Austur-Grænlands frá 73°30'N og suður um Grænlands-sund og auk þess með íslenska landgrunnskantinum austur að Sléttugrunni. Enginn rekis var á rannsóknarsvæðinu en veður var slæmt nema fyrstu dagana og tafði leiðangurinn

verulega. Af ókynþroska eins og tveggja ára loðnu mældust rúmlega 60 milljarðar fiska (mynd 2.24.2). Af kynþroska loðnu mældust rúmlega 38 milljarðar, alls 696 þús. tonn. Þar af voru um 30 milljarðar tveggja ára loðna og um 8 milljarðar þriggja ára loðna. Á grundvelli þessarar mælingar lagði Hafrannsóknastofnun til að aflamark loðnu 2014/2015 yrði 260 þús. tonn.




Mynd 2.24.2. **Loðna.** Mældur fjöldi ókynþroska eins og tveggja ára loðnu að hausti frá árinu 1980.

Figure 2.24.2. **Capelin.** Acoustic measurements of immature age 1 and 2 capelin in autumn since 1980.

2.24.2.2 Vetrarmæling 2015

Bergmálmælingar á loðnustofninum fóru fram 5.–30. janúar 2015. Farið var vestur að 27°26'V í Grænlandssundi, þaðan austur með íslenska landgrunnskantinum og austur fyrir Austfirði að 10°V. Aðstæður voru erfiðar mestan hluta leiðangurs vegna slæms veðurs en að lokum náðist nokkuð samfelld yfirferð dagana 17.–29. janúar. Loðnan hafði ekki safnast með landgrunnskantinum eins og vant er á þessum árstíma, heldur var hún dreifð yfir stærra svæði og því þurfti meiri tíma til að komast yfir útbreiðslusvæðið. Virtist loðnan ekki vera á hraðri göngu á meðan á mælingum stóð.

Meginhluti kynþroska loðnu mældist utan landgrunnnsins frá Grænlandssundi í vestri að Kolbeinseyjarhrygg í austri en vestast á svæðinu var hún blönduð ókynþroska loðnu. Auk þess mældist lítilsháttar magn af loðnu austur af Langanesi.



Mynd 2.24.3. **Loðna.** Stærð veidistofns 1. janúar og stærð hrygningarstofns (þús. tonna) á hrygningartíma að loknum veiðum.

Figure 2.24.3. **Capelin.** Abundance of the fishable stock 1 January and the remaining spawning stock biomass at the end of each season (thous. tonnes).

Samtals mældust 1071 þús. tonn í leiðangrinum, þar af um 970 þús. tonn af kynþroska loðnu. Byggt á þessari mælingu og gildandi aflareglu, lagði Hafrannsóknastofnun til að endanlegt aflamark í loðnu 2014/2015 yrði 580 þús. tonn.

Þetta var í þriðja skipti síðan 2010 sem náðist að mæla kynþroska hluta stofnsins bæði um haust og á komandi vetri, en árið 2010 voru haustmælingar færðar fram um sex vikur eða fram í miðjan september. Núna reyndist 47% munur á veidistofnsmati haust- og vetrarmælinga 2014/2015, sem er mikið miðað við 14% veturinn 2010/2011 og 9% veturinn 2012/2013.

2.24.3 Ástand stofnsins

Kynþroska hluti loðnustofnsins var metinn um 970 þús. tonn í bergmálsmælingum í janúar 2015. Tafla 3.24.4 sýnir stofnstærð í fjölda og þyngd, bæði eftir aldri og kynþroska. Þar sem ekki náðist að veiða útgefið aflamark er áætlað að um 460 þús. tonn hafi hrygnt vorið 2015 (mynd 2.24.3). Samkvæmt bergmálsmælingum haustið 2014 var magn ókynþroska loðnu nálægt meðaltali árána 1980–2013 (tafla 3.24.3). Nýliðun síðustu 11 ár hefur verið mun lakari en tvo áratugi þar á undan.

2.24.4 Aflaregla

Aflaregla, sem byggir á því að skilja eftir 400 þúsund tonn til hrygningar, hefur verið í gildi frá árinu 1983 en gætt gagnrýni hjá ICES. Helsta gagnrýnin á þá reglu var að hvorki var lagt mat á óvissu í bergmálsmælingum né tekið tillit hennar í ráðgjöf. Auk þess voru framreikningar byggðir á unglóðnumælingum gagnrýndir m.a. vegna þess hversu lágt mat var á náttúrulegum afföllum. Árið 2009 mat ICES að aflareglan samræmdest ekki varúðarsjónarmiðum.

Í janúar 2015 var farið yfir tillögu að nýrri aflareglu hjá ICES. Niðurstaðan varð sú að hún var talin vera í samræmi við varúðarsjónarmið. Reglan byggir að stórum hluta á sömu aðferðafræði og gildir fyrir aflareglu loðnu í Barentshafi. Tekið er tillit til mæliskekku í bergmálsmælingum auk þess sem afrán á loðnustofninn frá mælingu og fram að hrygningu er metið. Íslendingar, Norðmenn og Grænlandingar hafa ákveðið að taka upp þessa aflareglu við ákvörðun aflamarks.

Ráðgjafarferlinu við beitingu aflareglunnar er skipt í þrjú þrep. Fyrst er sett upphafs-aflamark, sem byggir á unglóðnumælingum 16–18 mánuðum fyrir hrygningu (mælingar í september–október). Það er síðan endurskoðað eftir mælingu á kynþroska hluta stofnsins í haustmælingu ári seinna. Lokaafllamark fyrir vertíðina er síðan sett eftir bergmálsmælingar á veiðstofninum í janúar árið sem loðnan hrygnir.

Upphafsafllamark er ákvarðað út frá sambandi milli vísitölu ókynþroska loðnu úr haustmælingu og veiðistofns. Jafnframt er tekið tillit til óvissu og varúðarnálgun beitt þannig að litlar líkur séu á því að upphafsafllamark verði hærra en lokaafllamark. Hámarksafli samkvæmt aflareglunni, hvort heldur ákvarður út frá mælingum á kynþroska loðnu að hausti eða vetri, er sá afli sem leiðir til þess að minna en 5% líkur séu á því að hrygningarstofninn verði lægri en 150 þús. tonn, sem talin er vera sú lágmarksstærð hrygningarstofns (B_{lim}) sem tryggir góða nýliðun.


2.24.5 Ráðgjöf

Loðnuvertíðin 2015/2016 mun byggjast að mestu á árgöngunum frá 2012 og 2013. Rúmlega 60 milljarðar af ókynþroska eins og tveggja ára loðnu mældust haustið 2014 (mynd 2.24.2 og tafla 3.24.3).

Samkvæmt nýrri aflareglu mun upphafsafllamark vertíðarinnar 2015/2016 vera 54 þús. tonn. Það verður endurskoðað eftir mælingu á veiðistofninum haustið 2015.

Endanleg ráðgjöf um afla fyrir vertíðina 2015/2016 verður kynnt eftir mælingu á stærð veiðistofnsins í byrjun árs 2016.

2.25 Kolmunni *Micromesistius poutassou*




Kolmunni. Veðisvæði íslenskra skipa árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Blue whiting. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.25.1 Afla og árgangaskipan

Heildarafla og afla Íslendinga úr kolmunnastofninum frá 1970 er sýndur á mynd 2.25.1 og í töflu 3.25.1. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) lagði til að aflinn færi ekki yfir 949 þús. tonn árið 2014, en sú ákvörðun byggir á nýtingarstefnu frá árinu 2005. Ekki er lengur samkomulag um nýtingarstefnu meðal strandríkja og ákváðu þau að hámarksaflamark ársins 2014 yrði 1,2 milljónir tónna. Hluttur Íslands var tæp 195 þús. tonn, en áætlaður afla Íslendinga árið 2014 er 183 þús. tonn. Líkt og síðustu ár var mest veitt innan færeysku lögsögunnar, rúm 155 þús. tonn, og þar af voru 132 þús. tonn veidd í apríl–maí. Einungis tæp 16 þús. tonn voru veidd innan íslenskrar lögsögu. Á árunum 1997–2005 var um 61% afla íslenskra skipa veiddur í íslenskrri lögsögu, en um 12% á árunum 2006–2013.



Mynd 2.25.1. **Kolmunni.** Heildarafla og afla Íslendinga.

Figure 2.25.1. **Blue whiting.** Total landings and Icelandic landings.


Árið 2013 voru árgangarnir frá 2009 og 2010 um 40% af fjölda fiska í afla, líkt og árið áður. Upplýsingar um árgangaskipan í afla árið 2014 liggja ekki fyrir.

2.25.2 Stofnmælingar

Allt frá 1983 hafa Norðmenn og Rússar mælt stærð hrygningarstofns kolmunna með bergmálmælingum á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja og sunnan Færeyja í mars–apríl hvert ár. Frá árinu 2004 hafa Færeyingar og Evrópursambandið einnig komið að rannsóknunum. Vísitölur hrygningarstofns frá þessum leiðangri notar ICES við mat á stærð stofnsins. Fyrstu niðurstöður 2015 leiðangursins benda til að stofninn sé mun minni en gert var ráð fyrir og á það við um alla aldurshópa 4 ára og eldri. Yngri aldurshópar eru stórir líkt og í fyrra.

2.25.3 Ástand stofnsins og horfur


Nýjasta mat á stærð stofnsins er frá október 2014. Samkvæmt því hefur hrygningarstofninn stækkað úr 2,9 milljónum tonna árið 2010 í um 5,5 milljónir tonna árið 2014 (mynd 2.25.2). Miðað við að aflinn nemi 1,2 milljónum tonna árið 2014 þá er áætlað að hrygningarstofninn verði 5,7 milljónir tonna árið 2015. Þessi aukning á stærð hrygningarstofnsins er afleiðing minni sóknar og bættrar nýliðunar frá 2010 (mynd 2.25.3).



Mynd 2.25.2. **Kolmuni.** Stærð hrygningarstofns og veiðidánartala (3–7 ára).

Figure 2.25.2. **Blue whiting.** Spawning stock biomass and fishing mortality (F_{3-7}).

Árgangar 2005–2008 eru metnir þeir minnstu frá upphafi og leiddi það til minnkunar hrygningarstofnsins til ársins 2011. Árgangar 2009–2013 eru nálægt langtíma meðaltali, en þó er stærð árganganna frá 2012 og 2013 enn óviss. Ungkolmunni er mældur í alþjóðlegum leiðangri í Norðaustur Atlantshafi í maí (getið er um leiðangurinn í kaflanum um norsk-íslensku síldina). Í leiðangrinum árið 2014 var vísitala árganganna frá 2012 og 2013 nálægt langtíma meðaltali. Í íslenska hluta leiðangursins árið 2014 mældist töluvert meira af ungtkolmunna sunnan og vestan við land en árin á undan. Í nýafstöðnum leiðangri á sömu slóðum mældist heldur minna af kolmunna en árið 2014. Niðurstöður alþjóðlega leiðangursins í maí 2015 munu liggja fyrir í lok júní.



Mynd 2.25.3. **Kolmuni.** Stærð árganga við 1 árs aldur (í milljörðum).


Figure 2.25.3. **Blue whiting.** Size of year classes at age 1 (in billions).

2.25.4 Ráðgjöf

ICES lagði til að ekki yrðu veidd meira en 840 þús. tonn af kolmunna árið 2015, í samræmi við nýtingarstefnu strandríkja um kolmunna frá 2005. Ekki er lengur samkomulag um nýtingarstefnuna og ákveðið var að aflamark yrði 1 260 þús. tonn árið 2015. Í samræmi við það er hlutur Íslendinga 203 þús. tonn. Strandríkin hafa beðið ICES um að meta nýjar tillögur að nýtingarstefnu.

Aflatillögur ICES fyrir árið 2016 munu liggja fyrir í október 2015 að loknum haustfundi ráðgjafarnefndar þess.

2.26 Makrill *Scomber scombrus*




Makrill. Veidisvæði íslenskra skipa árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Mackerel. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.26.1 Afli, sókn og árgangskipan

Heildaraffli makrils í Norðaustur-Atlantshafi frá árinu 1987 er sýndur á mynd 2.26.1 og í töflu 3.26.1. Veruleg aukning hefur verið á afla úr stofninum undanfarin sjö ár og er áætlaður affli árið 2014 um 1,4 milljónir tonna.



Mynd 2.26.1. **Makrill.** Afli í Norðaustur-Atlantshafi.

Figure 2.26.1. **Mackerel.** Catches from the Northeast Atlantic.

Helstu veidisvæði makrils undanfarna áratugi hafa verið í Norðursjó og við Bretlands-eyjar. Á því svæði er veiðin mest á haustin og fram á vor.

Síðustu ár hefur makrill gengið í sívaxandi mæli á Íslandsmið, vestur í Grænlandshaf og í norðanvert Noregshaf á sumrin og fram á haust. Auknar göngur á þessar slóðir eru taldar tengjast stækkun stofnsins, hlýnun sjávar og fæduframboði á hefðbundnum ætisslóðum. Árið 2006 fór makrill að veiðast sem meðafli í síldveiðum í flotvörpu fyrir Austurlandi og veiddust þá rúm 4000 tonn. Beinar makrilverðar hófust árið 2007 og var aflinn tæp 37 þús. tonn. Frá 2008 til 2013 jókst aflinn úr 112 í 159 þús. tonn og fékkst hann mestmegnis í beinum veiðum. Afli Íslendinga árið 2014 var 173 þús. tonn (mynd 2.26.1 og tafla 3.26.1). Aðalveidisvæði makrils á Íslandsmiðum hafa verið Austur- og Suðausturmið en jafnframt hefur veiðin aukist á Suðvestur- og Vesturmiðum frá árinu 2010. Tæp 13 þús. tonn af aflanum 2014 fékkst í grænenskri lögsögu og rúm 3 þús. tonn á Alþjóðahafsvæðinu austur af Íslandi.


Magn og aldurskipting afla árið 2014 liggur ekki fyrir, en árið 2013 voru árgangarnir frá 2006 til 2010 algengastir með 13–17% hver af fjölda fiska í afla eða samtals 75%. Um 9% af fjöldanum var úr árgangi 2011 sem þá var aðeins tveggja ára.

2.26.2 Stofnmælingar

Allt frá árinu 1977 hefur magn makrileggja verið metið þriðja hvert ár í fjölþjóðlegum leiðangri sem nær yfir tímabilið frá janúar til júlí. Hafrannsóknastofnun tók þátt í þessum rannsóknum árin 2010 og 2013. Niðurstöður leiðangranna sýna að meginhrygning makrils á sér stað á hefðbundnum slóðum vestur af Bretlandseyjum, en hrygningin nær nú mun norðar en áður. Árið 2013 varð m.a. vart við makrilegg á allstóru svæði suðaustur og suður af Íslandi innan íslenskrar lögsögu. Síðustu fjögur rannsóknárin (2004, 2007, 2010 og 2013) hefur hrognaframleiðsla bæði vestur- og suðurstofns, og þar með metin stærð hrygningarstofns, farið vaxandi. Næsti eggjaleiðangur er fyrirhugaður sumarið 2016.

Í júlí/ágúst 2014 tók Hafrannsóknastofnun þátt í alþjóðlegum leiðangri, sjötta árið í röð, sem hefur það að markmiði að rannsaka vistfræði, útbreiðslu og magn uppsjárvarfiska í hafinu í kringum Ísland, Færeyjar og í Noregshafi. Jafnframt var könnuð útbreiðsla makrils í Grænlandshafi í þessum leiðangri í samstarfi við Grænlandinga. Magn makrils og útbreiðsla hefur stöðugt aukist frá árinu 2010, úr 4,8 milljónum tonna í 9 milljónir tonna árið 2014. Jafnframt benda niðurstöður til þess að sterkir árgangar frá 2010 og 2011 hafi verið að ganga inn í hrygningarstofninn.

Niðurstöður þessara tveggja leiðangra og eldri merkingagagna (fram til 2005) eru notaðar til samstillingar í stofnmatslíkani Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Þessu til viðbótar er vísitala um nýliðun frá alþjóðlegum botnfiskaleiðangri við strendur Evrópu notuð til samstillingar, en hún sýnir áframhaldandi góða nýliðun í stofninum, bæði með 2012 og 2013 árgöngunum.




Mynd 2.26.2. **Makrill**. Stærð hrygningarstofns og veididánartala (4–8 ára).

Figure 2.26.2. **Mackerel**. Spawning stock biomass and fishing mortality (F_{4-8}).

2.26.3 Ástand stofnsins og ráðgjöf

Úttekt á makrilstofninum á vegum ICES er gerð á haustin, þar sem ráðgjöf hefur byggst á aflareglu og niðurstöðum stofnmatslíkans. Haustið 2014 var stærð stofnsins metin með nýju stofnmatslíkani sem byggir á fleiri gögnum en áður. Samkvæmt stofnmatinu var hrygningarstofninn í lægð á árunum 1994–2003 eða í kringum 2 milljónir tonna en hefur stækkað síðan þá í 4,3 milljónir tonna árið 2014 (mynd 2.26.2). Eftir mikla aukningu á árunum 1998–2003 hefur dregið verulega úr fiskveiðidaða (mynd 2.26.2) og árin 2012 og 2013 var hann rétt undir ráðlagðri dánartölu ($F = 0.22$). Nýliðun í stofninum hefur verið góð síðustu ár. Þannig eru allir árgangar frá 2005–2013 yfir meðaltali árána 1980–2013, nema 2009 árgangurinn sem var meðalstór (mynd 2.26.3).



Mynd 2.26.3. **Makríll**. Stærð árganga á fyrsta ári (í milljörðum).

Figure 2.26.3. **Mackerel**. Size of year classes at age 0 (in billions).

Síðastliðið ár hefur verið unnið að því innan ICES að prófa og meta nýja aflareglu og varúðarmörk fyrir makríll. Helsta niðurstaðan var að áfram skyldi miða við sama fiskveiðidauða við ráðgjöf ($F = 0.22$) og ráðlagt aflamark fyrir 2015 var því 906 þús. tonn. Ef farið verður eftir þeirri ráðgjöf er hrygningarstofninn metinn verða 4,3 milljónir tonna árið 2016.

Ekki hefur náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr stofninum um skiptingu aflans. Aflatillögur ICES fyrir árið 2016 munu liggja fyrir í október 2015.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark allra þjóða Sum of national TAC	Afli Catches ²⁾
1998	498	549	667
1999	437	562	640
2000	642	612	739
2001	665	670	737
2002	694	683	771
2003	542	583	679
2004	545	532	660
2005	320–420	422	549
2006	373–487	444	481
2007	390–509	502	586
2008	349–456	458	622
2009	443–578	749 ¹⁾	738
2010	527–572	885 ¹⁾	875
2011	529–672	959 ¹⁾	947
2012	586–639	927 ¹⁾	893
2013	497–542	906 ¹⁾	895
2014	927–1 011	1 401 ¹⁾	1 396 ³⁾
2015	906		

¹⁾ Ekkert samkomulag um skiptingu.

No agreement on sharing.


²⁾ Með áætluðu brottkasti. *Including estimated discards*

³⁾ Bráðabirgðatölur. *Provisional figures.*

Tafla 2.26.1. **Makríll**. Tillögur Alþjóðahaf-rannsóknaráðsins um hámarksafli, heildar-aflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affi (þús. tonn).

Table 2.26.1. **Mackerel**. TAC recommended by ICES, sum of national TAC, and landings (thous. tonnes).

2.27 Norræna gulldepla *Maurolicus muelleri*



Norræna gulldepla. Veidisvæði við Ísland árin 2009–2011. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Pearlside. Fishing grounds in 2009–2011. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.27.1 Veiðar og líffræði

Tilraunaveiðar með flotvörpu á norrænu gulldeplu hófust í desember 2008 og þá veiddust nokkur tonn. Afinn árið 2009 var rúm 46 þús. tonn, en minnkaði hratt og var rúm 9 000 tonn árið 2011. Einungis veiddust 9 tonn á árinu 2012 en engum afla var landað árin 2013 og 2014.

Gulldepla er mjög smávaxinn fiskur af ætt silfurfiska. Hún verður kynþroska eins árs og er þá um 2,5 cm að lengd, en getur orðið 5 ára gömul og allt að 9 cm að lengd. Gulldepla finnst víða í hlýja sjónum á svæði frá Suðausturlandi að Vesturlandi. Hún hrygnir á vorin og sumrin á norðurhluta útbreiðslusvæðisins, sem svæðið við Ísland fellur undir, en allt árið sunnar. Lítið er vitað um útbreiðslu og magn gulldeplu, sem og annarra miðsjávarfiska í heimshöfunum, en talið er að til norðurs takmarkist útbreiðsla við mörk hlýsjávar.

2.27.2 Ástand stofnsins


Litlar rannsóknir hafa verið stundaðar á gulldeplu frá árinu 2010, en þá stóð Hafrannsóknastofnun fyrir leiðangri með því markmiði að kortleggja útbreiðslu og magn tegundarinnar á Íslandsmiðum með bergmálsaðferð.

Niðurstöður leiðangursins sýndu að gulldeplu var að finna frá Vesturlandi og allt austur að Austfjörðum. Mestur var þéttleikinn þó á sama svæði og veiðiskipin voru á þeim tíma, í og við Grindavíkurdjúp. Til að meta magn gulldeplu með viðunandi nákvæmni er þörf á frekari rannsóknum á endurvarpsstuðlum tegundarinnar, en slíkar rannsóknir hafa ekki farið fram í Atlantshafi. Rannsóknir á skyldri tegund í Kyrrahafi hafa verið gerðar með tilliti til endurvarpsstuðla. Séu þeir stuðlar notaðir má áætla að magn gulldeplu í leiðangrinum árið 2010 hafi verið innan við 250 þús. tonn, þar af um 140 þús. tonn á því svæði sem veiðin hefur verið. Þá sýna lengdardreifingar að líklegast sé uppistaða aflans úr tveimur árgöngum, þar sem eldri árgangurinn var mest á veiðislóðinni, en sá yngri vestan við landið.

2.27.3 Ráðgjöf

Með hliðsjón af því að stofnstærð og afrakstursgeta gulldeplu á Íslandsmiðum eru lítt þekkt, sem og fæðutengsl tegundarinnar við aðra nytjastofna, leggur Hafrannsóknastofnun til að varlega verði farið í nýtingu stofnsins. Ef veiðar verða stundaðar á næstu árum verði árlegur affli ekki umfram það sem veiddist að meðaltali á árunum 2009–2010, eða um 30 þús. tonn.

2.28 Gulllax *Argentina silus*




Gulllax. Veiðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Greater silver smelt. Fishing grounds in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.28.1 Afli og sókn

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabíll, einkum sem aukaafli við karfaveiðar og var lengst af kastað. Árið 1997 jókst áhugi á gulllaxveiðum verulega og aflinn fór úr rúmum 800 tonnnum árið 1996 í rúm 13 þús. tonn 1998 (mynd 2.28.1 og tafla 3.28.1). Á árunum 2000–2007 var aflinn á bilinu 2 500–4 800 tonn. Mikil aukning varð á veiðum árin 2008–2010 og varð aflinn rúm 16 þús. tonn árið 2010. Síðan þá hefur aflinn minnkað, meðal annars vegna stýringar stjórnvalda á veiðunum, og var aflinn árið 2014 um 6 300 tonn.



Mynd 2.28.1. **Gulllax.** Landaður afli.

Figure 2.28.1. **Greater silver smelt.** Landings.

2.28.2 Stofnmæling


Gulllax er hægvoxta tegund og afrakstursgeta stofnsins er talin lítil. Upplýsingar um stærð og ástand stofnsins við Ísland eru fremur takmarkaðar sem og tengsl hans við gulllax á nærliggjandi hafsvæðum. Gulllax veiðist víða í stofnmælingu botnfiska að hausti (SMH), en þó aðallega í hlýjum sjó frá Suðausturlandi að Vestfjörðum. Mikil óvissa er í vísitölum í stofnmælingunni enda er gulllax gjarnan í torfum og heldur sig oft talsvert ofan við botn. Frá árinu 2010 hefur vísitala gulllax á meira en 400 m dýpi þó verið notuð sem megingrunnur ráðgjafar.

Vísitala veiðistofns, þ.e. gulllax á meira en 400 m dýpi ríflega tvöfaldaðist frá 2008 til 2009 en lækkaði aftur árið 2010. Vísitala gulllax margfaldaðist milli 2013 og 2014, en skýringin á því er líklega breytingar í veiðanleika líkt og lýst er að ofan. Á vinnufundi djúpfiskanefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) síðastliðinn vetur var ákveðið að endurleikna vísitölur gulllax með það að markmiði að minnka vægi stórra toga í stofnmælingu. Þrátt fyrir það bendir hin endurreiknaða vísitala (mynd 2.28.2) til rúmlega tvöföldunar stofnsins árið 2014 samanborið við árið 2013.

2.28.3 Ástand stofnsins

Mikil breyting hefur orðið í aldurssamsetningu gulllax í afla á undanförunum árum. Árið 1998 var meðalaldur í afla um 16 ár, á árunum 2008–2013 tæp 10 ár, en lækkaði í rúm 9 ár árið 2014.

Vísitala veiðihlutfalls hækkaði mikið árið 2010 en hefur lækkað hratt á síðustu árum (mynd 2.28.2). Sem grunn ráðgjafar leggur ICES til að stefnt skuli að vísitölu veiðihlutfalls sem er nálægt meðaltali vísitölunnar 2002–2007 (0.17). Vegna óvissu stofnmælingarinnar skuli við útreikninga ekki gera ráð fyrir meiri breytingum í vísitölum frá ári til árs en sem nemur 20%.



Mynd 2.28.2. **Gulllax.** Vísitölur veiðistofns (þyngd, fiskar >30 cm og dýpi >400 m) úr stofnmælingu botnfiska í október ásamt staðalfrávikki, og vísitala veiðihlutfalls (afla/stofnvísitölu).

Figure 2.28.2. **Greater silver smelt.** Fishable biomass index (>30 cm and depth >400 m) from the groundfish survey in October along with the standard deviation, and F_{proxy} (landings/biomass index).

Ljóst er að mikil óvissa er um stofnstærð gulllax við Ísland og vegna þess lagði djúpfiskanefnd ICES til að haldinn yrði rýnifundur um stofnmat gulllax. Sá fundur verður væntanlega haldinn snemma árs 2017.

2.28.4 Ráðgjöf

ICES telur að hin mikla aukning sem orðið hefur í veiðum á gulllaxi á undanförunum árum sé umfram það sem eðlilegt getur talist samkvæmt varúðarsjónarmiðum. Því leggur ICES til að afla gulllax fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 6 500 tonn. Ráðgjöfin byggir á að veiðihlutfallið verði svipað meðaltalinu frá 2002–2007 og 20% aukningu á vísitölu veiðistofns árið 2014.


Fiskveiðiár Quota year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afla Landings
2001/02	12 000	-	5 257
2002/03	12 000	-	2 427
2003/04	12 000	-	3 708
2004/05	12 000	-	4 210
2005/06	12 000	-	4 787
2006/07	Varúð	-	5 052
2007/08	Varúð	-	5 064
2008/09	Varúð	-	8 797
2009/10	8 000	-	15 960
2010/11	8 000	-	12 091
2011/12	6 000	-	8 497
2012/13	8 000	-	11 217
2013/14	8 000	8 000	7 242
2014/15	8 000	8 000	
2015/16	8 000		

Tafla 2.28.1. **Gulllax.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afla (tonn).

Table 2.28.1. **Greater silver smelt.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

Hafrannsóknastofnun leggur til að gulllaxaflinn fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 8 000 tonn. Ráðgjöfin er óbreytt frá fyrra ári þar sem ólíklegt er að hin mikla aukning í vísitölu milli 2013 og 2014 sé vegna aukinnar stofnstærðar.

2.29 Humar *Nephrops norvegicus*




Humar. Veiðisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Nephrops. Fishing grounds in 2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.29.1 Affi og sókn


Alls var landað 1965 tonnum af humri árið 2014, samanborið við 1724 tonn árið 2013 (mynd 2.29.1 og tafla 3.29.1). Á Suðvesturmiðum veiddust 1093 tonn, á miðunum við Vestmannaeyjar 234 tonn og Suðausturmiðum 638 tonn. Á Suðausturmiðum og á Vestmannaeyjamiðum var afli nokkuð minni en árið 2014, en afli jókst töluvert við Suðvesturland.



Mynd 2.29.1. **Humar.** Landaður afli eftir veiðisvæðum.

Figure 2.29.1. **Nephrops.** Landings by fishing grounds.

Afli á togtíma (á tímabilinu maí–ágúst, staðlað miðað við eitt troll) var 67 kg árið 2014, eða svipaður og undanfarin þrjú ár (tafla 3.29.2). Í heildina var afli á togtíma nokkuð hár, en umtalsvert minni en á metárunum 2007–2008 (mynd 2.29.2).



Mynd 2.29.2. **Humar.** Heildarvísitala humars (þyngd) úr humarleiðöngnum 1987–2015 og staðlaður afli á sóknareiningu 1987–2014.

Figure 2.29.2. **Nephrops.** Total biomass indices from the Nephrops survey 1987–2015 and standardized CPUE 1987–2014.


2.29.2 Stofnmæling

Stofnvísitala humars í maí hefur farið lækkandi frá árinu 2008 (mynd 2.29.2) og mælist nú sú lægsta frá upphafi. Vísitalan hefur yfirleitt endurspeglad afla á sóknareiningu nokkuð vel, en hefur þó lækkað hlutfallslega meira frá árinu 2009. Að stóru leyti má skýra lága vísitölu með litlum veiðanleika á flestum svæðum í stofnmælingu. Í stofnmælingu með trolli er veiðanleiki humars mjög breytilegur milli ára, vegna breytilegra birtuskilyrða (sökum þörungagróðurs) og magns fisks á veiðislóð sem var mikið í ár. Þegar sjórinn er tær og birtan mikil heldur humarinn sig í holum og er þá illveiðanlegur.

Samkvæmt stofnmælingu í maí 2015 var 53–58 mm skjaldarlengd (11–13 ára humar) mest áberandi miðað við fjölda. Hlutfall 14 ára og eldri humars (60 mm og stærri) var mjög hátt, en aldrei hefur mælst eins lítið af humri undir 40 mm. Líkt og þrjú síðustu ár var það einkum norðan við Eldey og í Skerjadjúpi sem vart varð við nýliðun.


2.29.3 Stofnmat og horfur

Samkvæmt stofnmati með aldurs-aflagreiningu eru árgangar 1996–2000 metnir stórir (mynd 2.29.3). Um og upp úr 1995 var humarstofninn í lágmarki og veiðarnar tregar, en með minni sókn og batnandi nýliðun jókst aflinn. Árin 2007–2010 var afli á sóknareiningu í sögulegu hámarki sem og metin stofnstærð. Aftur á móti eru árgangar 2005–2010 metnir í sögulegu lágmarki líkt og kom fram í stofnmælingu.



Mynd 2.29.3. **Humar.** Stærð árganga við fimm ára aldur (í milljónum).

Figure 2.29.3. **Nephrops.** Size of year classes at age 5 (in millions).



Mynd 2.29.4. **Humar.** Stærð veiðistofns (6 ára og eldri), hluti stórhumars (10 ára og eldri) og veiðánartala (6–13 ára).

Figure 2.29.4. **Nephrops.** Fishable biomass (age 6+), large category biomass (age 10+), and fishing mortality (F_{6-13}).

Samkvæmt stofnmati er stærð veiðistofnsins nú metin um 10 700 tonn og hefur stofninn farið hratt minnkandi (mynd 2.29.4 og tafla 3.29.4). Metið magn stærri humars, 10 ára og eldri, hefur einnig minnkað en er þó yfir langtímameðaltali.

Veiðihlutfall frá 1971 er sýnt á mynd 2.29.4. Frá 1995 hefur verið stefnt að því að miða veiðar við kjörsókn í stofninn ($F_{0.1} = 0.15$). Þó að það hafi að jafnaði gengið eftir hafa sveiflur í stofnstærð og/eda mismunandi aðstæður eftir veiðisvæðum stundum leitt til óvenju mikillar sóknar tímabundið á tilteknum miðum.

Í framreikningum á stofnstærð til ársins 2016 er reiknað með að affi ársins 2015 verði 1 650 tonn og stærð veiðistofns í upphafi árs 2016 um 8 600 tonn. Að undanfögnu hefur verið unnið að gerð Gadget stofnlíkans (sjá viðauka 5.1) fyrir humar. Gadget líkanið sýnir svipaða þróun stofnstærðar og aldurs-aflagreiningin.

2.29.4 Ráðgjöf

Tafla 2.29.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og humar afla frá árinu 1984. Humarstofninn stækkaði mjög á árunum 1998–2005, sem rekja má til aukinnar nýliðunar og hóflegar sóknar í stofninn. Veiðistofninn hefur minnkað hratt síðustu ár vegna slakrar nýliðunar og búast má við frekari minnkun hans á komandi árum. Hafrannsóknastofnun leggur sem fyrr til að sókn í stofninn miðist við kjörsókn ($F_{0.1} = 0.15$) og að humaraffli fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 1 500 tonn.



Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Affi Landings
1984	2 400	2 600	2 500
1985	2 300	2 400	2 400
1986	2 500	2 500	2 600
1987	2 700	2 800	2 700
1988	2 600	2 600	2 200
1989	2 100	2 100	1 900
1990	2 100	2 000	1 700
1991 ¹⁾	2 100	2 100	2 200
1991/92	2 100	2 100	2 200
1992/93	2 200	2 400	2 400
1993/94	2 200	2 400	2 200
1994/95	2 200	2 200	1 000
1995/96	1 500	1 500	1 600
1996/97	1 500	1 500	1 200
1997/98	1 500	1 200	1 400
1998/99	1 200	1 200	1 400
1999/00	1 200	1 200	1 300
2000/01	1 400	1 400	1 400
2001/02	1 500	1 500	1 577
2002/03	1 600	1 600	1 687
2003/04	1 600	1 600	1 437
2004/05	1 500	1 500	2 035
2005/06	1 600	1 800	1 946
2006/07	1 700	1 800	1 946
2007/08	1 900	1 900	2 000
2008/09	2 200	2 200	1 999
2009/10	2 200	2 200	2 456
2010/11	2 100	2 100	2 259
2011/12	2 000	2 100	2 130
2012/13	1 900	1 900	1 965
2013/14	1 750	1 750	1 983
2014/15	1 650	1 650	
2015/16	1 500		

Tafla 2.29.1. **Humar**. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affi (tonn).

Table 2.29.1. **Nephrops**. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

¹⁾ Tímabilið janúar–ágúst. *January–August 1991.*

2.30 Rækja *Pandalus borealis*




Rækja. Veidisvæði við Ísland árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Northern shrimp. Fishing grounds in 2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.30.1 Afli og sókn

Rækjuveiðar hafa verið stundaðar á Íslandsmiðum síðan á fjórða áratug síðustu aldar, en lengst af var eingöngu um að ræða takmarkaðar veiðar á grunnslóð. Rækjuveiðar á djúpslóð hófust um miðjan áttunda áratuginn og urðu fljótlega mun umfangsmeiri en veiðarnar á grunnslóð (mynd 2.30.1 og tafla 3.30.1).



Mynd 2.30.1. **Rækja.** Landaður afli á grunnslóð og djúpslóð.


Figure 2.30.1. **Northern shrimp.** Landings from inshore and offshore areas.

Rækjuveiðar á Íslandsmiðum náðu hámarki á árunum 1994–1997 þegar ársaflinn var yfir 70 þús. tonn. Frá 1997 hefur aflinn dregist mjög hratt saman og náði lágmarki árið 2006 þegar hann var aðeins 860 tonn. Síðan þá hefur aflinn aukist smám saman og var 10 700 tonn árið 2013, en einungis 7 000 tonn árið 2014.

2.30.2 Rækja á grunnslóð

2.30.2.1 Ástand stofna og ráðgjöf

Mynd 2.30.2 og tafla 3.30.2 sýna afla eftir veiðisvæðum rækju á grunnslóð. Undanfarin ár hafa veiðar nær eingöngu verið stundaðar við Snæfellsnes og Eldey, í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Heildarafli á grunnslóð fiskveiðiárið 2013/2014 var 3 200 tonn. Rækjustofnar norðanlands hrundu á árunum 1997–2000 og kemur það bæði fram í stofnvísitölum og afla (mynd 2.30.2). Sama gerðist í Ísafjarðardjúpi á árunum 2002–2004 og í Arnarfirði 2005–2007. Á öllum þessum svæðum er talið að afrán þorsks og ýsu hafi átt verulegan þátt í hruni rækjustofnanna.



Mynd 2.30.2. Rækja á grunnslóð. Landaður aflí (súlu) og vísitala stofnstærðar (línur).
 Figure 2.30.2. Northern shrimp, inshore. Landings (bars) and biomass indices (lines).

Tafla 2.30.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvarðanir stjórnvalda um heildaraflamark og rækjuafli á grunnslóð síðan 1990/1991 og tafla 3.30.3 sýnir tillögur fyrir einstök svæði.

Fiskveiðiár <i>Quota year</i>	Grunnslóðasvæði fyrir utan Snæfellsnes <i>Inshore areas except Snæfellsnes area</i>		Snæfellsnes <i>Snæfellsnes area</i>		Öll grunnslóð <i>All inshore areas</i>
	Tillaga <i>Rec. TAC</i>	Aflamark <i>TAC</i>	Tillaga <i>Rec. TAC</i>	Aflamark <i>TAC</i>	Afli <i>Landings</i>
1990/91	6 880	6 880	-	-	8 400
1991/92	7 200	7 200	-	-	9 200
1992/93	7 100	7 100	-	-	12 400
1993/94	8 050	8 050	-	-	13 000
1994/95	9 500	9 500	-	-	15 850
1995/96	11 370	11 370	-	-	14 300
1996/97	9 900	9 900	-	-	10 350
1997/98	6 870	6 870	-	-	6 950
1998/99	4 930	4 930	-	-	4 950
1999/00	3 310	3 310	-	-	3 300
2000/01	2 130	2 130	-	-	4 400
2001/02	2 450	2 450	-	-	2 900
2002/03	1 650	1 650	300	-	1 700
2003/04	750	750	200	-	950
2004/05	450	450	200	-	700
2005/06	0	0	200	-	250
2006/07	0	0	200	-	300
2007/08	150	150	400	-	700
2008/09	500	500	400	-	1 300
2009/10	300	300	900	-	1 150
2010/11	400	400	450	-	750
2011/12	1 200	1 200	850	-	2 900
2012/13	1 350	1 350	1 000	-	3 000
2013/14	1 550	1 550	950	-	3 000
2014/15	1 300	1 500	600	600	
2015/16	200 ¹⁾		700		

¹⁾ Aðeins Eldeyarsvæði, ráðgjöf fyrir önnur svæði gefin haustið 2015. *Eldey area only, TAC advice for other areas given in autumn 2015.*

Mat á ástandi rækjustofna á grunnslóð byggist á stofnmælingu í apríl (við Snæfellsnes), í maí (við Eldey) og september/október (norðan- og norðvestanlands). Hafrannsóknastofnun leggur nú einungis fram tillögur um aflamark fyrir svæðið við Snæfellsnes og Eldey en ráðgjöf um aflamark annarra svæða verður gefin að loknum könnunum haustið 2015.

Á miðunum við **Snæfellsnes** hefur afli aukist jafnt og þétt undanfarin ár (tafla 3.30.2 og mynd 2.30.2). Árið 2013 veiddust 174 tonn í Breiðafirði og 238 tonn árið 2014. Í Kolluál veiddust 1 369 tonn árið 2013 en 1 319 tonn árið 2014. Í Jökuldjúpi hefur rækjuafli verið óverulegur undanfarin ár nema árið 2000 er hann var rúm 1 100 tonn. Árið 2014 var aflinn í Jökuldjúpi 141 tonn. Nýverið lagði Hafrannsóknastofnun til breytingar á fyrirkomulagi rækjuveiða á svæðinu við Snæfellsnes þannig að fiskveiðiár hefjist 1. maí ár hvert og standi til 15. mars. Lagt er til að afli á miðunum við Snæfellsnes verði að hámarki 700 tonn á tímabilinu frá 1. maí 2015 til 15. mars 2016.

Engar veiðar voru leyfðar við **Eldey** frá því að rækjustofninn á svæðinu hrundi árið 1997 og til ársins 2013 (mynd 2.30.2). Samkvæmt könnun vorið 2013 hafði stofninn stækkað verulega frá árinu 2010 og var vísitalan nálægt langtímameðaltali. Í kjölfarið hófust veiðar aftur á svæðinu og veiddust 179 tonn þar árið 2013. Rækjustofninn mældist undir meðallagi vorið 2015 og leggur Hafrannsóknastofnun til að heimilaðar verði veiðar á allt að 200 tonnum almanaksárið 2015.

Samkvæmt stofnmælingu veturinn 2014/2015 er stærð rækjustofnsins í **Arnarfirði** undir meðallagi (mynd 2.30.2). Rækjan mældist einkum í Borgarfirði og er útbreiðslan að hausti því svipuð og hún hefur verið frá árinu 2004. Magn þorsks var meira en haustið 2013 en magn ýsu svipað. Lagðar voru til veiðar á 250 tonnum af rækju í Arnarfirði fiskveiðiárið 2014/2015. Eftir könnun í febrúar 2015 var lagt til að aflamarkið yrði hækkað í 350 tonn.

Tafla 2.30.1. **Rækja á grunnslóð.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Table 2.30.1. Northern shrimp, inshore. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

Samkvæmt stofnmælingu í september 2014 mældist rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi í meðallagi. Eins og á flestum grunnslóðasvæðum var þorskgengd mjög mikil árin 2003–2005. Mikil fiskgengd er talin hafa valdið mestu um minnkunina frá árinu 2004. Haustið 2014 mældist mikið af þorski og ýsu á svæðinu en þó fer magn þeirra minnkandi. Í október 2014 voru lagðar til veiðar á 750 tonnum af rækju í Ísafjarðardjúpi fiskveiðiárið 2014/2015.

Í **Skjálfanda** var stofnvísitala rækju mjög lág í haustmælingu 2014, en haustið 2011 hafði stofnvísitalan hækkað töluvert frá fyrri árum. Engar rækjuveiðar voru stundaðar í Skjálfanda fiskveiðiárin 1998/1999–2011/2012. Lagðar voru til veiðar á 400 tonnum af rækju í Skjálfanda á fiskveiðiárinu 2012/2013 en einungis veiddust 85 tonn. Magn þorsks og ýsu hefur farið minnkandi á síðustu árum. Ekki var lagt til að leyfðar yrðu rækjuveiðar fiskveiðiárið 2014/2015.

Í stofnmælingu í september 2014 mældust litlar breytingar frá fyrri árum á stærð rækjustofna í **Húnaflóa**, **Öxarfirði** og **Skagafirði** (mynd 2.30.2). Rækjustofnar á þessum þremur svæðum hafa verið í lögð og veiðar ekki stundaðar síðan um aldamótin. Hrun stofnanna var rakið til aukinnar fiskgengdar á svæðunum. Minna var af ýsu á þessum þremur svæðum haustið 2014. Magn þorsks var meira í Húnaflóa en í fyrri, en minna var af þorski í Skagafirði og Öxarfirði.


Meðalstærð rækju (fjöldi/kg) eftir svæðum er sýnd í töflu 3.30.4. Smæst var rækjan árið 2013 í Skagafirði (449 stk/kg) og í Skjálfanda (442 stk/kg) en stærst var rækjan í Breiðafirði (184 stk/kg).

2.30.3 Úthafs-rækja

2.30.3.1 Þróun veiða og aflabrögð

Úthafs-rækjuveiðar fyrir Norðurlandi hófust á áttunda áratugnum og voru fremur litlar til ársins 1984, en jukust þá verulega og náðu hámarki árið 1997 er rúmum 65 þús. tonnum var landað. Frá 1998–1999 minnkaði afl úr 49 þús. tonnum í 27 þús. tonn og hélst á bilinu 20–27 þús. tonn til ársins 2003. Árin 2004–2005 minnkaði aflinn enn frekar og var aðeins um 600 tonn árið 2006 (tafla 3.30.5). Frá 2006 hefur aflinn aukist og var rúm 7000 tonn árin 2012 og 2013. Aflinn minnkaði aftur og var 4000 tonn árið 2014. Úthafs-rækjuaflí einstakra undirsvæða er sýndur í töflu 3.30.5.

Aflí á togtíma (staðlaður við 1600 möskva vörpu) hefur verið nokkuð breytilegur frá því að veiðar hófust, náði hámarki árið 1996 í 200 kg/klst en féll hratt eftir það í 83 kg/klst árið 1999. Á árunum 2001–2003 jókst aflí á togtíma aftur en minnkaði árin 2004–2005 í um 100 kg/klst (mynd 2.30.3). Frá 2006–2013 var hann á bilinu 119–131 en lækkaði í 85 kg/klst árið 2014, sem er með lágstu gildum frá upphafi.



Mynd 2.30.3. **Úthafs-rækja**. Heildarstofnvísitala og kvendýravísitala úr stofnmælingu, ásamt afla á sóknareiningu (kg/klst).

Figure 2.30.3. **Northern shrimp, off-shore**. Total biomass index and female index from survey and commercial CPUE.


Meðalstærð úthafsækju eftir svæðum er sýnd í töflu 3.30.6. Árið 2014 var rækjan smæst í Héraðsdjúpi (309 stk/kg) en stærst í Norðurkanti (171 stk/kg). Meðalstærð breytist aðallega eftir styrk árganga á hverju svæði.

Rauða torgið og **Hali** eru utan hefðbundins stofnmælingarsvæðis. Á Rauða torginu hefur rækjuafinn mest farið í 1 400 tonn og 2 000 tonn á Halanum. Nánast engin rækjuveiði hefur verið á Rauða torginu frá árinu 2005. Veiðar hafa verið að aukast á Halanum, en 455 tonn veiddust árið 2013 og 179 tonn árið 2014 (tafla 3.30.5).

Við veiðar á úthafsækju er skylt að nota seiðaskilju sem hefur haldið meðafla í lágmarki, en þó er heimilt að nota yfirpoka með stærri möskvum og landa þeim meðafla sem veiðist. Með þessu hefur náðst árangur í að gera úthafsækjuveiðarnar vistvænar.

2.30.3.2 Tengsl þorsks og rækju

Afrán þorsks er talið hafa veruleg áhrif á stofnstærð rækju, en til að geta metið afránið þarf að hafa mat á magni þorsks á útbreiðslusvæði rækjunnar. Mynd 2.30.4 sýnir mismunandi vísitölur um magn þorsks á Norðurmíðum; vísitölur þorsks í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB 1985–2014) og að hausti (SMH 1996–2014), auk vísitalna þorsks í stofnmælingu úthafsækju í júlí–ágúst (SMR 1987–2014). Vísitölur SMB og SMH gefa vísbendingar um magn þorsks fyrir öllu Norður- og Austurlandi (frá Norðurkanti að Berufirði) að vetri og hausti. SMR vísitölur sýna þorskmagn þar sem rækjan heldur sig í djúpunum fyrir norðan og austan að sumri.



Mynd 2.30.4. **Þorskur á úthafsækju-svæðum.** Þorskvísitölur á rækjusvæðum fyrir Norður- og Austurlandi.


Figure 2.30.4. **Cod on offshore grounds.** Cod indices in shrimp areas north and east of Iceland.

Vísitölur úr SMR og SMB gefa mjög ólíka mynd af þorskmagni á útbreiðslusvæði rækju. Samkvæmt SMR var mun meira af þorski á árunum 1996–2014 en árin 1987–1995. Á árunum 1989–1995 fékkst nánast enginn þorskur en á þeim tíma náði úthafsækjuafinn hámarki. Vísitölur þorsks úr öllum mælingum hafa hækkað á undanförunum árum.

2.30.3.3 Ástand stofnsins

Heildarstofnvísitala úthafsækju árið 2014 mældist 23,8 sem er svipað og árin 2011–2013 og nálægt lægsta gildi sem var árið 2004 (mynd 2.30.3). Vísitala kvendýra mældist 13,4 og endurspeglar stærð hrygningarstofnsins, sem er undir meðaltali 1998–2013 og árunna þar á undan. Varúðarmörk (U_{lim}) fyrir vísitölu hrygningarstofns úthafsækju hafa ekki verið ákvörðuð, en Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðiráðið (NAFO) hefur miðað við að varúðarmörk í rækjustofnum séu sett við 15% af hæsta mæligildi. Sú nálgun myndi leiða til að varúðarmörk yrðu 4,6 og liggur kvendýravísitalan 2014 vel fyrir ofan þau mörk.

Nýliðunarvísitala úthafsækju hefur verið lág undanfarin ár og árgangar 2002–2012 allir mælst undir meðallagi (mynd 2.30.5). Nýliðun var þó meiri 2012 og 2013 en árin á undan og eftir.



Mynd 2.30.5. **Úthafs-rækja.** Nýliðunarástafa tveggja ára rækju (í fjölda) úr stofnmælingu.

Figure 2.30.5. **Northern shrimp, off-shore.** Recruitment indices of 2 year old shrimp in from survey.

2.30.3.4 Ráðgjöf

Tafla 2.30.2 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda um aflamark úthafs-rækju og rækjuaflla síðan 1987. Sókn í stofninn hefur farið vaxandi undanfarin ár, en þrátt fyrir að úthafs-rækjuveiðar hafi verið gefnar frjálssar árið 2010 náðist ráðlagður hámarksafli ekki fyrr en fiskveiðiárið 2011/2012. Lítið hefur veiðst af rækju í Norðurkanti síðustu ár, en þar fæst að jafnaði stærsta rækjan og var á árum áður eitt helsta rækjuveiðisvæðið. Árin 2011–2013 var mest veitt af rækju á svæðunum við Grímsey en þar er rækjan mun smærri. Afinn á svæðinu við Grímsey minnkaði mikið árið 2014.

Ár Year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Landings
1987	30 000	30 000	33 400
1988	30 000	30 000	24 500
1989	20 000	20 900	20 900
1990	22 000	24 600	24 400
1991	28 000	-	30 700
1991/92	35 000	40 000	34 200
1992/93	35 000	40 000	41 800
1993/94	40 000	52 000	53 200
1994/95	60 000	62 000	61 200
1995/96	40 000	63 000	65 000
1996/97	55 000	60 000	57 300
1997/98	70 000	75 000	60 900
1998/99	40 000	40 000	30 700
1999/00	20 000	20 000	20 700
2000/01	25 000	25 000	22 100
2001/02	35 000	35 000	27 400
2002/03	30 000	30 000	24 300
2003/04	20 000	20 000	18 000
2004/05	15 000 ¹⁾	10 000	5 100
2005/06	10 000	10 000	800
2006/07	7 000	7 000	1 600
2007/08	7 000	7 000	1 300
2008/09	7 000	7 000	3 200
2009/10	7 000	7 000	6 300
2010/11	7 000	-	6 300
2011/12	7 000	-	7 300
2012/13	5 000	-	7 400
2013/14	5 000	-	5 100
2014/15	5 000	5 000	
2015/16	4 000		

¹⁾ Engin tillaga um hámarksaflla en áætlað að óbreytt sókn leiði af sér 15 þús. tonna aflla. No recommended TAC but unchanged effort estimated to yield 15 thous. tonnes.

Tafla 2.30.2. **Úthafs-rækja.** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og affli (tonn).

Table 2.30.2. **Northern shrimp, off-shore.** TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC, and landings (tonnes).

Niðurstöður SMR árið 2014 benda til að stofninn sé enn í lægð, afrán þorsks frekar mikið og nýliðun undir langtímameðaltali líkt og verið hefur undanfarin ár. Að auki minnkaði affli á sóknareiningu töluvert árið 2014 og var með lægstu gildum frá upphafi.

Í ljósi ofangreindra upplýsinga leggur Hafrannsóknastofnun til að hámarksaflli úthafs-rækju fiskveiðiárið 2015/2016 verði 4 000 tonn.

2.30.3.5 Rækjuveiðar á öðrum hafsvæðum


Talið er að meirihluti rækjustofnsins á **Dohrnbanka** og við Austur-Grænland haldi sig vestan miðlínu milli Íslands og Grænlands, en sú lína liggur yfir nyrstu rækjumiðin á Dohrnbanka. Aflí allra þjóða við Austur-Grænland var rúm 12 þús. tonn að meðaltali árin 1994–2003, en hefur farið minnkandi frá þeim tíma og var 600 tonn árið 2014. Aflí Íslendinga á Dohrnbanka hefur lengst af verið mjög breytilegur (tafla 3.30.1) enda liggur oft ís yfir miðunum. Aflinn fór mest í 2 900 tonn árið 1997. Á árunum 2006–2012 veiddu Íslendingar nánast ekkert á Dohrnbanka og árið 2014 var aflinn 29 tonn. Stofnvisitala rækju á svæðinu hefur lækkað mikið frá árinu 2009. Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðiráðið (NAFO) leggur til að aflí fyrir allt svæðið við Austur-Grænland verði ekki meiri en 2 000 tonn á árinu 2014.

Árið 1993 hófust veiðar á **Flæmingjagrunni**, alþjóðlegu hafsvæði austan Kanada. Eftir 2006 hafa íslensk skip ekki stundað veiðar á Flæmingjagrunni. Engar rækjuveiðar eru heimilaðar á svæðinu vegna bágs ástands stofnsins.

Rækjuveiðar hófust á **Miklabanka** árið 1993. Íslensk skip hófu veiðar þar árið 2000 og varð aflinn mestur 226 tonn árið 2006 (tafla 3.30.1). Árin 2012 og 2014 var enginn skráður aflí en 92 tonn árið 2013. Stofninn hefur minnkað stöðugt frá árinu 2007, og vegna lélegrar nýliðunar og aukins fiskveiðidaða er gert ráð fyrir að hann muni minnka enn frekar.

Rækjuveiðar hófust í **Barentshafi** árið 1970. Hluti svæðisins er alþjóðlegt hafsvæði og hófu íslensk skip veiðar þar árið 1997. Mestur aflí íslenskra skipa var rúm 2 000 tonn árið 1998 (tafla 3.30.1). Árin 2001–2010 var aflí íslenskra skipa nánast enginn en frá 2011 hefur aflinn verið 22–730 tonn. Á síðastliðnum 10 árum hefur heildar aflí allra þjóða verið 18–43 þús. tonn sem er undir ráðlögðum 60 þús. tonna hámarksafli.

2.31 Hörpudiskur *Chlamys islandica*




Hörpudiskur. Veidisvæði við Ísland árin 1995–2003. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).

Iceland scallop. Fishing grounds in 1995–2003. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.31.1 Afli og sókn

Hörpudisksveiðar í atvinnuskyni voru ekki heimilaðar fiskveiðiárið 2014/2015. Tilraunaveiðar fóru fram haustið 2014 í Breiðasundi í suðurhluta Breiðafjarðar og var aflinn 280 tonn. Heildaraflinn var að jafnaði 9 500 tonn á árunum 1996–2000, þar af 8 500 tonn í Breiðafirði (mynd 2.31.1 og tafla 3.31.1). Á árunum 1996–1999 var meðalafli á sóknar-einingu (á togtíma miðað við einn plóg) í Breiðafirði um 1 600 kg en minnkaði í 709 kg árið 2003 þegar almennar veiðar voru síðast stundaðar (mynd 2.31.2).




Mynd 2.31.1. **Hörpudiskur.** Landaður afli.

Figure 2.31.1. **Iceland scallop.** Landings.

2.31.2 Ástand stofnsins

Vísitala veiðistofn hörpudisks á hefðbundunum svæðum í Breiðafirði hefur mælst í lágmarki í undanförunum stofnmælingum. Í könnun árið 2014 voru auk hefðbundinnar veiðislóðar könnuð svæði í Hvammsfirði og suður af Skálmarnesi allt að Flateyjarsundi. Nokkuð fannst af skel í veiðanlegu magni á þessum svæðum. Stefnit er að tilraunaveiðum á þessum svæðum næstu haust þar sem metin verða langtímaáhrif mismunandi veiðiálags.

Greinileg lækking vísitölu sást fyrst í stofnmælingu í Breiðafirði í apríl 2001 þegar vísitala veiðistofnsins mældist um 27% lægri en hún var að jafnaði árin 1993–2000 (mynd 2.31.2). Sú þróun hélt áfram til ársins 2006 en vísitalan hefur farið hægt lækkandi síðan þá (vísitalan 2013 byggir á leiðöngrum 2012 og 2013). Helsta breyting undanfarinna ára er sú að hlutdeild 65 mm skelja og stærri hefur aukist og er nú töluvert um 80 mm og stærri skel. Yngri skeljum fer aftur á móti áfram fækkandi í stofninum og árgangar 2004–2009 mælast allir við sögulegt lágmark. Samkvæmt niðurstöðum úr lirlfusöfnurum frá suðurhluta Breiðafjarðar haustið 2010 var búist við merkjanlegri aukningu á tveggja ára skel og varð



Mynd 2.31.2. **Hörpudiskur.** Stofnvísitala í Breiðafirði og afli á sóknareiningu hjá skelbátum á sama svæði.

Figure 2.31.2. **Iceland scallop.** Survey biomass index in Breiðafjörður and CPUE from scallop boats in the same area.


hennar vart á nokkrum stöðvum í leiðangri haustið 2012. Smáskel sást víða haustið 2013 í norðurhluta Breiðafjarðar. Mest af þeirri skel var metið vera eins árs og gæti þessi árgangur komið í veiðistofninn á árunum 2018–2019.

Samfara hnignun stofnsins fór útbreiðslusvæði hörpudisks minnkandi og náttúruleg dauðsföll mældust há. Rannsóknir sýndu að samband var á milli minnkunar stofnsins og dauðsfalla óháð veiðum. Líkleg orsök affallanna var umtalsverð frumkýrasýking samfara vefjabreytingum í samdráttarvöðva hörpudisksins. Sýkingin kom einnig fram í skertri þroskun kynkirtla sem að líkindum, ásamt litlum hrygningarstofni, hafði neikvæð áhrif á nýliðun. Tíðni dauðsfalla fór vaxandi með stærð/aldri og þeirra gætti mest í veiðistofninum (>60 mm). Sú aukning sem mælst hefur á hlutfalli stærri skelja á árunum 2007–2014 virðist vera afleiðing minni sýkingar og affalla í stofninum. Vöðvafylling skeljanna hefur einnig verið meiri undanfarin ár.

2.31.3 Ráðgjöf

Stofn hörpudisks minnkaði ört eftir árið 2000 og mælist hann enn í sögulegu lágmarki. Árgangar frá 2004–2009 mælast mjög litlir og eru því ekki horfur á að ástand veiðistofnsins batni verulega á allra næstu árum. Hafrannsóknastofnun leggur því til að veiðar á hörpudiski verði ekki heimilaðar á hefðbundnum veiðisvæðum fiskveiðiárið 2015/2016.

2.32 Kúfskel *Arctica islandica*




Kúfskel. veiðisvæði við Ísland árin 1998–2014. Dekkstu svæðin sýna mesta veiði (tonn/sjm²).

Ocean quahog. Fishing grounds in 1998–2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.32.1 Affi og sókn

Veiðar á kúfskel til manneldis voru stundaðar með hléum frá 1988 til 1999 og var veiðisvæðið frá Breiðafirði að Skagatá. Landaður affi var á bilinu 1 100 til 7 700 tonn (tafla 3.32.1). Veiðar á svæðinu frá Skagatá austur um að Ingólfshöfða hófust 1996 og var aflinn til ársins 2005 á bilinu 700 til 14 400 tonn (mynd 2.32.1 og tafla 3.32.1). Veiðar hafa verið óverulegar frá 2005 vegna slæmra markaðsaðstæðna og var landaður affi 2014 aðeins 18 tonn (tafla 3.32.1). Affi á sóknareiningu samkvæmt afladagbókum var svipaður árin 2001–2008, á bilinu 7–10 tonn/klst en sóknin var mismikil. Árið 2009 lögðust allar hefðbundnar veiðar með vatnsþrýstiplógi af, en í staðinn hefur verið notaður lítill tannplógur.



Mynd 2.32.1. **Kúfskel.** Landaður affi eftir svæðum.


Figure 2.32.1. **Ocean quahog.** Landings from Icelandic fishing grounds.

2.32.2 Ástand stofnsins og ráðgjöf

Rannsóknir sýna að kúfskel er langlíf og hægvaxta, og stórar og gamlar skeljar eru uppistaða veiðistofns. Þéttleiki kúfskeljar á 5–50 m dýpi hefur verið kannaður frá Garðskaga réttisælis að Ingólfshöfða og stofninn á svæðinu áætlaður um 1,3 milljónir tonna.

Pegar veiðar fóru fram á kúfskel var aflamark ekki svæðisbundið. Hafrannsóknastofnun leggur til að aflamark verði bundið við ákveðin veiðisvæði og að árlegur affi á tilteknu tímabili (4–7 ár) verði að jafnaði ekki meiri en 2,5% af áætlaðri stofnstærð eða samtals 32 500 tonn fiskveiðiárið 2015/2016 fyrir svæðið frá Garðskaga réttisælis að Ingólfshöfða.

2.33 Beitukóngur *Buccinum undatum*



Beitukóngur. Veiðisvæði við Ísland árin 2000–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Common whelk. Fishing grounds in 2000–2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.33.1 Affi og sókn

Tilraunaveiðar á beitukóngi hófust í Breiðafirði árið 1996 og var landað 500 tonnum það ár. Síðan hefur aflinn verið sveiflukenndur vegna markaðsaðstæðna, mest tæp 1 300 tonn árið 1997 en nánast enginn árin 1998 og 2002 (tafla 3.33.1). Veiðin árið 2014 var 93 tonn, svipuð og árið 2013.

Meðalaffi í hverja dregna gildru árið 2014 var 2,2 kg samanborið við 1,1 kg árið 2013. Þetta er undir meðaltali árána 1996–2005 sem var 3,6 kg í dregna gildru. Frá upphafi veiða hefur affi í gildru verið á bilinu 1,1–4,8 kg (tafla 3.33.1). Gögn sýna að affi á sóknareiningu er mjög breytilegur eftir árstíðum sem og veiðisvæðum og misjafnt frá ári til árs hvar og hvenær mesta sóknin á sér stað.


2.33.2 Ástand stofnsins

Samkvæmt stofnmælingu sem gerð var í Breiðafirði haustið 2012 var vísitala beitukóns heldur lægri en í sambærilegri rannsókn sem framkvæmd var á upphafsárum veiðanna (1997–1998), eða 23,7 samanborið við 26,9. Hins vegar lækkaði vísitalan mest á reitum suður af Brjánslæk þar sem litlar sem engar veiðar hafa verið stundaðar. Þegar borin eru saman veiðisvæði hefur stofnvísitalan lítið breyst en nokkuð há skekkjumörk eru á mælingunni. Veiðarnar í Breiðafirði síðastliðin 15 ár virðast því ekki hafa haft umtalsverð áhrif á stofnstærð.

2.33.3 Ráðgjöf

Hafrannsóknastofnun lagði til árið 2012 að hámarksaffi væri miðaður við meðalveiði undanfarns áratugar í suðurhluta Breiðafjarðar, þannig að affi á því svæði færi ekki yfir 450 tonn og heildaraffi í Breiðafirði ekki yfir 750 tonn. Suðursvæðið afmarkast af línu fyrir sunnan 65°15' N og vestan við 22°30' V. Í ljósi niðurstaðna úr stofnmælingu 2012 og líttillar sóknar í stofninn leggur Hafrannsóknastofnun til sama hámarksafli í Breiðafirði fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

2.34 Sæbjúga *Cucumaria frondosa*




Sæbjúga. Veðisvæði við Ísland árin 2008–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Sea cucumber. Fishing grounds in 2008–2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

2.34.1 Affi og sókn

Tilraunaveiðar á sæbjúga hófust í sunnanverðum Breiðafirði árið 2003 en litlu var landað til ársins 2008, þegar aflinn var um 1 000 tonn (mynd 2.34.1). Síðan þá hefur aflinn aukist, náði hámarki árið 2011 í 2 700 tonnum en var 847 tonn árið 2014. Aðalveiðislóðir árið 2014 voru í Faxaflóa (705 tonn) og við Austurland (142 tonn). Affi á sóknareiningu árið 2014 var að meðaltali um 790 kg/klst sem er svipað og árið á undan (tafla 3.34.1).



Mynd 2.34.1. **Sæbjúga.** Landaður affi eftir svæðum.

Figure 2.34.1. **Sea cucumber.** Landings by areas.

Skilgreind veiðisvæði sæbjúga við landið eru þrjú:

1. Vestursvæði: Reykjanesviti–Skagatá
2. Norðursvæði: Skagatá–Glettinganes
3. Suður- og austursvæði: Glettinganes–Reykjanesviti

Þrjár bátar hafa leyfi til veiða á hverju svæði. Engar veiðar eru leyfðar í maí–júní í Faxaflóa og í júní–júlí á öðrum veiðisvæðum vegna hrygningar.


2.34.2 Ástand stofnsins

Lítið er vitað um útbreiðslu og magn sæbjúga við Ísland en talið er að útbreiðslan sé mjög blettótt. Stofnmat hefur farið fram á þremur veiðislóðum innan tveggja skilgreindra veiðisvæða við landið, þ.e. í mynni Aðalvíkur (1 700 tonn), í Faxaflóa (10 300 tonn) og við Austurland (14 000 tonn). Veiðihæfni plógsins sem notaður er við veiðarnar er ekki þekkt, en við mat á stofnstærð er gert ráð fyrir 100% veiðihæfni.

2.34.3 Ráðgjöf

Hafrannsóknastofnun leggur til að afli fiskveiðiárið 2015/2016 fari ekki yfir 10% af áætlaðri stofnstærð hvernar veiðislóðar. Því leggur stofnunin til að hámarksafllinn í Faxaflóa verði 1 000 tonn, við Austurland 1 400 tonn og í Aðalvík 170 tonn. Veiðislóðum innan hvers veiðisvæðis fer fjölgandi og mun Hafrannsóknastofnun áfram vinna að því í samvinnu við útgerðir veiðiskipa að meta stofnstærð nýrra slóða.

2.35 Ígulker *Strongylocentrotus droebachiensis*



Ígulker. Veidisvæði við Ísland árin 1995–2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm²).

Sea urchin. Fishing grounds in 1995–2014. The dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi²).

Ígulkeraveiðar hófust hér við land árið 1993 og náðu veiðarnar hámarki 1994 þegar landað var um 1 500 tonnum. Ári síðar var aflinn tæp 1 000 tonn og um 500 tonn árið 1996. Langmest var veitt í Breiðafirði eða um 800 tonn árin 1994–1995 og tæp 350 tonn árið 1996. Á árunum 1997–2003 lögðust veiðarnar að mestu niður. Þótt samdráttur í afla skýrist að verulegu leyti af versnandi markaðsaðstæðum, létu mörg bestu veidisvæðin verulega á sjá við veiðarnar fyrstu árin.

Veiðar á ígulkerum hófust að nýju í Breiðafirði árið 2004 og nam veiðin 40 tonnum. Árið 2007 var landaður afli kominn í 134 tonn og hefur haldist svipaður síðan, þar til árið 2014 að hann fór upp í 231 tonn (tafla 3.35.1). Afli á togtíma í Breiðafirði var 447 kg árið 2014 en hafði sveiflast á bilinu 365–483 kg frá árinu 2006.

Við nýtingu þessa stofns skal hafa í huga að svæði með ígulkerum af viðunandi gæðum eru jafnan takmörkuð að stærð og því auðvelt að ofnýta þau. Mjög lítið er vitað um afrakstursgetu ígulkerana við Ísland og því ber að fara varlega í nýtingu þeirra.

2.36 Hvalir *Cetacea*



2.36.1 Hvalveiðar við Ísland

Veiðar á stórhvölum hafa verið stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland síðan árið 1883. Frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði en þar voru lengst af og mest fjögur skip að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní–september. Á árunum 1948–1985 voru að meðaltali veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar árlega og 82 búrhvalir árin 1948–1982 (alfriðaður í Norður-Atlantshafi frá árinu 1983).

Hrefnuveiðar voru stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta síðustu aldar. Veiðarnar voru lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Á árunum 1977–1985 ákvað Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) árlegan veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga (tafla 3.36.1).

Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun IWC um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var veiddur takmarkaður fjöldi langreyða og sandreyða í rannsóknaskyni árin 1986–1989. Auk þess voru veiddar samtals 200 hrefnur í rannsóknaskyni á árunum 2003–2007.

Árið 2006 hófu Íslendingar atvinnuveiðar að nýju með veiðum á hrefnu og langreyði. Í desember 2013 settu stjórnvöld reglugerð um að leyfilegur heildarafli á langreyði og hrefnu á árunum 2014–2018 skuli nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Árið 2014 veiddu Íslendingar 137 langreyðar og fóru veiðarnar að mestu fram suður af landinu, ólíkt því sem verið hefur undanfarin ár. Veiddar voru 24 hrefnur sem er minnsti fjöldi frá því hrefnuveiðar hófust aftur árið 2003 (tafla 3.36.1).

2.36.2 Hvalatalningar


Hafrannsóknastofnun hefur, í samstarfi við nágrannaþjóðir við Norður-Atlantshaf, staðið fyrir víðtækum hvalatalningum árin 1987, 1989, 1995, 2001 og 2007. Skipulagning talninganna og úrvinnsla niðurstaðna hefur farið fram innan vísindanefndar Norður-Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO), auk þess sem niðurstöður hafa verið kynntar innan vísindanefndar IWC. Þessar talningar hafa verið grundvöllur úttekta á ástandi stofna hrefnu og langreyðar við Ísland á vegum vísindanefnda NAMMCO og IWC. Langreyði hefur fjölgað talsvert frá árinu 1987, sérstaklega vestur af landinu. Niðurstöður talninganna sýna einnig marktæka aukningu á fjölda hnúfubaks. Hrefnu hefur hins vegar fækkað verulega á landgrunnssvæðinu á síðustu árum. Næstu talningar eru sumarið 2015.

2.36.3 Ástand stofna og veiðiráðgjöf

2.36.3.1 Hrefna (*Balaenoptera acutorostrata*)

Samkvæmt veiðistjórnunarkerfi IWC er gert ráð fyrir að í Norður-Atlantshafi séu þrjár hrefnustofnar með sumarútbreiðslu við Vestur-Grænland/Kanada, Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen (Miðnordur-Atlantshafsstofn) og Noreg (Norðaustur-Atlantshafsstofn). Samkvæmt úttektum vísindanefndar NAMMCO á ástandi Miðnordur-Atlantshafsstofns hrefnu er stofnstærðin nú nálægt því sem hún er talin hafa verið áður en veiðar hófust. Þær veiðar sem stundaðar voru á síðustu öld virðast því lítil áhrif hafa haft á stofnstærðina.

Frá því að reglulegar flugtalningar á íslenska landgrunnssvæðinu hófust árið 1987 hafa orðið talsverðar sveiflur í fjölda hrefna (mynd 2.36.1). Samkvæmt síðustu talningum árið




Hrefna. Veiðisvæði við Ísland 2006–2014 og skipting íslenska landgrunnnsins í þrjú undirsvæði.

Minke whale. Hunting grounds in 2006–2014, and division of the Icelandic continental shelf into three subareas.

2009 var fjöldinn á þessu svæði metinn 9 600 hrefnur (95% öryggismörk 5 300–14 400). Þetta er lægsta mat síðan talningar hófust árið 1987, en mikilvægt er þó að hafa í huga að flugtalningarnar ná einungis til lítils hluta stofnsvæðisins. Vísindanefnd NAMMCO fjallaði um ofangreindar niðurstöður á ársfundum sínum 2008–2010 og ályktaði að hér hefði að öllum líkindum verið um að ræða tímabundnar breytingar á útbreiðslu innan stofnsvæðisins vegna breytinga á fæðuframböði, fremur en stórkostleg afföll í stofninum. Þá taldi vísindanefndin ljóst að þær takmörkuðu hrefnuveiðar sem stundaðar hafa verið við Ísland frá árinu 2003 gætu ekki skýrt þessar breytingar.

Árin 2010–2011 gerði vísindanefnd NAMMCO úttekt á ástandi og veiðiþoli hrefnustofnsins við Ísland. Til grundvallar úttektunum, sem byggðust á RMP veiðistjórnunarkerfi sem þróað hefur verið af vísindanefnd IWC, lágu meðal annars niðurstöður talninga á landgrunnssvæðinu 1987, 2001, 2007 og 2009. Samkvæmt þessum úttektum eru árlegar veiðar á allt að 229 hrefnum sjálfbærar og í samræmi við sjónarmið um varúðarnálgun. Á sama hátt teljast árlegar veiðar á allt að 121 hrefnu sjálfbærar á undirsvæði Jan Mayen (CM), en það er að hluta til innan íslenskrar lögsögu. Ef veiðar verða stundaðar á því svæði þarf að taka tillit til hugsanlegra veiða annarra þjóða. Þessi ráðgjöf er í samræmi við ráðgjöf vísindanefndar NAMMCO.




Mynd 2.36.1. **Hrefna.** Hrefnuveiðar og fjöldi hrefna á landgrunnssvæði Íslands, ásamt 95% öryggismörkum.

Figure 2.36.1. **Minke whale.** Whaling and abundance of minke whales in the Icelandic continental shelf area, with 95% confidence intervals.

Hrefnuveiðar hafa undanfarin ár verið innan við þriðjungur af ráðlögðum hámarksfjölda. Á grundvelli ofangreindra úttekta lagði Hafrannsóknastofnun til að árlegar veiðar árin 2014 og 2015 yrðu að hámarki 229 hrefnur á íslenska landgrunnssvæðinu og 121 hrefna á CM svæði. Stefnt er að því að formlegum úttektum vísindanefndar IWC og NAMMCO á ástandi hrefnustofna Norður-Atlantshafs ljúki haustið 2015. Hafrannsóknastofnun telur rétt að byggja veiðiráðgjöf fyrir árið 2016 á niðurstöðum þessara úttekta.

2.36.3.2 Langreyður (*Balaenoptera physalus*)




Langreyður. Veidisvæði við Ísland 2006–2014.

Fin whale. Hunting grounds in 2006–2014.

Veidistjórnun langreyðar í Norður-Atlantshafi hefur jafnan byggt á skiptingu í sjö stjórnunareiningar, þ.e. á svæðunum við: 1) Nova Scotia, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland/Ísland (EGI), 5) Norður-Noreg, 6) Vestur-Noreg/Færeyjar og 7) Bretlandseyjar/Spán/Portúgal.

Frá því að reglulegar hvalatalningar hófust hér við land árið 1987 hefur langreyði fjölgað nokkuð, sérstaklega vestur af landinu (mynd 2.36.2). Á tímabilinu 1987–2001 nam árleg fjölgun 4% á EGI svæðinu í heild, en 10% á svæðinu milli Íslands og Grænlands.



Mynd 2.36.2. **Langreyður.** Langreyðaveiðar og stofnstærð (Austur-Grænlands-Íslands stofn) langreyðar, ásamt 95% öryggismörkum.

Figure 2.36.2. Fin whale. Whaling and stock size (East Greenland-Iceland stock) of fin whales, with 95% confidence intervals.

Niðurstöður talninga 2007 benda til að 20 600 langreyðar (95% öryggismörk 15 100–26 500) hafi verið á EGI stofnsvæðinu. Þetta mat er ekki marktækt frábrugðið matinu frá 2001. Á tímabilinu 2007–2009 vann vísindanefnd IWC formlega úttekt á langreyðarstofnum í Norður-Atlantshafi samkvæmt veidistjórnunarkerfi ráðsins (RMP). Vegna óvissu í stofngerð ákvað nefndin í varúðarskygni að byggja ráðgjöf sína á þeim grunni að á hefðbundnum hvalamiðum vestur og suður af landinu sé aðskilinn deilistofn. Niðurstöður úttektarinnar eru í góðu samræmi við eldri úttektir sem benda til að EGI-stofn langreyðar sé nálægt þeirri stærð sem talið er að hafi verið áður en atvinnuveiðar úr stofninum hófust seint á 19. öld.

Sérstök vinnunefnd vísindamanna innan IWC fjallaði um ástand og veiðipól langreyðarstofnsins við Ísland árið 2010 og vísindanefnd NAMMCO gerði úttekt á stofninum í apríl 2010. Matið á veiðipóli grundvallaðist m.a. á talningum 1987, 1989, 1995, 2001 og 2007. Samkvæmt úttektinni eru árlegar veiðar á allt að 154 langreyðum á hefðbundnum hvalveiðimiðum vestur af landinu sjálfbærar og í samræmi við sjónarmið um varúðarnálgun.

Vísindanefndir NAMMCO og IWC stefna að því að ljúka úttekt á ástandi langreyðar í Norður Atlantshafi síðar á þessu ári og mun Hafrannsóknastofnun veita veiðiráðgjöf fyrir árið 2016 í framhaldi af því.

2.36.3.3 Sandreyður (*Balaenoptera borealis*)

Samkvæmt talningum árið 1995 voru um 9 200 sandreyðar á talningasvæðinu í Norður-Atlantshafi, þar af um 8 800 á íslenska svæðinu. Vegna suðlægrar útbreiðslu tegundarinnar er talið að talningarnar 1989 hafi náð til stærri hluta stofnsins, en þá var áætlað að um 10 500 sandreyðar væru vestan og suðvestan Íslands.

Áratugum saman fram til ársins 1988 voru veiðar á sandreyði úr Miðnorður-Atlantshafsstofninum aðeins stundaðar frá Íslandi. Líklegt er að stofninn hafi þolað þessar veiðar, enda námu þær aðeins um 0,6% af áætlaðri stofnstærð. Veiðipól stofnsins hefur þó ekki enn verið metið né aflareglur þróaðar, sem beita mætti við úthlutun aflamarks. Slík úttekt er þó á dagskrá vísindanefndar IWC.

2.37 Selir *Phocidae*



2.37.1 Selveiðar

Tvær tegundir sela eru staðbundnar við strendur Íslands, landselur og útselur. Auk þeirra koma nokkrar tegundir farsela frá norðlægari slóðum reglulega inn á íslensk hafsvæði.

Umhverfis landið eru stundaðar selveiðar, auk þess sem nokkur fjöldi sela veiðist árlega í fiskinet (tafla 3.37.1). Á síðustu öld voru hefðbundnar selveiðar hér við land aðallega á kópum vegna skinna, en eldri selir og flökkuselir voru einnig nýttir. Nokkuð dró úr selveiði í lok 8. áratugar síðustu aldar í kjölfar hruns á erlendum selskinnamörkuðum. Með tilkomu Hringormanefndar árið 1982, sem hóf að greiða þóknun fyrir veidda seli, jókst veiðin á ný og jafnframt jókst hlutfall eldri sela í veiðinni. Í byrjun var greitt fyrir alla veidda seli en frá árinu 1990 eingöngu fyrir útseli. Veiðar á eldri landsel drógust saman í kjölfarið.

Frá árinu 1986 dró jafnt og þétt úr selveiði og á árunum 2002–2012 var skráður affi (þ.m.t. meðaffi fiskibáta) undir 1 000 dýrum. Skráning selveiða er þó ófullkomin, enda ekki lögbundin. Vitað er um veiðar á sel vegna laxveiðihagsmuna en umfang þeirra veiða er óþekkt.

Í selveiðigögnum fyrri ára var ekki gerður greinarmunur á veiðum og meðafla. Gögn um selveiðar hafa aðallega náð til afla sem hefur verið seldur eða greitt fyrir sérstaklega. Upplýsingar um veiðar til eigin nytja hafa því lítt verið skráðar.

Öll sjávarspendýr sem veiðast við fiskveiðar ber að skrá í afladagbækur. Frá árinu 2002 hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna skráninguna fyrir áhöfnum netabáta en árlega hafa 2–7% þeirra tilkynnt veiðar á sel. Árið 2014 var á Hafrannsóknastofnun unnið mat á umfangi meðafla sjávarspendýra og fugla, en samkvæmt því veiddust 705 landselir og 140 útselir árið 2013. Þar sem dregið hefur mjög úr netaveiðum undanfarna áratugi má gera ráð fyrir að meðaffi hafi áður verið talsvert meiri.


Selarannsóknir á Íslandi, þar með talin gagnaöflun um selveiðar, eru á ábyrgð Selaseturs Íslands á Hvammstanga en Hafrannsóknastofnun er formlegur ráðgjafaraðili stjórnvalda. Þetta fyrirkomulag hefur gert Hafrannsóknastofnun erfitt fyrir að rækja ráðgjafarhlutverk sitt. Gögn um selveiðar síðustu ára eru ekki talin áreiðanleg og mjög mikilvægt er að bæta skráningu allra selveiða (beinna og óbeinna) til að betur sé hægt að leggja mat á veiðidánartölu, ástand og þróun stofnanna. Fyrsta skrefið í þá átt gæti verið að lögbinda skráningu allra selveiða.

2.37.2 Ástand og veiðiþol selastofna við Ísland

2.37.2.1 Landselur (*Phoca vitulina*)

Síðasta heildartalning á landsel fór fram árið 2011, með endurbættri aðferð sem fól í sér að flogið var yfir stærstu látrin þrisvar og minni látur tvisvar. Þessi aðferðarfræði er talin gefa nákvæmari mynd af fjölda landsela en eldri aðferð þar sem flogið var einu sinni. Stofninn árið 2011 var metinn 11 þús. dýr (95% öryggismörk 8–15 þús.) eða óbreyttur frá því sem var sumrin 2003 og 2006 (mynd 2.37.1). Stofninn var metinn um 34 þús. dýr í talningum 1980 og minnkaði árlega að meðaltali um 4% fram til ársins 2003. Mest varð fækkun landsela þó á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar þegar stofninn minnkaði um 10 þús. dýr.

Á tíunda áratuginum dró úr fækkuninni samfara því að verulega dró úr veiðum. Afföll vegna óbeinna veiða (netadaudi) eru enn umtalsverð þótt umfang þeirra hafi líklega minnkað undanfarna áratugi. Árið 2014 fór fram talning á helstu landselslátrunum, en ekki hafði fengist fjárveiting fyrir heildartalningu. Niðurstöður talninganna sýna verulega fækkun eða



Mynd 2.37.1. **Landselur.** Skráð veiði og áætluð stofnstærð.

Figure 2.37.1. **Harbour seal.** Reported catch and estimated stock size.


allt að 30%. Þar sem afföll vegna óbeinna veiða er talin hafa minnkað undanfarin ár og dregið hefur úr hefðbundinni nýtingu selabænda á stofninum, er nærtækustu skýringuna á fækkun landsels að finna í óskráðum veiðum eða óhagstæðum breytingum á umhverfisþáttum.

Árið 2010 voru skilgreind stjórnunarmarkmið landsel við Ísland. Samkvæmt þeim skal stefnt að því að halda stofni landsels nálægt þeirri stærð sem hann var árið 2006, en þá var hann metinn um 12 þús. dýr. Minnki stofninn verulega skal gripið til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Ekki kemur fram í yfirlýsingu stjórnvalda skilgreining á „verulegri fækkun“. Sé t.d. gert ráð fyrir að fjórðungs fækkun sé veruleg, eru 15% líkur á að stofninn hafi verið undir þeim mörkum í síðustu heildartalningu. Hlutatalningin árið 2014 bendir til að þessar líkur hafi aukist síðan.

Ákveðið hefur verið að telja landseli sumarið 2015. Mikilvægt er að fylgjast náið með stofni íslenska landselsins, með reglulegum talningum en ekki er síður mikilvægt að bæta skráningu beinna og óbeinna veiða. Hafrannsóknastofnun hefur ekki næg gögn til að meta hvort ástand stofnsins sé í samræmi við stjórnunarmarkmið stjórnvalda frá 2010.

2.37.2.2 Útselur (*Halichoerus grypus*)

Útselskópar voru taldir haustið 2012 og fjöldinn metinn sem 990 (95% öryggismörk 900–1 070), sem gefur stofnstærðarmatið 4 200 (95% öryggismörk 3 400–5 000). Í talningu sem framkvæmd var árin 2008 og 2009 var mat á fjölda útselskópa 1 540 (95% öryggismörk 1 480–1 580) og mat á stofnstærð var 6 100 (95% öryggismörk 4 600–7 600). Stofninn hefur því minnkað verulega frá því 2008/2009 og mikið frá árinu 1990 þegar matið var um 12 þús. dýr (mynd 2.37.2).



Mynd 2.37.2. **Útselur.** Skráð veiði og áætluð stofnstærð.

Figure 2.37.2. **Grey seal.** Reported catch and estimated stock size.

Aðferðin við talningar var bætt árið 2005 með því að telja hvert látur oftast en einu sinni og tengja niðurstöðurnar við þroskastig kópanna. Þessa breytingu á aðferðum þarf að hafa í huga við túlkun niðurstaðna. Þó er ljóst að veiðar síðustu áratugi 20. aldar voru umfram

afrakstursgetu stofnsins, en þær hafa dregist verulega saman á síðustu árum (mynd 2.37.2). Stofnstærðin 2012 er sú lægsta síðan 2004 þótt breytingarnar frá aldamótum séu ekki tölfræðilega marktækar. Ekki er ljóst hvað veldur þessari fækkun, en hjáveiðar fiskiskipa gætu þar átt hlut að máli og því mikilvægt að bæta skráningu þeirra.

Árið 2005 settu stjórnvöld stjórnunarmarkmið fyrir útselinn við Ísland þar sem stefnt skal að því að halda stofninum nálægt þeirri stærð sem hann var árið 2004 eða 4 100 dýr. Minnki hann verulega skal gripið til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Stofninn er nú rétt ofan við þessi viðmiðunarmörk. Líkur á að stofninn hafi minnkað meira en 25% niður fyrir þessi mörk árið 2012 (þ.e. niður fyrir 3 075) eru metnar 0,1%.

Hafrannsóknastofnun ítrekar að mikilvægt er að fylgjast náið með útselsstofninum á næstu árum, með reglubundnum talningum og bættum skráningum selveiða. Að öðrum kosti getur stofnunin ekki metið hvort ástand stofnsins sé í samræmi við stjórnunarmarkmiðin frá 2005.

3 Tölur Tables

TAFLA 3.1.1

Porskur. Afli á Íslandsmiðum (í tonnum).
Cod. Landings from Icelandic waters (in tonnes).

Ár Year	Ísland Iceland	Aðrar þjóðir Other nations	Samtals Total	Ár Year	Ísland Iceland	Aðrar þjóðir Other nations	Samtals Total
1905	44 775	47 355	92 130	1960	295 668	169 355	465 023
1906	48 302	58 441	106 743	1961	233 874	141 042	374 916
1907	53 868	62 838	116 706	1962	221 820	165 056	386 876
1908	58 259	66 704	124 963	1963	232 839	177 211	410 050
1909	56 670	58 831	115 501	1964	273 584	160 021	433 605
1910	71 007	62 595	133 602	1965	233 483	160 153	393 636
1911	75 114	77 762	152 876	1966	223 974	132 781	356 755
1912	75 499	79 477	154 976	1967	193 449	151 573	345 022
1913	79 870	95 110	174 980	1968	227 594	153 476	381 070
1914	53 473	135 025	188 498	1969	281 680	124 731	406 411
1915	66 030	70 069	136 099	1970	302 875	167 882	470 757
1916	68 848	43 975	112 823	1971	250 324	202 728	453 052
1917	61 413	23 305	84 718	1972	225 354	173 174	398 528
1918	62 093	41 073	103 156	1973	238 898	144 548	383 446
1919	76 766	79 967	156 733	1974	238 066	136 704	374 770
1920	82 766	127 972	210 738	1975	264 975	106 016	370 991
1921	90 632	128 735	219 367	1976	280 831	67 018	347 849
1922	103 436	175 568	279 004	1977	329 676	10 374	340 050
1923	127 320	116 328	243 648	1978	319 648	10 742	330 390
1924	161 797	158 004	319 801	1979	360 080	7 984	368 064
1925	166 538	165 698	332 236	1980	428 344	6 000	434 344
1926	126 890	174 304	301 194	1981	460 579	8 080	468 659
1927	164 783	178 295	343 078	1982	382 297	6 090	388 387
1928	177 328	186 943	364 271	1983	293 890	6 166	300 056
1929	201 074	197 738	398 812	1984	281 481	2 341	283 822
1930	261 278	237 157	498 435	1985	322 810	2 457	325 267
1931	224 504	258 898	483 402	1986	365 852	2 781	368 633
1932	208 081	277 207	485 288	1987	389 808	2 445	392 257
1933	247 329	270 946	518 275	1988	375 741	2 335	378 076
1934	223 729	214 840	438 569	1989	353 630	2 324	355 954
1935	182 926	218 965	401 891	1990	333 348	2 042	335 390
1936	102 354	181 232	283 586	1991	306 689	1 871	308 560
1937	111 285	186 531	297 816	1992	266 662	1 105	267 767
1938	131 965	179 351	311 316	1993	251 170	809	251 979
1939	136 782	61 569	198 351	1994	177 919	890	178 809
1940	147 347	0	147 347	1995	168 685	739	169 424
1941	156 242	0	156 242	1996	181 052	606	181 658
1942	173 146	0	173 146	1997	202 745	408	203 153
1943	186 017	0	186 017	1998	241 545	1 087	242 632
1944	216 677	0	216 677	1999	258 658	1 394	260 052
1945	211 849	4 098	215 947	2000	234 362	1 325	235 687
1946	199 165	38 772	237 937	2001	234 085	1 289	235 374
1947	200 242	45 955	246 197	2002	207 466	1 311	208 777
1948	213 177	80 157	293 334	2003	200 443	7 108	207 551
1949	221 419	93 135	314 554	2004	220 057	7 532	227 589
1950	197 433	152 922	350 355	2005	207 972	5 612	213 584
1951	183 252	165 230	348 482	2006	193 413	2 863	196 276
1952	237 314	162 629	399 943	2007	166 912	3 710	170 622
1953	263 516	262 545	526 061	2008	143 785	2 794	146 579
1954	306 191	241 339	547 530	2009	181 309	1 112	182 421
1955	315 438	222 692	538 130	2010	167 632	1 521	169 153
1956	292 586	188 123	480 709	2011	169 638	2 062	171 700
1957	247 087	204 822	451 909	2012	193 846	1 980	195 826
1958	284 407	224 276	508 683	2013	221 569	1 705	223 274
1959	284 259	168 245	452 504	2014	219 682	1 661	221 343

TAFLA 3.1.2
Porskur. Skipting aflans í fjölda eftir aldri (í milljónum).
Cod. Catch in numbers at age (in millions).

Ár Year	Aldur Age											
	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
1955	4.790	25.164	46.566	28.287	10.541	5.224	2.467	25.182	2.101	1.202	1.668	0.665
1956	6.709	17.265	31.030	27.793	14.389	4.261	3.429	2.128	16.820	1.552	1.522	1.545
1957	13.240	21.278	17.515	24.569	17.634	12.296	3.568	2.169	1.171	6.822	0.512	1.089
1958	25.237	30.742	14.298	10.859	15.997	15.822	12.021	2.003	2.125	0.771	3.508	0.723
1959	18.394	37.650	23.901	7.682	5.883	8.791	13.003	7.683	0.914	0.990	0.218	1.287
1960	14.830	28.642	27.968	14.120	8.387	6.089	6.393	11.600	3.526	0.692	0.183	0.510
1961	16.507	21.808	19.488	15.034	7.900	6.925	3.969	3.211	6.756	1.202	0.089	0.425
1962	13.514	28.526	18.924	14.650	12.045	4.276	8.809	2.664	1.883	2.988	0.405	0.324
1963	18.507	28.466	19.664	11.314	15.682	7.704	2.724	6.508	1.657	1.030	1.372	0.246
1964	19.287	28.845	18.712	11.620	7.936	18.032	5.040	1.437	2.670	0.655	0.370	1.025
1965	21.658	29.586	24.783	11.706	9.334	6.394	11.122	1.477	0.823	0.489	0.118	0.489
1966	17.910	30.649	20.006	13.872	5.942	7.586	2.320	5.583	0.407	0.363	0.299	0.311
1967	25.945	27.941	24.322	11.320	8.751	2.595	5.490	1.392	1.998	0.109	0.030	0.106
1968	11.933	47.311	22.344	16.277	15.590	7.059	1.571	2.506	0.512	0.659	0.047	0.098
1969	11.149	23.925	45.445	17.397	12.559	14.811	1.590	0.475	0.340	0.064	0.024	0.021
1970	9.876	47.210	23.607	25.451	15.196	12.261	14.469	0.567	0.207	0.147	0.035	0.050
1971	13.060	35.856	45.577	21.135	17.340	10.924	6.001	4.210	0.237	0.069	0.038	0.020
1972	8.973	29.574	30.918	22.855	11.097	9.784	10.538	3.938	1.242	0.119	0.031	0.001
1973	36.538	25.542	27.391	17.045	12.721	3.685	4.718	5.809	1.134	0.282	0.007	0.001
1974	14.846	61.826	21.824	14.413	8.974	6.216	1.647	2.530	1.765	0.334	0.062	0.028
1975	29.301	29.489	44.138	12.088	9.628	3.691	2.051	0.752	0.891	0.416	0.060	0.046
1976	23.578	39.790	21.092	24.395	5.803	5.343	1.297	0.633	0.205	0.155	0.065	0.029
1977	2.614	42.659	32.465	12.162	13.017	2.809	1.773	0.421	0.086	0.024	0.006	0.002
1978	5.999	16.287	43.931	17.626	8.729	4.119	0.978	0.348	0.119	0.048	0.015	0.027
1979	7.186	28.427	13.772	34.443	14.130	4.426	1.432	0.350	0.168	0.043	0.024	0.004
1980	4.348	28.530	32.500	15.119	27.090	7.847	2.228	0.646	0.246	0.099	0.025	0.004
1981	2.118	13.297	39.195	23.247	12.710	26.455	4.804	1.677	0.582	0.228	0.053	0.068
1982	3.285	20.812	24.462	28.351	14.012	7.666	11.517	1.912	0.327	0.094	0.043	0.011
1983	3.554	10.910	24.305	18.944	17.382	8.381	2.054	2.733	0.514	0.215	0.064	0.037
1984	6.750	31.553	19.420	15.326	8.082	7.336	2.680	0.512	0.538	0.195	0.090	0.036
1985	6.457	24.552	35.392	18.267	8.711	4.201	2.264	1.063	0.217	0.233	0.102	0.038
1986	20.642	20.330	26.644	30.839	11.413	4.441	1.771	0.805	0.392	0.103	0.076	0.044
1987	11.002	62.130	27.192	15.127	15.695	4.159	1.463	0.592	0.253	0.142	0.046	0.058
1988	6.713	39.323	55.895	18.663	6.399	5.877	1.345	0.455	0.305	0.157	0.114	0.025
1989	2.605	27.983	50.059	31.455	6.010	1.915	0.881	0.225	0.107	0.086	0.038	0.005
1990	5.785	12.313	27.179	44.534	17.037	2.573	0.609	0.322	0.118	0.050	0.015	0.020
1991	8.554	25.131	15.491	21.514	25.038	6.364	0.903	0.243	0.125	0.063	0.011	0.012
1992	12.217	21.708	26.524	11.413	10.073	8.304	2.006	0.257	0.046	0.032	0.009	0.008
1993	20.500	33.078	15.195	13.281	3.583	2.785	2.707	1.181	0.180	0.034	0.011	0.013
1994	6.160	24.142	19.666	6.968	4.393	1.257	0.599	0.508	0.283	0.049	0.018	0.006
1995	10.770	9.103	16.829	13.066	4.115	1.596	0.313	0.184	0.156	0.141	0.029	0.008
1996	5.356	14.886	7.372	12.307	9.429	2.157	0.837	0.208	0.076	0.065	0.055	0.005
1997	1.722	16.442	17.298	6.711	7.379	5.958	1.147	0.493	0.126	0.028	0.037	0.021
1998	3.458	7.707	25.394	20.167	5.893	3.856	2.951	0.500	0.196	0.055	0.033	0.013
1999	2.525	19.554	15.226	24.622	12.966	2.795	1.489	0.748	0.140	0.046	0.010	0.005
2000	10.493	6.581	29.080	11.227	11.390	5.714	1.104	0.567	0.314	0.074	0.022	0.006
2001	11.338	25.040	9.311	19.471	5.620	3.929	2.017	0.452	0.202	0.118	0.013	0.009
2002	5.934	18.482	24.297	6.874	8.943	2.227	1.353	0.689	0.123	0.040	0.041	0.002
2003	3.950	16.160	21.874	18.145	5.063	4.419	1.124	0.401	0.172	0.034	0.020	0.015
2004	1.778	19.184	25.003	17.384	9.926	2.734	2.023	0.481	0.126	0.062	0.014	0.005
2005	5.102	5.125	26.749	16.980	8.339	4.682	1.292	0.913	0.203	0.089	0.025	0.002
2006	3.258	12.884	8.438	22.041	10.418	4.523	2.194	0.497	0.336	0.067	0.027	0.002
2007	2.074	11.961	15.948	8.280	9.593	5.428	2.205	1.229	0.366	0.198	0.053	0.010
2008	2.616	4.850	12.585	11.973	5.238	4.582	2.040	0.831	0.308	0.053	0.037	0.004
2009	3.660	8.150	9.480	17.330	10.060	3.910	2.290	0.770	0.310	0.090	0.020	0.010
2010	3.174	7.219	9.385	8.692	10.695	5.588	1.599	1.095	0.337	0.197	0.071	0.016
2011	4.780	7.257	9.284	10.735	6.032	6.152	2.361	0.666	0.459	0.151	0.041	0.010
2012	3.839	10.010	10.400	9.435	8.866	4.834	3.206	1.269	0.369	0.218	0.101	0.030
2013	5.141	12.299	14.846	11.212	7.358	5.643	2.688	1.930	0.675	0.289	0.156	0.052
2014	5.263	7.371	13.304	12.984	8.831	4.829	3.112	1.570	1.027	0.360	0.100	0.089

TAFLA 3.1.3
Þorskur. Meðalþyngd eftir aldri (g) í afla.
Cod. Weight at age (g) from commercial catches.

Ár Year	Aldur Age											
	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
1955	827	1307	2157	3617	4638	5657	6635	6168	8746	8829	10086	14584
1956	1080	1600	2190	3280	4650	5630	6180	6970	6830	9290	10965	12954
1957	1140	1710	2520	3200	4560	5960	7170	7260	8300	8290	10350	13174
1958	1210	1810	3120	4510	5000	5940	6640	8290	8510	8840	9360	13097
1959	1110	1950	2930	4520	5520	6170	6610	7130	8510	8670	9980	11276
1960	1060	1720	2920	4640	5660	6550	6910	7140	7970	10240	10100	12871
1961	1020	1670	2700	4330	5530	6310	6930	7310	7500	8510	9840	14550
1962	990	1610	2610	3900	5720	6660	6750	7060	7540	8280	10900	12826
1963	1250	1650	2640	3800	5110	6920	7840	7610	8230	9100	9920	11553
1964	1210	1750	2640	4020	5450	6460	8000	9940	9210	10940	12670	15900
1965	1020	1530	2570	4090	5410	6400	7120	8600	12310	10460	10190	17220
1966	1170	1680	2590	4180	5730	6900	7830	8580	9090	14230	14090	17924
1967	1120	1820	2660	4067	5560	7790	7840	8430	9090	10090	14240	16412
1968	1170	1590	2680	3930	5040	5910	7510	8480	10750	11580	14640	16011
1969	1100	1810	2480	3770	5040	5860	7000	8350	8720	10080	11430	13144
1970	990	1450	2440	3770	4860	5590	6260	8370	10490	12310	14590	21777
1971	1090	1570	2310	2980	4930	5150	5580	6300	8530	11240	14740	17130
1972	980	1460	2210	3250	4330	5610	6040	6100	6870	8950	11720	16000
1973	1030	1420	2470	3600	4900	6110	6670	6750	7430	7950	10170	17000
1974	1050	1710	2430	3820	5240	6660	7150	7760	8190	9780	12380	14700
1975	1100	1770	2780	3760	5450	6690	7570	8580	8810	9780	10090	11000
1976	1350	1780	2650	4100	5070	6730	8250	9610	11540	11430	14060	16180
1977	1259	1911	2856	4069	5777	6636	7685	9730	11703	14394	17456	24116
1978	1289	1833	2929	3955	5726	6806	9041	10865	13068	11982	19062	21284
1979	1408	1956	2642	3999	5548	6754	8299	9312	13130	13418	13540	20072
1980	1392	1862	2733	3768	5259	6981	8037	10731	12301	17281	14893	19069
1981	1180	1651	2260	3293	4483	5821	7739	9422	11374	12784	12514	19069
1982	1006	1550	2246	3104	4258	5386	6682	9141	11963	14226	17287	16590
1983	1095	1599	2275	3021	4096	5481	7049	8128	11009	13972	15882	18498
1984	1288	1725	2596	3581	4371	5798	7456	9851	11052	14338	15273	16660
1985	1407	1971	2576	3650	4976	6372	8207	10320	12197	14683	16175	19050
1986	1459	1961	2844	3593	4635	6155	7503	9084	10356	15283	14540	15017
1987	1316	1956	2686	3894	4716	6257	7368	9243	10697	10622	15894	12592
1988	1438	1805	2576	3519	4930	6001	7144	8822	9977	11732	14156	13042
1989	1186	1813	2590	3915	5210	6892	8035	9831	11986	10003	12611	16045
1990	1290	1704	2383	3034	4624	6521	8888	10592	10993	14570	15732	17290
1991	1309	1899	2475	3159	3792	5680	7242	9804	9754	14344	14172	20200
1992	1289	1768	2469	3292	4394	5582	6830	8127	12679	13410	15715	11267
1993	1392	1887	2772	3762	4930	6054	7450	8641	10901	12517	14742	16874
1994	1443	2063	2562	3659	5117	6262	7719	8896	10847	12874	14742	17470
1995	1348	1959	2920	3625	5176	6416	7916	10273	11022	11407	13098	15182
1996	1457	1930	3132	4141	4922	6009	7406	9772	10539	13503	13689	16194
1997	1484	1877	2878	4028	5402	6386	7344	8537	10797	11533	10428	12788
1998	1230	1750	2458	3559	5213	7737	7837	9304	10759	14903	16651	18666
1999	1241	1716	2426	3443	4720	6352	8730	9946	11088	12535	14995	15151
2000	1308	1782	2330	3252	4690	5894	7809	9203	10240	11172	13172	17442
2001	1499	2050	2649	3413	4766	6508	7520	9055	8769	9526	11210	13874
2002	1294	1926	2656	3680	4720	6369	7808	9002	10422	13402	9008	16893
2003	1265	1790	2424	3505	4455	5037	5980	7819	8802	10712	12152	13797
2004	1257	1771	2323	3312	4269	5394	5872	7397	10808	11569	13767	12955
2005	1194	1712	2374	3435	4392	5201	6200	5495	7211	9909	12944	18151
2006	1070	1614	2185	3052	4347	5177	5382	5769	6258	5688	7301	15412
2007	1083	1556	2144	2754	3920	5255	6272	6481	7142	6530	9724	10143
2008	1162	1627	2318	3120	3846	5367	6771	7648	8282	11181	14266	17320
2009	1109	1680	2204	3206	4098	4884	6744	8505	10126	12108	12471	15264
2010	1131	1769	2334	3161	4422	5498	6552	7945	8913	10090	10417	13489
2011	1163	1795	2615	3471	4469	5850	6742	7850	8810	9797	13534	13033
2012	1256	1667	2448	3728	4713	5894	7616	8358	9543	10916	10884	11758
2013	1245	1721	2477	3557	4930	6161	7517	8412	9332	9923	11194	12687
2014	1222	1790	2535	3431	4565	6043	7544	9178	9713	10513	11437	12979
2015 ¹⁾	1421	1814	2757	3542	4673	6039	8145	9187	9722	10523	11448	12992

¹⁾ Áætlað. *Estimated.*

TAFLA 3.1.4

Þorskur. Meðalþyngd eftir aldri (g) í hrygningarstofni. Mat á meðalþyngd kynþroska þorsks 4–7 ára er byggt á stofnmælingu botnfiska í mars en fyrir 8 ára og eldri er stuðst við gögn úr afla.

Cod. Weight at age (g) in the spawning stock. The estimate for ages 4–7 is based on data from the groundfish survey in March, but age 8 and older are based on commercial catch data.

Ár Year	Aldur Age										
	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
1955	1 019	1 833	3 183	4 128	5 657	6 635	6 168	8 746	8 829	10 086	14 584
1956	1 248	1 862	2 886	4 138	5 630	6 180	6 970	6 830	9 290	10 965	12 954
1957	1 334	2 142	2 816	4 058	5 960	7 170	7 260	8 300	8 290	10 350	13 174
1958	1 412	2 652	3 969	4 450	5 940	6 640	8 290	8 510	8 840	9 360	13 097
1959	1 521	2 490	3 978	4 913	6 170	6 610	7 130	8 510	8 670	9 980	11 276
1960	1 342	2 482	4 083	5 037	6 550	6 910	7 140	7 970	10 240	10 100	12 871
1961	1 303	2 295	3 810	4 922	6 310	6 930	7 310	7 50	8 510	9 840	14 550
1962	1 256	2 218	3 432	5 091	6 660	6 750	7 060	7 540	8 280	10 900	12 826
1963	1 287	2 244	3 344	4 548	6 920	7 840	7 610	8 230	9 100	9 920	11 553
1964	1 365	2 244	3 538	4 850	6 460	8 000	9 940	9 210	10 940	12 670	15 900
1965	1 193	2 184	3 599	4 815	6 400	7 120	8 600	12 310	10 460	10 190	17 220
1966	1 310	2 202	3 678	5 100	6 900	7 830	8 580	9 090	14 230	14 090	17 924
1967	1 420	2 261	3 579	4 948	7 790	7 840	8 430	9 090	10 090	14 240	16 412
1968	1 240	2 278	3 458	4 486	5 910	7 510	8 480	10 750	11 580	14 640	16 011
1969	1 412	2 108	3 318	4 486	5 860	7 000	8 350	8 720	10 080	11 430	13 144
1970	1 131	2 074	3 318	4 325	5 590	6 260	8 370	10 490	12 310	14 590	21 777
1971	1 225	1 964	2 622	4 388	5 150	5 580	6 300	8 530	11 240	14 740	17 130
1972	1 139	1 878	2 860	3 854	5 610	6 040	6 100	6 870	8 950	11 720	16 000
1973	1 108	2 100	3 168	4 361	6 110	6 670	6 750	7 430	7 950	10 170	17 000
1974	1 334	2 066	3 362	4 664	6 660	7 150	7 760	8 190	9 780	12 380	14 700
1975	1 381	2 363	3 309	4 850	6 690	7 570	8 580	8 810	9 780	10 090	11 000
1976	1 388	2 252	3 608	4 512	6 730	8 250	9 610	11 540	11 430	14 060	16 180
1977	1 491	2 428	3 581	5 142	6 636	7 685	9 730	11 703	14 394	17 456	24 116
1978	1 430	2 490	3 480	5 096	6 806	9 041	10 865	13 068	11 982	19 062	21 284
1979	1 526	2 246	3 519	4 938	6 754	8 299	9 312	13 130	13 418	13 540	20 072
1980	1 452	2 323	3 316	4 681	6 981	8 037	10 731	12 301	17 281	14 893	19 069
1981	1 288	1 921	2 898	3 990	5 821	7 739	9 422	11 374	12 784	12 514	19 069
1982	1 209	1 909	2 732	3 790	5 386	6 682	9 141	11 963	14 226	17 287	16 590
1983	1 247	1 934	2 658	3 645	5 481	7 049	8 128	11 009	13 972	15 882	18 498
1984	1 346	2 207	3 151	3 890	5 798	7 456	9 851	11 052	14 338	15 273	16 660
1985	1 382	1 752	2 710	3 443	4 675	7 220	10 320	12 197	14 683	16 175	19 050
1986	1 604	2 892	3 234	4 572	5 805	7 247	9 084	10 356	15 283	14 540	15 017
1987	1 589	2 426	3 516	4 879	6 459	7 656	9 243	10 697	10 622	15 894	12 592
1988	1 480	2 263	3 273	4 387	4 566	8 275	8 822	9 977	11 732	14 156	13 042
1989	1 501	2 346	3 428	4 676	7 388	8 506	9 831	11 986	10 003	12 611	16 045
1990	1 043	2 179	2 809	4 421	6 359	9 230	10 592	10 993	14 570	15 732	17 290
1991	1 286	2 042	2 752	3 404	6 091	9 152	9 804	9 754	14 344	14 172	20 200
1992	1 344	2 096	3 029	3 755	5 143	7 562	8 127	12 679	13 410	15 715	11 267
1993	1 363	2 309	3 236	4 111	5 710	6 352	8 641	10 901	12 517	14 742	16 874
1994	1 728	2 253	3 341	4 515	6 535	10 039	8 896	10 847	12 874	14 742	17 470
1995	1 636	2 346	3 186	4 488	5 528	8 620	10 273	11 022	11 407	13 098	15 182
1996	1 754	2 491	3 534	4 254	5 634	8 300	9 772	10 539	13 503	13 689	16 193
1997	1 347	2 267	3 746	5 426	5 972	6 958	8 537	10 797	11 533	10 428	12 788
1998	1 821	2 261	3 263	4 468	5 784	6 812	9 304	10 759	14 903	16 651	18 666
1999	1 467	1 933	2 997	3 961	5 120	6 494	9 946	11 088	12 535	14 995	15 151
2000	1 355	1 916	2 881	4 318	5 580	8 497	9 203	10 240	11 172	13 172	17 442
2001	1 583	2 108	2 700	4 086	6 202	6 907	9 055	8 769	9 526	11 210	13 874
2002	1 590	2 259	3 120	3 985	5 958	9 234	9 002	10 422	13 402	9 008	16 893
2003	1 324	2 239	3 052	4 231	5 057	6 838	7 819	8 802	10 712	12 152	13 797
2004	1 430	2 099	3 049	3 743	5 319	5 682	7 397	10 808	11 569	13 767	12 955
2005	1 120	1 898	2 962	3 875	4 806	7 281	5 495	7 211	9 909	12 944	18 151
2006	1 384	1 999	2 907	4 384	5 122	6 536	5 769	6 258	5 688	7 301	15 412
2007	1 264	2 022	2 582	4 081	5 725	6 736	6 481	7 142	6 530	9 724	10 143
2008	1 842	2 232	2 925	3 915	5 462	7 075	7 648	8 282	11 181	14 266	17 320
2009	1 441	2 028	2 873	3 913	4 919	7 046	8 505	10 126	12 108	12 471	15 264
2010	1 588	2 153	3 131	4 173	5 197	6 356	7 945	8 913	10 090	10 417	13 489
2011	2 377	2 651	3 203	4 517	6 000	6 866	7 850	8 810	9 797	13 534	13 033
2012	1 698	2 594	3 683	4 483	5 921	7 988	8 358	9 543	10 916	10 884	11 758
2013	2 282	2 983	3 827	5 206	6 543	8 298	8 415	9 336	9 926	11 195	12 691
2014	1 333	2 539	3 307	4 460	6 424	8 225	8 413	9 713	10 513	11 437	12 979
2015 ¹⁾	1 047	3 311	3 833	4 902	6 240	8 728	9 705	9 722	10 523	11 448	12 992

¹⁾ Áætlað. Estimated.

TAFLA 3.1.5
Þorskur. Hlutfall kynþroska eftir aldri í stofnmælingu botnfiska í mars.
Cod. Maturity at age in the groundfish survey in March.

Ár Year	Aldur Age											
	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
1985	0.00	0.02	0.18	0.41	0.50	0.74	0.57	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
1986	0.00	0.02	0.15	0.40	0.68	0.73	0.94	0.96	0.99	1.00	1.00	1.00
1987	0.00	0.03	0.09	0.36	0.49	0.88	0.78	1.00	0.98	1.00	1.00	1.00
1988	0.01	0.03	0.22	0.51	0.45	0.68	0.94	0.95	0.97	0.82	1.00	1.00
1989	0.01	0.02	0.14	0.37	0.64	0.65	0.63	0.99	1.00	0.90	0.86	1.00
1990	0.01	0.01	0.16	0.44	0.58	0.80	0.81	0.99	1.00	1.00	1.00	1.00
1991	0.00	0.06	0.15	0.37	0.64	0.79	0.68	0.84	1.00	1.00	1.00	1.00
1992	0.00	0.06	0.26	0.40	0.81	0.92	0.89	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
1993	0.01	0.08	0.27	0.46	0.69	0.80	0.84	0.97	1.00	1.00	1.00	1.00
1994	0.01	0.11	0.34	0.59	0.70	0.92	0.70	0.85	0.98	1.00	1.00	1.00
1995	0.00	0.11	0.38	0.53	0.75	0.79	0.86	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
1996	0.00	0.03	0.19	0.50	0.65	0.73	0.81	1.00	1.00	0.99	0.97	1.00
1997	0.01	0.04	0.25	0.42	0.68	0.79	0.80	0.93	1.00	0.91	1.00	1.00
1998	0.00	0.06	0.21	0.49	0.78	0.81	0.81	0.92	1.00	1.00	1.00	1.00
1999	0.01	0.04	0.24	0.52	0.65	0.84	0.69	0.99	1.00	1.00	1.00	1.00
2000	0.00	0.06	0.25	0.51	0.61	0.87	1.00	0.98	1.00	1.00	1.00	1.00
2001	0.00	0.04	0.26	0.59	0.75	0.74	0.86	0.99	1.00	1.00	1.00	1.00
2002	0.01	0.09	0.32	0.66	0.76	0.92	0.55	0.98	1.00	1.00	1.00	1.00
2003	0.00	0.05	0.22	0.52	0.87	0.80	0.86	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00
